

BYÐU ÖSSURI MEÐ Í ÚTILEGU

Sigurlaug M. Jónasdóttir og Sigmar B. Hauksson settust á rökstóla



10

AÐ LIFA KREPPUNA AF

Tilboðsmatur, afgangar og salat úr garði nágrannans. Hagsýnir ráðgjafar gefa sparnaðarráð.



14

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júlí 2008 – 182. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

GEGN GUÐI OG GÓÐU SIÐFERÐI

Aldarfjórðungur er liðinn síðan Úlfar Þormóðsson, útgefandi Spegilsins, var dæmdur fyrir guðlast og klám.

HELGAREFNI 16



ENDURREISN STÓRVELDIS


Uppgangur rússneska fótboltans og hvernig valdhafar nýta íþróttir sér í hag.

HELGIN 12



FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



BJART MEÐ KÖFLUM í dag verður hægviðri eða hafgola. Bjart með köflum og hætt við þokulofti með ströndum, einkum norðan og austan til. Hití 12-22 stig, hlýjast til landsins vestan til.

VEÐUR 4

ÞU ER KATT Í HÖLLINI

RISA

MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINI

DVD MYNDIR - DVD TÓNLIST
TÓNLIST - TÖLVULEIKIR

Þúsundir titla í boði á ótrúlegum verðum

OPÍÐ 11 - 19
ALLA DAGA VIKUNNAR

Paul biðst vægðar fyrir litla barnið sitt

Paul Ramses er vonlítill um að ítölsk yfirvöld taki við honum. Hann biður þess að kona hans og fimm vikna gamalt barn verði ekki send til Kenía líka. „Ansi kaldranalegt að sparka nýfæddum börnum úr landi,“ segir formaður Vinstri grænna.

FLÓTTAMENN „Ef þeir senda mig til Kenía bið ég um að einhver sjái um konuna mína og litla barnið mitt. Ég get ekki til þess hugsað að það verði fátækur betlari á götunum, ef ég verð drepinn. Ég get ekki beðið um neitt mikilvægara en þetta,“ segir Paul Ramses flóttamaður.

Paul dvelst nú í Sentrone-búðunum fyrir utan Róm og er vondaufur um að Ítalir taki við honum, fyrst að „ríkt land eins og Ísland vildi ekki gera það“.

Í samtali við Fréttablaðið segist hann biðja fyrir íslenskum stjórnvöldum, sem hafi ef til vill sent hann í opinn dauðann. Á Íslandi séu

sönnunargögn sem sýni að hann sé á „dauðalista“ í heimalandinu.

„Og við erum þá samábyrg ef hann verður myrtur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. „Við gætum tekið upp símann og fengið hann til baka á morgun. Ítalir myndu fagna því. Tilfinningalega kemur það líka við hjartað að sonur hans hafi fæðst á Íslandi. Mér finnst hann verða svolítill Íslendingur við það. Það er ansi kaldranalegt ef við ætlum að fara að sparka nýfæddum börnum úr landi,“ segir hann.

Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, hefur ekki tekið

afstöðu til þess hvort mál hælisleitenda verði tekin fyrir í nefndinni, en Steingrímur hefur farið fram á að nefndin skoði mál Pauls. Birgir útilokar þetta ekki. „En nefndin hefur ekki úrskurðarhlutverk um málefni einstaklinga eins og í þessu tilfelli,“ segir Birgir.

Spurður álits á framkvæmd þessara mála, í ljósi þess að hælisleitendur eru iðulega sendir til Evrópu á grundvelli Dyflinnar-samnings, segir Birgir: „Við höfum framfylgt samningnum með þessum hætti og ég held að það hafi ekki valdið neinum sérstökum vandræðum fyrir okkur.“

- köp/ sjá síðu 6



SIGURHRINGURINN FH-ingar sigruðu í 43. bikarkeppni FRI sem lauk á Kópavogsvelli í gær en þetta var fimmtánda árið í röð sem Hafnarfjarðarliðið vinnur keppnina. Liðið sigraði í bæði karla- og kvennaflokki og fyrirliðarnir Silja Úlfarsdóttir og Björgvin Víkingsson hlupa hér fremst í flokki með sigurlaunin. Sjá síðu 26

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Gengi íslensku krónunnar mun hagstæðara fyrir erlenda ferðamenn en í fyrra:

Sala á þrjónavörum rýkur upp

VIÐSKIPTI „Gengi íslensku krónunnar er hagstætt fyrir útlendinga og við finnum fyrir því,“ segir Sandra Jóhannsdóttir, starfsmaður í Víkurþrójóni í Vík í Mýrdal.

Sandra segir að salan hafi aukist mjög hjá fyrirtækinu milli ára. Aukningin nemi líklega þrjátíu til fjörutíu prósentum.

„Það er mjög mikill munur á gengi krónunnar nú og í fyrra og við heyrum minna um að útlendingarnir kveinki sér yfir verðlaginu á Íslandi,“ segir Sandra.



FÍNAR ÞRJÓNAVÖRUR Erlendir ferðamenn skoða vöruúrvalið hjá Rammagerðinni.

FÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við höfum orðið vör við lítills háttar söluaukningu milli ára,“

segir Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Rammagerðinni.

Bryndís segir meira keypt af litlum minjagripum og minna af dýrari varningi í ár en áður. „Við höfum fengið færri stóra kaupendur nú en oft áður,“ segir Bryndís.

Bryndís segir að þrátt fyrir að gengið sé hagstætt fyrir erlenda ferðamenn í ár vegi verðhækkningar þar upp á móti og minnki áhrif gengisbreytinganna.

- ht



SIGURÐUR ÁRVAKSSON Mótsstjóri er ánægður með landsmótið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsmót hestamanna:

Heimsmet ekki slegið í skeiði

HESTAR Ekki náðist að slá heimsmetið í 100 metra skeiði á Landsmóti hestamanna í gær, líkt og stefnt var að. Landsmóttinu lýkur í dag þegar úrslit verða ljós í öllum keppnisgreinum.

„Það hefur allt gengið upp þrátt fyrir vitlaust veður um tíma,“ segir Sigurður Árvaksson mótsstjóri. Hingað hafa komið um 12-15 þúsund manns og fólk er enn að drífa að.“

Sigurður er ánægður með hvernig til hefur tekist með landsmótið og segir tímaáætlanir hafa staðist. „Veðrið er mjög gott núna og hér eru frábærir hestar að keppa. Við erum ánægð með mótið og fáum ekkert nema góð viðbrögð frá fólki.“

- rat

Sigldi á afli sjávaraldna:

Veðrið var of gott til siglinga

TOKYO, AP Japanskur ævintýramaður, Kenichi Horie, sigldi um 7.800 kílómetra leið milli Honolulu á Hawaii og Wakayama í Vestur-Japan á snekkju, knúinni af afli frá sjávaröldunum. Kenichi Horie kom í land í fyrradag en ferðin hófst í mars. Ástæðuna fyrir því hversu ferðin gekk seint segir Horie vera þá að veðrið hafi verið gott og sjórinn lygn.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hinn 69 ára gamli Horie siglir á náttúruvænu afli en árið 1992 fór hann á fótstignum báti milli Hawaii og Japan til að vekja athygli á vistvænum ferðakostum.

- rat

Útsala



úllen dúllen doff!

Opið 13-18

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Ragnar, hjálpuðu sveppirnir við listsköpunina?

„Auðvitað. Flúðasveppir koma öllum í rétt hugarástand.“

Ragnar Kristinn Kristjánsson, sem oft er kenndur við svepparæktina á Flúðum, hefur gefið út hljómplötu.

Bifreiðin fór inn í búðina:

Ók á bensínstöð og stakk af

LÖGREGLUMÁL Maður grunaður um ölvun ók inn í N1-bensínstöðina á Ártúnshöfða um fimmeittíð í nótt.

Ad sögn sjónarvotta hafði maðurinn fyrst komið í búðina og verslað, því næst farið út í bíl og ekið inn í verslunina. Guðrún Ósk Gísladóttir, stöðvarstjóri N1 á Ártúnshöfða, segir að „búið sé að bjarga því sem þarf“ í versluninni.

Stór rúða brotnaði þegar bifreiðin fór inn í búðina en þar staðnæmdu hún á burðarsúlu. Þegar öryggisvörður ætlaði að ná tali af bílstjóranum ók hann á brott. Ökuþórin náðist skömmu síðar og var handtekinn. - hþj



ÍRSKIR DAGAR Erill er hjá lögreglu á Akranesi þessa helgina. MYND/SKESSUHORN

Írskir dagar á Akranesi:

Stöndum vaktina galvaskir

AKRANES Írskir dagar á Akranesi ganga mjög vel að sögn Helga Péturs Ottesen lögregluvarðstjóra.

Það sem af er hátíðinni hefur lögregla haft afskipti af tveimur líkamsárásum, fimm vegna fíkniefnaaksturs, tveimur vegna ölvunaraksturs og sex öðrum fíkniefnamálum.

Helgi segir mikinn erill vera hjá lögreglu til þess að hátíðin geti gengið vel og að drukknum ungmönnum sé miskunnarlaus skilað til foreldra sinna. „Skipulagning er til fyrirmyndar og sömuleiðis gestirnir hér á Akranesi.“ Lögreglan er þó við öllu viðbúin segir Helgi. „Við stöndum vaktina galvaskir.“ - hþj

Skemmdarverk á vaxmynd:

Höfuðið rífið af Adolf Hitler

BERLÍN Maður á fimmtugsaldri var handtekinn í gær fyrir að rífa höfuðið af vaxmynd af Adolf Hitler. Atvikið átti sér stað nokkrum klukkustundum eftir að nýtt



VAXMYND AF HITLER

útibú vaxmyndasafnsins Madame Tussauds opnaði í Berlín.

Eins og fram kom á fréttavef breska ríkisútvarpsins höfðu deilur strax skapast þegar ljóst var að vaxmynd af Hitler yrði hluti af sýningunni. Sýningarhaldarar segjast hins vegar ekki geta sýnt sögu Þýskalands án þess að Hitler komi þar við sögu, þeir vilji sýna almenningi raunveruleikann. - rat

Þúsundir mótmælenda safnast saman í Japan til að mótmæla fundi G8-ríkja:

Leiðtogafundinum mótmælt

WASHINGTON, AP Nokkr þúsund manns söfnuðust saman í borginni Sapporo í norðurhluta Japans í gær til að mótmæla fyrrihuguðum G8-ríkjanna svokölluðu. Fundurinn hefst á morgun í bænum Toyako, um sjöttíu kílómetra frá Sapporo, og mun standa í þrjá daga.

Mótmælendurnir eru hvort tveggja aðkomufólk og innlendir bændur, áhyggjufullir yfir hækkandi matvælavæði og loftslagsbreytingum.

Nokkrir mótmælendur voru handteknir eftir átök við lögreglu. Meðal þeirra handteknu

var myndatökumaður Reuters-fréttastofunnar. Einn hefur slasast í átökunum. Þá hafa tugir manna verið handteknir við komuna til landsins, grunaðir um að hafa komið gagnert til að mótmæla fundinum.

G8 er samráðsvettvangur átta helstu iðnríkja heims. Þau eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Japan, Þýskaland, Rússland, Ítalía og Kanada.

Loftslags- og efnahagsmál verða í brennidepli á fundinum, sem talinn er munu bera þess augljós merki að hann verði sá síðasti með þátttöku George W. Bush Bandaríkjaforseta. - sh



HER MEÐ HÖFUÐ Mótmælendurnir veifuðu meðal annars skopmyndum af leiðtogunum átta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brann ofan af fjölskyldu í sumarleyfi

Sex manna íslensk fjölskylda í Noregi er heimilislaus eftir að brann ofan af henni. Fjölskyldan var nýfarin í sumarleyfi á seglbát þegar nágranni tilkynnti að húsið væri að brenna. Nágrannarnir björguðu því sem hægt var að bjarga.

NOREGUR Sex manna íslensk fjölskylda, sem búið hefur í fimm ár í Drammen í Noregi, var nýfarin í sumarleyfi og hafði siglt til Svíþjóðar á seglbátnum sínum þegar síminn hringdi. Heimilisfaðirinn stóð við stýrið og komst ekki í símann en þegar hringt var aftur skömmu síðar fór eiginkonan að skoða símann sinn og sá að nágranninn hafði hringt tólf sinnum. Þegar hún hringdi í hann til baka kom í ljós að húsið þeirra var að brenna.

„Þetta var ósköp einfalt. Við lögðum af stað á sunnudaginn og vorum komin til Svíþjóðar og ætl-uðum að vera þar í sumarfríi. Við vorum á bátnum okkar á þriðjudaginn var þegar það var hringt og við fengum upplýsingar um að kviknað hefði í húsinu um hádegisbilið og að húsið væri að brenna. Við snerum við sama kvöld og vorum komin heim daginn eftir. Húsið er ónýtt, held ég,“ segir Ari Konráðsson, læknir í Drammen.

Talið er að kviknað hafi í grillkoka úti í garðinum en ekki er vitað hver eldsupptökin voru. „Það var allavega ekki út frá rafmagni. Það var rafmagn í kofanum en það er búið að útiloka að það hafi kviknað í út frá því. Mögulega er þetta íkveikja en það veit enginn,“ segir hann.

Eiginkona Ara er Þóra Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og eiga þau fjögur börn. Hann segir að þeim hafi öllum dauðbrugðið við að fá fréttirnar. „Við sigldum aðeins lengra, fórum svo í land og í sund og svo á netið og sáum þá að það var komin myndaséria á netið og vídeó. Nágrannarnir björguðu því sem hægt var úr brunanum.



SKOÐA SKEMMDIRNAR „Húsið er ónýtt, held ég,“ segir Ari Konráðsson, læknir í Drammen, sem hér sést skoða húsið með börnunum sínum. MYND/TÖRE SANDBERG, DRAMMENS TIDENDE



Í ÖNYTU HÚSI Ari Konráðsson og Þóra Guðmundsdóttir ásamt börnunum fjórum; Helenu, 13 ára, Agnesi, 11 ára, Síf, 5 ára, og Arnari, 3 ára. MYND/TÖRE SANDBERG

Við sáum þetta allt á netinu og það var hálfskritið. En það var betra að

vera í frí en að vera heima,“ segir hann.

Ari bendir á að ekki hefði verið gaman fyrir krakkana að sjá 50-60 manna slökkvilið á fullu að slökkva eldinn. „Þeir réðu svo lítið við hann. Þetta er timburhús og þeir voru tvo eða þrjú tíma að slökkva. Þeir notuðu mörg þúsund lítra af vatni og allt húsið er gegnsósa. Bruninn sem slíkur var ekki svo rosalega stór, þetta voru aðallega vatnsskemmdirnar.“

Ljóst er að fjölskyldan kemst ekki heim aftur í brád og því leita þau sér að nýju húsnæði. Þau hafa búið síðustu daga hjá nágranna. ghs@frettabladid.is

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fær ekki aukafjárveitingar fyrir lokun læknavaktar:

Ekki leiðrétt fyrr en á fjárukalögum

HEILBRIGÐISMÁL Ekki mun koma til aukafjárveitinga til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja nema kveðið verði á um það í fjárukalögum í haust. Þetta segir Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar Alþingis. Stofnunin hefur tilkynnt að hún þurfi að skera niður þjónustu sína frá og með 16. júlí næstkomandi vegna fjárskorts.

„Ég geri bara ráð fyrir að Heilbrigðisstofnunin sé að vekja athygli á stöðu sinni núna vegna þess að það er vitað að fjárukalög eru í undirbúningi,“ segir Ásta. „Það er alltaf þannig að heilbrigðisstofnanir þurfa að draga úr þjónustu sinni yfir sumarið, meðal annars vegna manneklu. Það er síðan hværrar stofnunar fyrir sig að ákveða það hvernig verkefnunum er þá forgangsraðað.“

Forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja segja stofnunina fá mjög lágar fjárveitingar í samanburði við heilbrigðisstofnanir annars staðar á landinu. „Ég þekki ekki þá útreikninga sem liggja þar að baki en þetta er ekki endilega sambærilegt,“ segir Ásta. Hún tekur þó undir það að fólki hafi fjölgað á þjónustusvæði stofnunarinnar og segir að tekið verði tillit til þess við framtíðarfjárveitingar.



HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA Loka þarf læknavakt 16. júlí vegna fjárskorts. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, segir málið ekki hafa komið inn á borð nefndarinnar í sumar. - sh

Innbrot og slys á Akureyri:

Erilsamur dagur hjá lögreglu

LÖGREGLUMÁL Mikill erill var hjá Lögreglunni á Akureyri í gærkvöldi. Margt fólk er í bænum og sjást þess merki á tjaldstæðunum á Hömrum og við Þórannarstræti.

Tilkynnt var um innbrot í tvö hús í bænum en eftir eftirgrenslnan náðust þjófarnir.

Þá varð bruni við Hamra þar sem kviknaði í út frá þurrkara.

Umferðarslys varð rétt innan við skautahöllina og var kona flutt á Fjórðungssjúkrahúsið. Að auki valt bíll á Grenivíkurfleggjara, ekki var vitað um afdrif farþega seint í gærkvöldi. - hþj

Orðsending seld á uppboði:

Drottningar-móðir vildi gin

BRETLAND Handskrifuð skilaboð drottningarmóðurinnar seldust á 16.000 pund á

uppboði í gær, eða um tvær og hálf milljón íslenskra króna. Í skilaboðunum skrifar hún: „Ég held ég taki tvær flöskur af Dubonnet og gini með mér í dag, ef á þyrfti að halda.“



ELISABET DROTTNINGARMÓÐIR

Skilaboðin fundust í dánarbúi Williams Tallon, bryta sem þjónaði konungsfjölskyldunni í 52 ár. Hann var í sérstöku uppáhaldi hjá drottningarmóðurinni og talaði aldrei opinberlega um konungsfjölskylduna. Uppboðshaldarar töldu í gær að bréf og ljósmyndir úr safni Tallons hefðu selst fyrir um 500.000 pund, eða tæplega 77 milljónir íslenskra króna. - rat

Landsmót hestamanna:

Fóru á gúmmibát út í Rangá

LÖGREGLA Landsmót hestamanna fer vel fram að sögn lögreglunnar á Hvossvelli. Þó hafa nokkur afskipti verið af fólki. Aðfaranótt laugardags komu upp tvær minni háttar líkamsárásir og þrjú fíkniefnamál. Sex voru teknir fyrir fíkniefnaakstur og fjórir fyrir ölvunarakstur.

Nokkrar boðflennur reyndu að smygla sér inn á mótið á gúmmibát yfir Rangá en mótsgeflan tók við þeim þegar þeir komu upp á árbakkann. Tíu voru teknir með fíkniefni við vegaeftirlit og á tveimur dögum voru yfir 50 manns teknir fyrir hraðakstur. - hþj

LÖGREGLUFRETTIR

Róleg þjóðlagahátíð

Þjóðlagahátíð á Siglufirði fer fram um helgina og er að sögn lögreglu rólegt og gott andrúmsloft í bænum.

Goslokahátíð í Eyjum

Goslokahátíð gengur mjög vel. Þar eru 4-5.000 gestir í blíðskaparveðri. Tíðindalítið er í bænum samkvæmt lögreglu.

Fjölskyldustemning á Höfn

Humarhátíð á Höfn í Hornafirði gengur ljómandi vel. Lögreglan á Höfn segir fjölskyldustemningu yfir bænum og að flestir gestanna tjaldi í gördum vana og ættingja.

Brottflyttir Vestfirðingar snúa aftur heim

Í Bolungarvík var markaðsdagur í gær og á Þingeyri var Dýradögum í Dýrafirði fagnað. Mikíð er af fólki fyrir vestan og þá sérstaklega brottflyttum Vestfirðingum sem að sögn lögreglu skemmta sér vel í góðu veðri.

Þéttskipuð tjaldstæði

Tjaldstæðin á Snæfellsnesi eru þéttskipuð að sögn lögreglunnar í Ólafsvík en þar fer fram landsmót Snigla. Hið sama gildir um Stykkishólm en þar er margt á tjaldstæðinu og róleg stemning.

:-) framan í heiminn



ISLENSKA SÍÐIS TÖV 48276 06/08

Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| GJALDMÍÐLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 77,1 | 77,46 |
| Sterlingspund | 152,87 | 153,61 |
| Evra | 120,89 | 121,57 |
| Dönsk króna | 16,21 | 16,304 |
| Norsk króna | 15,151 | 15,241 |
| Sænsk króna | 12,871 | 12,947 |
| Japanskt jen | 0,7219 | 0,7261 |

| SDR | 125,33 | 126,07 |
|-----------------------------|---------|--------|
| GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR | | |
| | 155,545 | |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands | | |

Laxaverndunarstofnunin: Árni Ísaksson kjörinn forseti

STANGVEIÐI Árni Ísaksson, starfsmaður Matvælastofnunar, hefur verið kjörinn forseti Laxaverndunarstofnunarinnar.

Stofnunin fjallar um stjórn-sýslu og tekur ákvarðanir um laxveiðikvóta við Vestur-Grænland og Færeyjar. Aðildarlönd eru meðal annarra Bandaríkin og Danmörk auk Evrópusambandsins.

Laxaverndunarstofnunin var stofnuð á Íslandi fyrir rúmum tuttugu árum vegna mikillar aukningar í úthafsveiðum á laxi við Grænland og Færeyjar. Í kjölfarið hefur dregið mjög úr þessum veiðum.

- ht

NEYTENDUR

Pringles ekki kartöfluflogur

Breskur dómari hefur úrskurðað að ekki sé nægilega hátt hlutfall kartafna í Pringles-flögum til að þær teljist raunverulega kartöfluflogur. Hlutfall kartafna í flögnum er um 42 prósent.

EMBÆTTISVEITING

Sýslumaður skipaður

Úlfar Lúðvíksson hefur verið skipaður sýslumaður á Patreksfirði frá og með fimmtánda júlí, að því er fram kemur í tilkynningu frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Tvær aðrar umsóknir bárust um starfið

LEIÐRÉTTING

Fyrir mistök vantaði niðurlagð í Dagbók Þráins Bertelssonar í blaðinu í gær. Það er svohljóðandi.

„Það er ekki hægt að komast betur að orði. Ég byrjaði hjá þessum snillingi [Jónasi Kristjánssyni] í blaðamennsku fyrir 40 árum og enn er ég að læra af honum.

Mæli með mjög athyglisverðri málverkasýningu Stefáns Þórs í Borgarbókasafninu. Þar er að finna alvöru umhugsunarefni, eilíf og hafin yfir hégóma hvunn dagsins.“

Mikil hækkun olíuverðs hefur áhrif á malbikunarframkvæmdir:

Dregur úr viðgerðum á vegum

SAMGÖNGUR Malbikunarframkvæmdir eru meira en fimmtungi dýrari í ár en í fyrra vegna hækkandi olíuverðs. Þessi verðhækkun gæti numið nokkrum milljörðum króna.

„Fjárveitingar frá ríkinu eru óbreyttar þannig að eini möguleikinn er sá að Vegagerðin dragi úr framkvæmdum. Þetta þýðir að við munum ekki leggja jafn mikið upp úr viðgerðum á vegum og endurnýjun á malbiki,“ segir Rögnvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar hjá Vegagerðinni. Hann telur að frekar verði dregið úr endurnýjun en nýframkvæmdum.



DREGIÐ ÚR ENDURNÝJUN VEGA Forstöðumaður framkvæmdadeildar hjá Vegagerðinni segir minna verða úr peningunum en áður vegna hækkana.

„Hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar er að auka vegafarmkvæmdir, sem þeir hafa

vissulega staðið við, en eitthvað verður minna úr peningunum en áður var gert ráð fyrir vegna þessara hækkana,“ segir Rögnvaldur.

Verð á asfalti fylgir nokkurn veginn olíuverði. Vegna hækkanna undanfarið, auk gengisþróunar, hefur kostnaður við innkaup aukist um fjórutíu prósent. Kostnaður við kaup á asfalti er ríflega helmingur kostnaðarinnar við lagningu malbiks. Heildarkostnaðurinn við malbikun hækkar því um tuttugu prósent vegna kaupa á asfalti. „Þá er ótalinn annar kostnaður eins og við bensínnotkun vinnuvéla,“ segir Rögnvaldur.

- ges

Álftanes og Seltjarnarnes:

Gefa áfram frítt í strætó

SAMGÖNGUR Seltjarnarnesbær og Álftanesbær munu áfram taka þátt í verkefninu Frítt í strætó. Bæjarstjórn Seltjarnarness ákvað það á fundi sínum hinn 25. júní og bæjarstjórn Álftaness hinn 26. júní.

Reykjavíkurborg hefur einnig ákveðið að halda áfram með verkefnið, sem veitir framhalds- og háskólanum frítt í strætó á skólárinu 2008-2009.

Garðabær ákvað á dögnum að taka ekki áfram þátt í verkefninu. Að því er næst verður komist hefur ekki verið tekin ákvörðun um málið í Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ.

- þeb

Ákafir Íslendingar

Viðskiptaritstjóri Daily Telegraph telur Íslandi betur borgið utan Evrópusambandsins. Hann hefur áhyggjur af stærð fjármálakerfisins og getu Seðlabankans til lánveitinga. Of seint hafi verið brugðist við verðbólgunni.

VIÐSKIPTI „Íslendingar voru of ákafir, jákvæðir og fóru of geyst í útlánabólunni. Ég efast ekki um að Íslendingar séu úrræðagóðir og miklir frumkvöðlar en hægkerfið ofhitnaði og seðlabankinn brást of seint við verðbólgunni,“ segir Ambrose Evans-Pritchard, ritstjóri alþjóðaviðskipta hjá Daily Telegraph.

Hann segir að íslensku bankarnir hafi veðsett sig umtalsvert líkt og margir aðrir bankar en vandamálið er að íslensku bankarnir veðsettu mest í hlutfalli við stærð hagkerfisins og það sé að valda þeim vandræðum.



AMBROSE EVANS-PRITCHARD

Íslensku bankarnir lenda í fjárhagserfiðleikum.

Hann bendir á að margir hafi áhyggjur af því að Ísland sé orðið einn stór vogunarsjóður og efast um að Seðlabanki Íslands sé nægilega sterkur til að bregðast við versnandi aðstæðum á markaði. Hann telur að þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi tilkynnt um nýjar lánalínur fyrir skömmu þá sé gjaldeyrisforði Seðlabankans ekki burðugur. Hann veltir upp þeirri spurningu í ljósi stærðar fjármálakerfisins í samanburði við landsframleiðslu hvort Seðlabanki Íslands sé nægilega sterkur



ÍSLAND FÓR OF GEYST Ambrose Evans-Pritchard, ritstjóri alþjóðaviðskipta hjá Daily Telegraph, segir að Íslendingar hafi farið of geyst í útrásinni.

ur til að veita bönkunum lán eða leysa þá til sín líkt og gert var í Bretland og í Bandaríkjunum.

Spurður um stöðu Íslands við núverandi aðstæður segir Evans-Pritchard Ísland sleppa vel ef spá stjórnvalda rætist um fjögurra prósentu samdrátt í hægkerfinu. Hann grunar að samdrátturinn verði umtalsvert meiri og líkari því sem tíðkast í ríkjum Suður-Ameríku þar sem Ísland er aðþrengdasta þjóða hagkerfið í heiminum í dag. „Það er hugsanlegt að samdrátturinn vari í þrjú til fjögur ár,“ segir Evans-Pritchard. Hann bendir þó á að lengd samdráttarinnar ráðist að miklu leyti af aðstæðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Hann segir að þrátt fyrir að íslenskir fjárfestar hafi yfirtekið mörg af stærstu nöfunum í breskri smásöluverslun þá sé

viðhorf til þeirra almennt jákvætt. En bendir þó á að það sé ákaflega skrítið að land sem er álíka stórt og Bristol geti haft slík áhrif í heiminum og keypt fyrirtæki víðs vegar um heiminn.

Spurður um hvort Ísland eigi að taka upp evru segir hann að landið eigi að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil þar sem ákveðin vandamál geti skapast við upptöku evrunnar. „Sameiginleg vaxtastefna Evrópusambandsins getur verið slæm sérstaklega þegar vaxtastigið er það sama óháð efnahagsástandi,“ segir Evans-Pritchard. Hann bendir því til stuðnings á að aðstæður innan Evrópusambandsins séu ákaflega mismunandi um þessar mundir. Útflutningur sé að aukast gríðarlega í Þýskalandi á meðan það sé samdráttur sunnar í álfunni.

bjornthor@markadurinn.is

Útbreiðsla kjarnorkutækni: Pakistönsk skilvinda í N-Kóreu

PAKISTAN, AP Pakistanski herinn undir stjórn Perves Musharraf, núverandi forseta Pakistans, lét Norður-Kóreu í té skilvindu til auðgunar úrans. Þetta segir pakistanski kjarnorkuvísindamaðurinn Abdul Qadeer Khan.



ABDUL QADEER KHAN

Khan gegndi stóru hlutverki í undirbúningi þess að Pakistan kom sér upp kjarnorkuvopnum árið 1998. Hann játaði árið 2004 að hafa látið Íran, Norður-Kóreu og Líbýu í té tækni sem nýta má til kjarnorkuvígðingar. Þá sagðist hann hafa verið einn að verki. Pakistönsk stjórnvöld hafa neitað aðild.

- gh

Stjórnvöld boða svar til ESA:

Ætla að svara innan mánaðar

STJÓRNSÝSLA Íslensk stjórnvöld hyggjast svara ákvörðun ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um Íbúðalánasjóð innan mánaðar, að því er fram kemur í yfirlýsingu.

ESA telur að sú ríkisaðstoð sem Íbúðalánasjóður fær sé ekki í samræmi við ríkisstyrkjaákvæði EES-samningsins og sé því í raun ólögleg.

Upphaf málsins er rannsóknarferli sem hófst í júní 2006 í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins í apríl sama ár, þar sem niðurstöðum ESA var hnekk. Niðurstaða ESA var á þeim tíma að Íbúðalánasjóður stæðist ríkisstyrkjarreglur samningsins.

- vsp

FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu
www.flugfelag.is

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
veðurfræðingur

FRAMHALD Á GÓÐVIÐRI
Enda þótt sólskinið sé nokkuð köflótt á landinu verður ekki sagt annað en um góðviðri sé að ræða. Í dag og næstu daga, fram undir vikulok, eru horfur á hægviðri og hlýindum og það um mest allt land. Þá má búast við þurrviðri og slíkt veður er ekki sjálfgefið hér á landi.

HEIMURINN

| | |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Billund | 22° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 17° |
| Helsinki | 14° |
| Eindhoven | 23° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 18° |
| Berlín | 23° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 27° |
| París | 23° |
| Basel | 24° |
| Barcelona | 28° |
| Alicante | 32° |
| Algarve | 25° |
| Tenerife | 25° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN Hægviðri eða hafgola ÞRIÐJUDAGUR Hæg breytileg átt

EIGNARHALDSFÉLAGIÐ STOÐIR

Eignarhaldsfélagið Stoðir er öflugur kjölfestufjárfestir með skýra fjárfestingarstefnu sem styður og eflir kjarnafjárfestingar sínar í Glitni, Baugi Group, Landic Property og TM.


BAUGUR GROUP

Baugur á eignarhluti í fjölmörgum fyrirtækjum í smásöluverslun í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Meðal helstu fjárfestinga Baugs eru Iceland, House of Fraser, Mosaic Fashions, Hamley's, Magasin du Nord, Illum og Saks.



GLITNIR

Glitnir er norrænn banki með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í 10 löndum. Glitnir veitir viðtæka fjármálþjónustu á borð við fyrirtækjalánastarfsemi og ráðgjöf, markaðsviðskipti, eignastýringu og viðskipta-bankþjónustu á helstu mörkuðum sínum.



TM

TM er eitt stærsta tryggingafélag á Íslandi og býður alhliða váttryggingaþjónustu og viðtæka fjármögnunarþjónustu. Dótturfélag TM í Noregi er Nemi Forsikring.



LANDIC PROPERTY

Landic Property er eitt stærsta fasteignafélag Norðurlanda. Félagið á um 500 fasteignir í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og á Íslandi og leigir út um 2,6 milljónir fermetra til yfir 3.400 leigutaka.



www.stodir.is

STOÐIR

KJÖRKASSINN



Telur þú að rétt hafi verið að vísa flóttamanninum Paul Ramses úr landi?

Já 37,7%
Nei 62,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Heldur þú að uppsagnirnar á RÚV hafi verið eina mögulega sparnaðariræðið?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Merkel um Simbabwe:

Hertar refsiaðgerðir ESB

ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, segir að Evrópusambandið leiti „allra



ANGELA MERKEL

mögulegra refsiaðgerða“ gegn ríkisstjórn Roberts Mugabe Simbabweforseta.

„Við munum fhuga allar mögulegar refsiaðgerðir til

á athuga hvað fleira við getum gert, svo sem ferðabönn,“ segir hún í viðtali við AP.

Robert Mugabe var nýlega endurkjörinn forseti Simbabwe í kosningum sem eftirlitsmenn segja hvorki hafa verið frjálsar né sanngjarnar. Vesturlönd hafa þrýst á um aðgerðir gegn Mugabe, en Afríkuleiðtogar hafa lítið gagnrýnt hann.

Félag fréttamanna:

Gerir samning til 30 mánaða

VINNUMARKAÐUR Félag fréttamanna hefur náð samkomulagi við Samtök atvinnulífsins um nýjan kjarasamning. Samkvæmt honum fá fréttamenn eingreiðslu að fjárhæð 40 þúsund krónur 1. júlí og öll mánaðarlaun hækka um 21 þúsund krónur sama dag, ef samningurinn verður samþykktur.

Hinn 1. mars verður skipt um launakerfi og tekin upp ný launatafla með fjórum launaflokkum, fyrir byrjendur, eftir eins árs starf, þriggja ára starf og loks fyrir þá sem gegna stjórnunarstöðum. Þórhallur Jósefsson, formaður samninga-nefndar fréttamanna, segir að um lágmarkslaun sé að ræða.

Gildistími samningsins er 30 mánuðir, til ársloka 2010.

Ármann Kr. Ólafsson:

Ósáttur við Seðlabankann

EFNAHAGSMÁL Ármann Kr. Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, lýsir yfir vonbrigðum með þá



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

ákvörðun Seðlabankans að lækka ekki stýrivexti og segir hana vekja spurningar um það hvort bankinn geti horfst í augu við raunveruleikann. Þetta kemur fram á bloggsíðu Ármanns, armannkr.blog.is.

Orðrétt skrifar Ármann: „Gerðu menn sér ekki grein fyrir því að það kæmi að skuldadögum fyrr eða síðar?“ og „Hefur verðbólgu einhvers staðar verið eytt með því að ýta undir aukna neyslu?“

Samningaviðræður Evrópusambandsins og Írans um eyðingu kjarnorkuvopna:

Óbreytt afstaða til kjarnorkuáætlunar

ÍRAN Írönsk stjórnvöld segja afstöðu sína til kjarnorkuáætlunar óbreytta, þrátt fyrir tilboð Evrópusambandsins sem hvetur til þess að draga úr auðguðu úrani.

Talsmaður stjórnvalda sagði Írani tilbúna að ganga til samningaviðræðna við heimsveldin gegn þeirri kröfu að viðræðurnar tækju fyrir rétt Írans til kjarnorku. Þetta kom fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins í gær.

Ekki hefur verið gert opinbert hvað fólst í tilboði Evrópusambandsins né greint nákvæmlega frá því hvert svar stjórnvalda í Íran við tilboðinu var. Fréttaritarnar segja þó þessa yfirlýsingu bera

með sér að írönsk stjórnvöld séu ekki tilbún til að hægja á kjarnorkustarfsemi sinni. Einnig er haft eftir Gholamhossein Elham, talsmanni íranskra stjórnvalda að „Íran muni ekki gefa eftir í rétti sínum til kjarnorku. Afstaða Írans til notkunar kjarnorku í friðsamlegum tilgangi hefur ekki breyst og í viðræðum verði þess krafist að engin alþjóðleg réttindi töpuðust.“

Fréttaritarnar breska ríkisútvarpsins, John Leyne, sagði erfitt að sjá að nokkrar viðræður færu fram ef Íranir væru ekki tilbúnir til málamiðlana.



AFSTAÐA ÓBREYTT Íranir eru ekki tilbúnir til að draga úr kjarorkustarfsemi sinni.

Landssamband veiðifélaga:

Aðgerða þörf vegna stórlaxa

STANGVEIÐI Landssamband veiðifélaga lýsir þungum áhyggjum af hnignun stórlaxa í íslenskum ám, í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi sambandsins í júní.

Fundurinn beinir þeim tilmælum til þeirra veiðifélaga, sem ekki hafa sett reglur um að sleppa stórlaxi, að grípa þegar til aðgerða í þeim efnum.

Einnig telur fundurinn að stórfelldar sleppingar gönguseiða í vatnsföll, þar sem sjálfbærir stofnar laxfiska eru fyrir, kunni að orka tvímælis. Lagt er til að stjórn sambandsins kanni hvort ekki sé rétt að setja nánari reglur um sleppingar af þessu tagi.

FRÉTTASKÝRING: Hælisleitendur á Íslandi

Íslendingar neita flestum um skjól

Af fjörutíu hælisleitendum á Íslandi var þremur veitt dvalarleyfi af manúðarástæðum í fyrra, segir í tilkynningu Rauða kross Íslands. Þrettán beiðnum hafi verið hafnað, en 24 sendir til Evrópu, með vísan í Dyflinnar-samninginn.

Yfirlýst markmið Dyflinnar-samningsins er að koma á samræmdri stefnu um meðferð flóttamanna innan Evrópu, það er Schengensvæðisins. Samningnum er ætlað að skýra hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð hælisumsóknar.

Þar er tekið fram að meginreglan, samkvæmt alþjóðasamningnum, sé sú að fólki verði ekki vísað á brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu.

Dyflinnar-samningurinn á að tryggja flóttamönnum skilvirka og skjóta meðferð í kerfinu. Það land sem fyrst tekur á móti flóttamanninum opinberlega skal taka ákvörðun um hvort það veiti honum hæli.

Samningurinn kemur þó ekki í veg fyrir að hvert og eitt ríki geti veitt flóttamönnum skjól.

Gagnrýnendur samningsins fullyrða að tilgangur hans hafi öðrum þæði verið sá að þrýsta á ríki eins og Spán, Ítalíu og Grikkland til að gæta landamæra sinna betur.

Hleyptu þau flóttamönnum inn, sætu þau uppi með þá. Þannig hafi samkomulagið stuðlað að því að hækka múrana í kringum Evrópu.

Þetta er kallað „sameiginlegt átak um stjórnun ytri landamæra“.

Eining fjölskyldunnar

Standa ber vörð um einingu fjölskyldunnar, segir í samningnum, og ríkjunum er heimilt að víkja frá ýmsum reglum í því skyni að sameina aðstandendur, þegar nauðsynlegt þykir af manúðarástæðum.

Norsk stjórnvöld hafa nýtt sér manúðarákvæði samningsins, en þau vilja ekki senda flóttamenn aftur til Grikklands. Þar þykja flóttamenn ekki fá viðunandi meðferð. Ítölsk yfirvöld hafa einnig sætt á mæli síðustu ár fyrir illa meðferð á flóttamönnum.



FRÉTTASKÝRING

KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

HITTAST ÞAU AFTUR Í KENÍA?

Fari svo að Paul Ramses verði neitað um hæli á Ítalíu, og íslensk stjórnvöld endurskoði ekki ákvörðun sína, verður Paul að öllum líkindum sendur aftur til Kenía.

Vinir hans og eiginkona segja Paul í verulegri lífshættu í heimalandinu. Hann hafði afskipti af stjórn-málum og bauð sig fram í kosningum. Andstæðingar hans vinni að því



PAUL OG ROSEMARY nýgift í Kenía.

leynt og ljóst að koma keppinautum sínum fyrir kattarnef.

„Ég veit að lögreglan kom í maí síðastliðnum og var að leita að honum. Íslendingarnir sem voru þá í Kenía [hjá ABC-barnahjálpi] geta staðfest það,“ segir Rosemary Atieno, eiginkona Pauls.

„Ef hann verður sendur þangað sjáum við hann kannski aldrei aftur,“ segir hún.

Nýsköpunarmiðstöð og iðnaðarráðuneyti undirrita samkomulag:

180 milljónir til nýsköpunar

VESTMANNAEYJAR 180 milljónir verða veittar til ýmissa verkefna sem unnin verða á starfsstöðvum Nýsköpunarmiðstöðvar í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Höfn í Hornafirði. Þetta kemur fram í samkomulagi sem undirritað var í gær milli Nýsköpunarmiðstöðvar og iðnaðarráðuneytis um framkvæmd verkefna byggðaáætlunar 2008-2009.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra og Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, undirrituðu samninginn á goslokahtíð í Vestmannaeyjum en samningurinn markar meðal annars tímamót fyrir starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum sem var opnuð í júní síðastliðnum. Tvö verkefni í Eyjum fá styrk. Annars vegar fær þekkingarsetur á sviði frumgerðasmíði, eða stafræn smíði, fimm

milljónir og hins vegar fær rannsókn- og þróunarverkefni um hagnýtingu á varmadælum fimmtán milljónir. Frosti Gíslason er verkefnisstjóri í Vestmannaeyjum.

„Ég er óskaplega ánægður og þakklátur fyrir að lagðri séu fjármunir í verkefni á landsbyggðinni. Svona fjárveitingar hafa mikla þýðingu fyrir okkur og geta haft margfeldisáhrif þegar kemur að vinnslu á verkefnum sjálfum og einnig við vinnslu á niðurstöðum verkefna.“

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Iðnaðarráðherra kjáir framan í svartfuglsungu í Klettselli. Rækjusnitter voru í boði við undirritunina og át ungin rækjur með bestu lyst.

MYND/ÓSKAR



PAUL OG FÍDEL SMÁRI Sonur Pauls og Rosemary er skírður í höfuðið á Eiði Smára Guðjohnsen, en Paul er mikill aðdáandi hans og hefur fylgst með honum síðan hann lék með Chelsea.

BIÐUR UM VÆGD FYRIR BARNIÐ SITT

„Ef þeir senda mig til Kenía bið ég um að einhver sjái um konuna mína og litla barnið mitt. Ég get ekki til þess hugsað að það verði fátækur betlari á götunum, ef ég verð drepinn. Ég get ekki beðið um neitt mikilvægara en þetta,“ segir Paul Ramses.

Hann vill þakka öllum sem hafa sýnt máli hans áhuga og hafa beðið fyrir honum. Sjálfur segist hann biðja fyrir íslenskum stjórnvöldum, sem hafi ef til vill sent hann í opinn dauðann.

Paul er vonlitill um að Ítalir taki við honum og segir að jafnvel lögreglan þar furði sig á því að hann hafi verið sendur til Ítalíu.

„Öll sönnungargögnin eru á Íslandi og þeim var skilað til Útlendingastofnunar.“

ABC-barnahjálpar er til dæmis með sönnur þess að ég er á dauðalista stjórnvalda,“ segir hann.

Hann spyr sig hvort Ítalir séu líklegri að taka við sér, ef „ríkt land eins og Ísland vill ekki gera það“.

Paul mun líklega verða í Sentrone-búðunum í þrjár vikur, áður en ákvörðun verður tekin um hans mál.

Hann segist ekki hafa minnst á það í umsókn sinni til Útlendingastofnunar að hann ætti nánan ættingja á Íslandi, Lydiu Henrysdóttur.

„Ég vissi ekki að það gæti haft áhrif. Umsókn mín snerist um stöðu flóttamanns en ekki um fjölskyldu mína. Ég hélt að þetta snerist um að hjálpa þeim sem eru í hættu,“ segir hann.

Bosníu-músliminn Naser Orić:

Sýknaður af stríðsglæpum

HAAG, AP Áfrýjunarréttur stríðsglæpadómstólsins fyrir fyrrum Júgóslavíu hefur sýknað Bosníu-múslimann Naser Orić af ákæru um stríðsglæpi.

Orić var sakfelldur af undirrétti dómstólsins fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir morð og pyndingar serbneskra fanga í bænum Srebrenica. Orić leiddi vörn bæjarins gegn Bosníu-Serbum árið 1995. Þeir myrtu þar átta þúsund borgara í versta fjölda-morði Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld.

Áfrýjunarrétturinn taldi ekki sýnt að Orić hefði stjórnað aftöku Srebanna.



NASER ORIĆ

☆ Tenerife í allan vetur

Tenerife er paradís, þekkt fyrir einstakt náttúrufar sitt, veðursæld og hreinleika -allt árið um kring. Þegar er uppselt í tvær vélar, en jólaflugi hefur verið bætt við til að anna eftirspurn.

frá 87.867 kr.

Verð miðast við 2 fullorðna og 2 börn.
21. des. í 9 daga. Gist á Laguna Park.

Forysta G8 um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum:

Metnaður Íslands

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Leiðtogar sjö mestu iðnvelda Vesturlanda auk Rússlands eru nú að tínast til japönsku eyjarinnar Hokkaído, þar sem þeir munu sitja á rökstólum um heimsmálin næstu daga. Tvennt er efst á baugi í hinum árvissu viðræðum þeirra að þessu sinni: efnahagsmál og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

Í loftslagsmálunum er markmiðið að fá öll G8-ríkin til að ákveða að ganga á undan með góðu fordæmi og skuldbinda sig til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2020 og enn meira fyrir árið 2050. Margir telja nauðsynlegt að velmegunariðnveldin sýni forystu í þessu máli ef líkur eiga að vera á því að loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn á næsta ári skili árangri, það er sáttmála um samstillt átak þjóða heims um að draga úr útblæstri sem tekið getur við þegar Kyoto-bókun loftslagsáttmála SP rennur úr gildi árið 2012. Litlar líkur eru á því að ríki eins og Kína og Indland, sem eru undanþegin losunarhömlum Kyoto-bókunarinnar en auka hröðum skrefum jarðefnaeldsneytisdrifna orkunotkun sína, fallist á að taka á sig slíkar hömlur nema „velmegunareldin“ sýni gott fordæmi.

Þetta verður síðasti G8-fundurinn sem George W. Bush Bandaríkjaforseti sækir. Eins og kunnugt er hefur hann í forsetatíð sinni staðið fast gegn því að Bandaríkjamenn – sem eyða um fjórðungi allrar orku í heiminum þótt þeir séu aðeins um fimm prósent íbúa heims – taki á sig skuldbindingar í þessa veru. Hið snarhækkaða olíuverð – það hefur tvöfaldast frá því á síðasta G8-leiðtogafundi í Þýskalandi í fyrrasumar – hefur hins vegar skapað nýjan hvata til aðgerða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Það er þessi hvati sem eflir mönnum von um að Bandaríkjamenn hætti að reyna að vera stikkfrí frá hinu alþjóðlega átaki gegn orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Vitneskjan um að báðir forsetaframbjóðendurnir vestra eru öðruvísi þenkjandi um þessi mál en sá fráfarandi eflir þá von enn frekar.

Ríkisstjórn Íslands hefur líka sett sér metnaðarfull markmið um að draga úr losun af þessu tagi á næstu áratugum. Hún hefur reyndar sett sér ýmis önnur markmið sem eiga að stuðla að vistvænni háttum landsmanna, ekki sízt í samgöngum. Aðgerða sem eru til þess fallnar að stuðla að því að þessi markmið náist hefur hins vegar lítt orðið vart. Með tilliti til þess að Ísland á raunhæft tækifæri til að verða fyrsta þróaða land heims sem verður nánast óháð jarðefnaeldsneyti, væri markvisst að því stefnt, sætir þetta aðgerðaleyfi nokkurri furðu.

Með því að breyta reglum um gjaldheimtu af bílum og eldsneyti eins og lagt er til í nýlegri skýrslu stjórnskipaðs starfshóps væri strax mikilvægt skref stigið í þessa átt. Þar með sköpuðust loks áþreifanlegir hvatar fyrir almenning að haga fjárfestingum sínum og neytlumynstri í þeim stóra útgjaldalið hvern fjölskyldu sem einkabíllinn er þannig, að stórlega drægi úr bensín- og dísilólíubrenslu bílaflotans.

Þetta væri þó aðeins byrjunin. Raf- og lífildsneytisvæðing bílaflotans og almenningssamgangna væri næsta skref, síðan skipaflotans, og þannig áfram unzt Ísland yrði nánast óháð olíu. Orkuberinn vetni gæti líka gegnt hlutverki. Með því að flýta þessari þróun með markvissum aðgerðum stjórnvalda gæti Ísland fest í sessi ímynd sína sem vistvænt en hátæknivætt velmegunarsamfélag og gegnt fordæmishlutverki fyrir önnur lönd heimsins.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ótakmörkuð heimska

Margrét Sverrisdóttir virðist enn um sinn þurfa að biða fyrirgefningar fyrrum samherja sinna úr Frjálslynda flokknum fyrir að yfirgefa þá í fússi fyrir hálfu öðru ári. Tveir þeirra, þeir Jón Magnússon og Magnús Þór Hafsteinnsson, láta Margréti fá það óþvegið á bloggsíðu Jóns vegna framgöngu hennar sem formaður Kvenréttindafélags Íslands í nýlegri heimsókn til Írlands og ummæla eftir ferðina. Þeim þykir hún gera afar lítið úr bágru stöðu kvenna í heims-hlutanum. „Eru engin takmörk fyrir heimsku Margrétar Sverrisdóttur?“ spyr Magnús í athugasemd.

Handklæðin hans Jóns

Jón Magnússon virðist hins vegar manna fróðastur um málefni Mið-Austurlanda og opinberar því til sönnunar glænýjar upplýsingar í tédri blogg færslu, nefnilega þær að kúgaðar konur í múslimaríkjum gangi jafnan um með höfuð sitt sveipað handklæði. „Á tveim myndum sem fylgja viðtalinu er formaðurinn með handklæði um höfuðið, tákn kvennakúgunar og ófrælsis“, skrifar þingmaðurinn. Þessi ógeðfældu tákn kvennakúgunar og

ófrælsis eru seld hérlendis í flestum betri stórmörkuðum. Neytendafrómuðuðurrinn Jón getur varla látið það ótalið.

Sivjaðar útvarpsfréttir

Siv Friðleifsdóttir var í tvisgang sögð varaformaður Framsóknarflokksins í kvöldfréttum Útvarps í gær. Valgerður Sverrisdóttir, raunverulegur varaformaður flokksins þegar síðast fréttist af honum, getur varla hafa verið kát með það. Það segir kannski sitt um stöðu Framsóknar að fréttamenn skuli gleyma því hverjir halda þar um hvaða tauma. Eða þá að fram fari kosningar innan flokksins sem enginn tekur eftir nema fráfréttahaukar útvarps.

stigur@frettabladid.is



Þjóð meðal annarra Evrópuþjóða



Eftir Svein Andra Sveinsson

Ísland er Evrópuþjóð; í Evrópu eru okkar helstu markaðir og til annarra landa Evrópu sækja Íslendingar til náms og starfa. Evrópusambandið sem byrjaði sem Kola- og Stálbandalag Evrópu og stofnað var til að varðveita friðinn í álfunni hefur smátt og smátt verið að stækka og innri uppbygging þess að breytast. Er svo komið að langflest ríki Evrópu hafa gengið til liðs við ESB og saman mynda þau eitt markaðssvæði þar sem landamæri hafa verið afnumin í viðskiptum innan svæðisins. Í samræmi við þessa sýn hafa ríkin sameiginlegan seðlabanka og þau nota sömu myntina í viðskiptum á svæðinu; evru (með örfáum undantekningum). Hið frjálsa flæði vöru, þjónustu, vinnuafli og fjármagns innan sambandsins stuðlar að auknum hagvexti innan aðildarríkanna og styrkir samkeppnisstöðu þeirra.

Evrópska efnahagssvæðið

Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu í gegnum EFTA hefur Íslandi að sumu leyti tekist að nýta það jákvæða í starfsemi ESB, en vegna þess hve ríkin sem þannig tengjast ESB eru fámenn og fá eru samskiptin við EFTA afgangsstærð auk sem EFTA-ríkin eru áhrifalaus um allar ákvarðanir ESB sem síðan öðlast gildi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Að auki er ekki fullkomið frjálst flæði vöru og þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins eins og í ESB. Greiða þarf vörugjöld af vörum sem flutt eru inn frá ríkjum ESB og ýmsar álögur leggjast á vörur sem við flytjum til ríkja innan ESB.

Helstu kostir þess að ganga í ESB og evrópska myntsamstarfið eru þeir að við það verðum við hluti af stærra efnahags- og markaðskerfi. Við það samlagast Ísland þeim kjörum sem gilda í ríkjum ESB; vextir lækka, bæði almennt og af húsnæði sem og vanskilavextir, verðtryggingin hyrfi, verð myndi lækka á neyslavörum, ekki síst af landbúnaðarafurðum o.s.frv. Hagvöxtur myndi taka mikinn kipp upp á við og velmegun aukast til mikilla muna.

Ekki sjáanlegir gallar við aðild

Þrjú atriði hafa andstæðingar Evrópusambandsaðildar aðallega nefnt aðild til foráttu:

- Íslendingar framselji hluta af fullveldi sínu til sambandsins.
- Fiskimiðin opnast fyrir erlenda aðila og þeim verði stýrt frá Brussel.
- Skrifræði ríki í Evrópusambandinu.

Um fullveldisframsalið er það að segja að fullveldi er teygjanlegt hugtak og í raun er verulegt álitæfni hvort við séum með aðild að ESB ekki í raun að styrkja fullveldi landsins. Í dag eru það stofnanir ESB sem setja okkur Íslendingum í raun og veru lög á reglur á fjölmörgum sviðum. Undirbúningur, setning og framkvæmd regluverks ESB er í höndum stofnana þess og sem EFTA-ríkjunum er síðan skammtað úr hnefa. Gera EFTA-ríkin ekki annað en að lögleiða eða staðfesta það án nokkurra breytinga. Með aðild að ESB verður Ísland hluti af þeim stofnunum sem setja reglurnar og virkir aðilar í lagasetningarferlinu. Má því má segja að með því sé verið að útvíkka fullveldið. Það er að auki lögræðilega fráleitt að halda því fram að frjálst og fullvalda ríki sem tekur ákvörðun um að gerast aðili að fjölbjóðlegum samtökum nokkurra ríkja eins og ESB og felur því yfirþjóðlegt vald til ákvarðana sem fyrir aðild voru í höndum stjórnvalda viðkomandi ríkis, sé með þessu að afsala sér fullveldi sínu að einhverju leyti, þegar það er haft í huga að þessi sömu stjórnvöld geta á hvaða tímapunkti sem er sagt sig úr ESB og þar með svipt hinar yfirþjóðlegu stofnanir ESB hinu yfirþjóðlega valdi.

Fiskimiðin munu eftir sem áður við óbreytt kvótakerfi vera lokuð fyrir erlendum fiskiskipum enda byggist kvótakerfið á úthlutun á grundvelli veiðireynslu. Svo lengi sem úthlutun aflaheimilda byggir á slíkum málefnalegum sjónarmiðum en mismuna

ekki fiskiskipum á grundvelli þjóðernis geta stofnanir ESB ekki haggð við því. Svo hittir hins vegar á að nánast engin skip af erlendum toga, ef undan eru skildar nágrannaþjóðir okkar Norðmenn, Grænlandingar og Færeyingar, hafa slíka veiðireynslu að leiði til úthlutunar aflaheimilda. Stjórnun fiskveiðanna yrði ávallt falin íslenskum stjórnvöldum, sem gæta yrðu þess að mismuna ekki við aðgerðir sínar, eins og lokanir svæða, möskvastærð o.s.frv., innlendum og erlendum aðilum. Augljóst má einnig telja að framkvæmdastjórn ESB fæli íslenskum stjórnvöldum að ákveða heildarfla á Íslandsmiðum.

Skrifræði er ekkert meira innan ESB en í hvaða stofnunum eða ríkjum sem er. Hafa ber í huga að stjórnsýslu sambandsins er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að aðildarríkin setji upp hindranir í vegi hins frjálsa flæðis milli landanna og þarf því að vera sterk til að geta staðið í fæturna gegn slíkum tilburðum.

Eftir engu að biða

Ísland á strax að sækja um aðild að ESB. Í kjölfar aðildarumsóknar hefjast aðildarviðræður og í þeim viðræðum skýrist í fyrsta lagi hvaða heimavinnu íslensk stjórnvöld þurfa að vinna, efnahagslega og stjórnskipulega áður en til aðildar getur komið og í öðru lagi hverjir skilmálar verða í aðildarsamningi Íslands við ESB. Telji íslensk stjórnvöld aðildarsamning Íslands og ESB ásættanlegan er samningurinn borinn undir þjóðaratkvæði.

Fyrir undirrituðum hafa ekki verið færð haldbær rök fyrir því að breyta þurfi stjórnarskrá íslenska lýðveldisins við aðild að Evrópusambandinu. Sé það hins vegar niðurstaða vísrá lagaspektinga að þess þurfi yrðu slíkar breytingartillögur einfaldlega bornar undir þjóðaratkvæði um leið og aðildarsamningur og síðan endanlega samþykktar í samræmi við það ferli sem stjórnarskráin kveður á um.

Það er pólitísk spurning hvort Ísland eigi að gerast aðili að ESB eða ekki. Fráleitt er að gangast fyrir stjórnskipulegum breytingum innanlands ef aðildarumsókn skilar ekki ásættanlegum samningi. Þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að geta gengið í Myntbandalagið eru þess eðlis að íslenskum stjórnvöldum ber að stefna að þeim sem markmiðum í sinni efnahagsstjórn, hvort sem aðildarumsókn er uppi á borðinu eða ekki.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. VIÐSKIPARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Nestlé
Gott veganesti fyrir lífið

Ósaltað
og
ósýkrað

Pasta
Toscana

Nýr lífrænn barnamatgur frá Nestlé

www.barnamatgur.is

SUMARIÐ 2008 VERÐUR PAND-BRJÁLAD



Sumarleikur Byrs og fjölskyldunnar 100 heppnar fjölskyldur vinna bíómiða á hina frábæru mynd **KUNG FU PANDA** – taktu þátt!



Nú hafa öll heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri fengið þátttökuseðil sendan heim. Það eina sem krakkarnir þurfa að gera er að teikna mynd af PO eða vinum hans og vandamönnum og þeir gætu unnið miða á **KUNG FU PANDA** fyrir alla fjölskylduna! Einnig er hægt að nálgast þátttökuseðilinn í öllum útibúum Byrs.

Myndirnar þurfa að berast í síðasta lagi þann 8. júlí í næsta útibú Byrs. Dregið verður úr öllum innsendum myndum 9. júlí og vonandi verður heppnin með ykkur. Nöfn allra vinningshafa verða birt á heimasíðunni www.byr.is.



Pandasparnaður – ÞAÐ ER GAMAN AÐ SPARA SAMAN.

Allir foreldrar sem leggja með krökkunum sínum 1.000 kr. eða meira inn á **FRAMTÍÐARSJÓÐ** fá aðrar 1.000 kr. í pandasparnað frá Byr.*

Þar með hefur barnið þitt fengið 100% pandagóða ávöxtun á aðeins einum degi. Pandasparnaður gildir til 15. ágúst og hentar mjög vel öllum börnum 15 ára og yngri.



*Gildir einu sinni fyrir hvert barn

Byr sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is



GAMLI VINNUFÉLAGAR Þegar Sigmar byrjaði að vinna á Ríkisútvarpinu var Silla bara tíu ára en hafði þó unnið þar í áratug að eigin sögn.

Byðu Össuri með í útilegu

Ef **Sigurlaug M. Jónasdóttir** væri ljósmóðir vildi hún hafa hjálpað Kjarval í heiminn. Hefði **Sigmar B. Hauksson** hins vegar glaður tekið á móti Björk. **Pórgunnur Oddsdóttir** hitti mótorhjólalagellu og veiðimann á rökstólum og ræddi við þau um útilegur, ísbirni og illa lyktandi vegasjoppur.

Á RÖKSTÓLUM

Þú heilsast innilega og virðist þekkja, hvað vitið þú um hvort annað?

Sigmar: Allt!

Silla: Ekki neitt.

Sigmar: Ég hef náttúrliga vitað hver Silla er frá því hún var krakki enda þekkti ég foreldra hennar á Ríkisútvarpinu. Nú veit ég, sem náttúrliga hryggir mig á vissan hátt, að Silla er farin yfir til kapítalístanna og farin að vinna á Baugsmiðli.

Silla: Jú, jú, þetta var ekki auðveld ákvörðin. Svóltíð eins og að skilja held ég. Fyrir mér er Ríkisútvarpið eins og fjölskylda. En ég er ótrúlega glöð í dag enda hafa allir gott af því að skipta um vinnu. Segi ég ... þetta er í annað sinn sem ég skipti um vinnu.

Sigmar: Ég hélt að þú myndir aldrei hætta á RÚV. Hélt að það væri nú bara ekki einu sinni inni í myndinni.

Silla: Það var það heldur ekkert. Ég fékk náttúrliga RÚV-stimpil á rassinn við fæðingu og vissi þá að ég yrði að vinna þar það sem eftir væri.

Sigmar: Ég man fyrst eftir þér þegar ég byrjaði að vinna á útvarpinu árið 1973. Þá hefur þú verið ...

Silla: Þá var ég tíu ára og búin að vinna í útvarpinu í tíu ár. En ef ég hugsa um Sigmar þá hugsa ég um mat, skotveiði, viski og Spaugstofuna. Þú ert svo heppinn nefnilega, það hefur aldrei verið gert grín að mér í Spaugstofunni.

Veðimaðurinn og mótorhjólalápan

Nefnið þrjá hluti um hvort annað sem þú vitið ekki hvort eru sannir eður ei en gætuð engu að síður trúað að væru það.

Silla: Ég held að Sigmar finnst gott eftir góðan dag að setjast í besta stólinn sinn, setja lappirnar upp á skemil og skoða bækur um Skotland.

Sigmar: Það er mjög frumlegt.

Silla: Svo held ég að honum finnst mjög gaman að njóta lífsins og reyni að gera eins

mikið af því og hann getur. Reyni jafnvel að taka krók á sinni leið til þess að geta slakað á og notið lífsins. Í þriðja lagi held ég, af því hann er svo mikill gúrmei kall, að honum finnst frábært að fá sér eina pulsu og kók.

Sigmar: Já, þetta er nú allt rétt nema þetta með Skotland. Ég hef held ég bara aldrei skoðað bók um Skotland.

Silla: Er það ekki? Ég sé þig alveg fyrir mér undir teppi með svoleiðis bók. Það tengist eitthvað veiðinni, þú kannski ferð til Skotlands að veiða?

Sigmar: Jú, jú, ég hef gert það. Veiddi krónhjórt.

Silla: Einmitt.

Sigmar: Það er eitt sem ég held, kannski er það misskilningur, en ég held að Silla sé áhættufíkill og aki mótorhjól, án þess að ég viti það. Í öðru lagi held ég að hún sé mjög hrifin af rómantískum óperum og í þriðja lagi grunar mig að Silla lesi mikið matreiðslubækur en fari sjaldan eftir þeim.

Silla: Það er alveg rétt.

Dýrafræði að hætti Walt Disney

Fólk sér hvítabirni í hverju skúmaskoti. Hvernig mynduð þið bregðast við ef þið mættuð slíkri skepnu á förnum vegi og gætuð þið hugsað ykkur að borða ísbjarnarkjöt?

Silla: Hver getur borðað ísbjarnarkjöt? Það er svo eittrað. En ef maður gæti verið viss um að það væri ekki eittrað væri ég alveg til í að smakka.

Sigmar: Það er étíð á Grænlandi. Ef maður sæi hvítabjörn og væri með einhvern félagan sinn með sér sem hleypur hægar en maður sjálfur þá myndi maður bara hlaupa, en annars gera sem minnst.

Silla: Ég held ég myndi standa alveg kyrr. Neeeee. Ég sá einhvers staðar leiðbeiningar um hvernig á að bregðast við og maður á til dæmis ekki að hlaupa hratt í burtu.

Sigmar: Nei, ekki nema það sé einhver með manni sem hleypur hægar.

Silla: Þarna kom skepnuskapurinn fram í þér! Á maður ekki líka að forðast að horfa í augun á birninum? Ég veit eiginlega ekki hvað ég ætti að gera. Play dead?

”

Sigmar: Það er komið fullt af fólki sem hefur lært sína dýrafræði af Walt Disney. Ég meina lömbin sem við erum að grilla núna frömdu ekkert sjálfsmorð. Þau fara ekkert í næsta læk og drekkja sér á haustin.

Sigmar: Bara láta eins og maður sjái hann ekki. Look busy.

Silla: Já, og labba fram hjá og bjóða góðan dag.

Sigmar: Það er skrítið með dýr að ef þú hundsar þau þá eru þau oft mjög spök. En ef ég hefði tök á því myndi ég auðvitað reyna að veiða hann.

Silla: Veistu hvað ég myndi gera þá? Ég myndi rífa af þér byssuna og stinga henni upp í rassxxxxx á þér. Annars var þetta ísbjarnarmál allt saman farið að verða eins og eitthvað Keikódæmi.

Sigmar: Það er því miður ekkert hægt að gera annað en aflífa þá. Þessi dýr sem þvælast hingað eru örmagna og myndu varla lifa flutning af þannig að ég myndi nú mæla með því við alla Skagfirðinga sem eru að tína ber eða reka rollur að vera vopnaðir.

Silla: Getur þú ekki lánað þeim eitthvað af byssunum þínum?

Sigmar: Njaa. Ég tími því nú ekki. Æ, þessi umræða var svo ömurleg með þennan blessaða hvítabjörn. Það er komið fullt af fólki sem hefur lært sína dýrafræði af Walt Disney. Ég meina lömbin sem við erum að grilla núna, þau frömdu ekkert sjálfsmorð. Þau fara ekkert í næsta læk og drekkja sér á haustin.

Sigmar væri í peningabvætti

Menn hafa áhyggjur af því að skipulögð glæpastarfsemi erlendra glæpahópa sé að ryðja sér til rúms hér á landi. Hvernig á að bregðast við því? Sigmar, ef Silla væri háská-

legt glæpakvendi í hvaða glæpum myndi hún þá sérhæfa sig og, Silla, hvers konar glæpon gæti Sigmar verið?

Sigmar: Ég held að Silla væri að stela bílum. Hún væri bílapjófur og seldi þá til Lettlands. Annars held ég að það eigi að bregðast við þessu af hörku. Það er líka óhugnanlegt helvíti að fólk geti komist upp með það að hrækja á lögguna. Reyndar væri Silla örugglega ekkert í því.

Silla: Nei, ég hræki aldrei.

Sigmar: Ég held að Silla hafi duldan áhuga á að ganga í mótorhjólalögguna og kæmi mér ekki á óvart að hún gerði það einhvern tímann.

Silla: Já, svona þegar ég skipti næst um starf. Af því ég er nú svo dugleg við það. En Sigmar sem glæpon ... Ég hugsa að þú færir út í peningabvætti

Sigmar: Já, ég held það myndi henta mér mjög vel.

Að öðru. Ljósmæður berjast fyrir kjörum sínum. Hver finnst ykkur sanngjörn laun fyrir að hjálpa börnum í heiminn? Ef þið væruð ljósmæður, hvaða þekkt einstaklingi vilduð þið getað stært ykkur af að hafa tekið á móti?

Silla: Mér finnst að ljósmæður eigi bara að vera með sömu laun og læknar. Þær eru með sex ára háskólanám að baki og ótrúlega klárar. Hvað eiga þær að fá í laun, hmm ... kannski 500 þúsund?

Sigmar: Ég held þær ættu nú ekki að vera með alveg sömu laun og læknar. Þeir eru

Vissir þú að...

...á milli Sillu og Sigmars eru 14 ár.

...B-ið í nafni Sigmars stendur fyrir Bent.

...M-ið í nafni Sillu stendur fyrir Margrét.

...ef Silla ætti að bjóða Sigmar í mat myndi hún elda sítrónupasta eftir uppskrift Sophiu Loren í forrétt.

...ef Sigmar fengi að spreya sig í Íslandi í dag fengi hann forsætisráðherra í viðtal.

...ef Sigmar og Silla sætu í tveggja manna ríkisstjórn myndu þau skipta með sér verkum. Silla réði fyrir hádegi og Sigmar seinnipartinn.

...fyrsta alvöru starf Sillu við fjölmiðla var þegar hún las barnasögu í útvarpinu 12 ára gömul. Þá hafði hún þegar leikið í nokkrum útvarpsleikritum.

...ef Silla tæki við hlutverki Sigmars í einn dag færi hún til Ítalíu á villisvínaveiðar. Aðallega til að komast í trufflurnar.

Sigmar: Bara til að ég geti skammtað hann sko.

Silla: Ég hélt þú ætlaðir að segja til að ég geti skotið hann.

Sigmar: Neeeee... ég kann nú ekki við það. En ofmetnasti ferðamannastaðurinn? Það er erfitt enda Ísland margbrotið. Ég myndi nefna vegasjoppurnar við Þjóðveginn sem eru hryllilega dýrar og selja vondan mat. Ég verð yfirleitt mjög þunglyndur þegar ég kem inn á þessa staði.

Silla: Sérstaklega þegar lyktin tekur á móti manni.

Sigmar: Af gömlum frönskum kartöflum og þránuðu floti. Ég skil ekkert í þessu. Það ætti að setja upp viðvörðunarskilti við þessa staði.

Silla: Ég held að Austurvöllur sé ofmetnastur.

Sigmar: Nei, ekki segja þetta. Hvað með Jón Sigurðsson?

Silla: Jú, ég segi Austurvöllur.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

með lengra nám. Það þarf hins vegar að sjá til þess að þær geti unnið vinnuna sína án þess að taka alla þessa yfirvinnu og svo er undarlegt að hjúkrunarfræðingar lækki í launum við það að bæta við sig námi og verða ljósmæður.

Silla: Það er auðvitað furðulegt hvað þær eru með lág laun og þetta er grafalvarlegt mál. Við megum ekki missa ljósmæðurnar.

Sigmar: Varðandi það hverjum ég hefði viljað taka á móti þá held ég að ég verði að segja Björk. Ég vinn í ferðahjónustunni og það er enginn Íslendingur sem er okkur jafn mikils virði. Hróður Bjarkar er svo gríðarlegur um allan heim og hún er svo klár og gefur svo góða mynd af landinu.

Silla: Ég hefði viljað taka á móti Kjarval. Þá hefði ég skoðað vel á honum hendurnar. Það er alveg sama hvað maður skoðar verkin hans oft. Maður verður alltaf jafnheillaður.

Á vespu til Kirkjubæjarklausturs

Nú leggjast landsmenn í ferðalög og útilegur sem getur verið dýrt með hækkandi eldsneytis- og matvælaverði. Ef þið ættuð að fara saman í ódýra útilegu, hvert mynduð þið þá fara, hvaða þremur þekktu einstaklingum mynduð þið bjóða með til að halda uppi fjörinu og hver finnst ykkur ofmetnasti ferðamannastaðurinn á Íslandi?

Silla: Hjólarðu?

Sigmar: Já, já, ég hef gaman af því.

Silla: Ef ég myndi lána þér vespu...

Sigmar: Já, ég er til í það.

Silla: Þá held ég að við færum í stuttan mótörhjólatur. Það er spurning hvert. Ég myndi fara á Klaustur.

Sigmar: Það er nú heldur langt að fara þangað á vespu.

Silla: Já, ég fer náttúrulega á stóra hjólinu mínu. Þú verður á vespunni.

Sigmar: Ég myndi taka Sillu norður í Steingrímsfjörð á Ströndum og fara í sjóstangaveiði.

Silla: Það er nú enn þá lengra að fara þangað.

Sigmar: Við förum ekkert á vespunni. Við tækjum rútna eða færur á mínum fjallabíl sem eyðir mjög litlu. Færum svo í Grímsey á Steingrímsfirði og eldudum aflann þar.

Silla: Ég skal gera sósuna.

Sigmar: Og hverja tækjum við með okkur? Ég myndi vilja hafa Óssur Skarphéðinsson með.

Silla: Þá tæki ég bróður hans, Magga. Það er alltaf gaman að tala um álfa og drauga.

Sigmar: Ég myndi líka vilja hafa einhvern listamann í ferðinni. Gunna Þórðar, kannski.

Silla: Já, er það?

Sigmar: Hann er fæddur á Hólmavík og svo getur hann spilað á gítarinn. Eða þá Sjón, taka hann sem fjórða mann?

Silla: Ég er ekki alveg sammála. Má hann vera útlendingur? og þarf hann að vera lifandi? Fyrst ég hef Magnús með mér þá gætum við kannski komist í samband við Leonardo da Vinci.

Sigmar: En Leonard Cohen?

Silla: Nehei! Ég sofna bara þegar ég heyri fyrstu tónana hjá honum. Úff, þetta er erfitt.

Sigmar: En Óssur er alveg pottþéttur

Silla: Já, já.

Sigmar: Hann er skemmtilegur og náttúrulega ferðamálaráðherra.

Silla: Þannig að við gætum kannski fengið eitthvað ókeypis...

Sigmar: Já, og kynnt hann fyrir

þessari perlu, Steingrímsfirði.

Silla: Ég myndi taka Halldóru Geirharðs og trúðinn Barböru. Það eru þá eiginlega tveir.

Sigmar: Þá tek ég George Bush.

Silla: Oj.

SÍMENNTUN VIÐ BIFRÖST

Áfram menntavegininn!

- Diplóma í verslunarstjórnun
- Máttur kvenna I og II
- Rekstur smærri fyrirtækja

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BIFRÖST.IS

DIPLÓMA Í VERSLUNARSTJÓRNUN

Háskólinn á Bifröst býður upp á diplómánám í verslunarstjórnun. Um er að ræða tveggja ára starfstengt nám á framhaldsskólastigi sem fram fer að mestu með fjarnámi.

Markmið námsins er að auka hæfni og þekkingu starfsfólks sem vinnur við verslun og þjónustu. Að námi loknu útskrifast nemendur með diplómapróf í verslunarstjórnun en það veitir rétt til frekara náms við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst.

MÁTTUR KVENNA I & II

Háskólinn á Bifröst býður upp á rekstrarnám í fjarnámi fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína.

Markmið námsins er m.a. að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, skapa fleiri störf á landsbyggðinni, auka arðsemi fyrirtækja og að efla tengslanet kvenna. Námskeiðið hefst með vinnuhelgi á Bifröst en svo tekur við 3 mánaða kennsla í fjarnámi. Náminu lýkur með vinnuhelgi og formlegri útskrift.

REKSTUR SMÆRRI FYRIRTÆKJA

Auknar kröfur um auknið hagræði í rekstri og skilvirka þjónustu fyrirtækja kalla á haldgöða menntun rekstraraðila. Háskólinn á Bifröst býður eigendum og rekstraraðilum smærri fyrirtækja upp á sérhæft nám sem svar við þeirri þörf sem skapast hefur á þeim markaði sem smærri fyrirtæki starfa á.

Rekstur smærri fyrirtækja (RSF) er nám sem þú getur stundað með vinnu og þannig bætt þekkingu þína. Námið nýtist því frá fyrsta degi í rekstri fyrirtækis þíns.

FRUMGREINAEILD

VIÐSKIPTAEILD

LAGAEILD

FÉLAGSVÍSINDAEILD


HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

WWW.BIFROST.IS

Rússneski björninn snýr aftur

Frábær frammistaða rússneska landsliðsins á EM í knattspyrnu er einungis eitt dæmi um fjölmarga sigra Rússa á íþróttá- (og Eurovision) sviðinu upp á síðkastið. Valdhafar líta á sigra í keppnisgreinum sem lýsandi fyrir endurfæðingu stórveldisins Rússlands. *Kjartan Guðmundsson* fjallar um uppgang rússneska fótboldans og hvernig valdhafar nýta íþróttir sér í hag.

Rússland er á sigurbraut. Við rústum öllum í körfubolta, fótbolta, íshokki og Eurovision!“ sagði Evgeni Plushenko, fyrrum ólympíumeistari á skautum og núverandi stjórnmálamaður, eftir að Rússar höfðu sigrað í Eurovisionkeppninni í fyrsta sinn í sögu landsins í maí síðastliðnum. Vladimir Pútín var síst sparari á stóru orðin í símskeyti sem hann sendi Dima Bilan, söngvara sigurlagsins, eftir keppnina: „Enn einn mikilvægi sigurinn fyrir alla Rússa,“ kvað forsætisráðherrann upp úr með.

Árangur á öllum vígstöðvum

Í raun er leitun að þeirri keppni sem Rússland hefur ekki unnið, eða gengið betur í en bjartsýnustu menn þorðu að vona, upp á síðkastið. Í september í fyrra urðu Rússar Evrópumeistarar í körfuknattleik. Maí á þessu ári var óvenju hagstæður Rússum, en fyrir utan sigurinn sögulega í Eurovision vann landsliðið heimsmeistaratilinn í íshokki og knattspyrnuliðið Zenit frá Pétursborg vann óvæntan sigur í Evrópukeppni félagsliða (UEFA CUP). Í ofanálag var borgin Sochi við Svartahafið valin sem vettvangur Vetrarólympíuleikanna árið 2014. Líklegt er að sú upphæfð muni færa Rússum miklar tekjur og umfjöllun heimspressunnar. Einnig er flestum í fersku minni frækileg frammistaða rússneska landsliðsins á Evrópumótinu í knattspyrnu nú í júní.

Rússneski björninn hefur því haft ærna ástæðu til að gleðjast upp á síðkastið, ef lítið er til keppnissigra. Ljóst er að þeir miklu erfiðleikar sem fylgdu í kjölfar hruns Sovétríkjanna fyrir hartær átján árum höfðu í för með sér að sjálfstraust þjóðarinnar sem heildar fór niður fyrir frostmark. Sfhækkandi heimsolíuverð og eftirspurn hefur bætt efnahaginn til mikilla muna. Einnig hefur stjórnkerfi landsins öðlast aukinn stöðugleika á síðustu árum, þótt vissulega séu stjórnhættir þeirra Medvedev forseta og Pútín forsætisráðherra umdeildir í meira lagi. Margir velta því fyrir sér hvort þessir þættir, samhliða glæstum íþróttasigrum, séu færir um að sameina Rússa í trú og trausti á betri tíma.

Rússnesk knattspyrnuveisla á EM

Hið kornunga knattspyrnulandslið Rússa kom mörgum á óvart með góðum árangri í nýafstöðnu Evrópumóti. Liðið var að öðrum óstöðum stærsti sigurvegari keppinnar að undanskildum Spánverjum, hinum eiginlegu sigurvegurum mótsins. Fjölmargir hrifust af sóknjörfum og hugmyndaríkm leikmönnum liðsins, sem spila allir nema einn með rússneskum félagsliðum. Algennt var að menn spurðu sig hvers vegna frábærir leikmenn á borð við Arshavin og Pavlyuchenko væru ekki á mála hjá stærstu og þekktustu liðum Evrópu. Svarið við þeirri spurningu er hið sama og við svo mörgum öðrum: peningar.

Niðurlægning og breytta áherslur

Fram til loka níunda áratugarins voru Sovétríkin sannkallað knattspyrnustórveldi. Eftir fallið tók hins vegar við langt niðurlægningartímabil. Rússneska deildin varð fyrir hverju fjárhagslegu áfallinu á eftir öðru, og áhorfendatölur hríðföllu ár eftir ár. Árangursríkt upplisstarf ungra leikmanna, sem er bráðnaúsynlegur hluti hvernar þeirrar þjóðar sem vill kalla sig knattspyrnustórveldi, lagðist nánast niður í kjölfarið. Nú er öldin önnur, þökk sé bættum efnahag. Stjórnvöld hafa stór-



ENN EINN SIGURINN Andrei Arshavin, leikmaður Zenit í Pétursborg og rússneska landsliðsins, fagnar marki sínu gegn Hollandi í átta liða úrslitum Evrópumótsins í júní. Liðið komst lengra en nokkur þorði að vona undir stjórn Hollendingins Guus Hiddink og vakti aðdáun knattspyrnuaðdáenda hvarvetna.

aukið fjárveitingar til íþróttamála, og ekki þarf að koma á óvart að hjá þjóð með jafn ríka knattspyrnuhefð og Rússland njóti þjóðaríþróttin mests stuðnings.

Í ofanálag hófu rússneskir olubaronar og fleiri auðmenn að auka peningum í rússnesku félagsliðin. Nýlegar fregnir frá Rússlandi benda til þess að sá fjáraustur sem hefur orðið frægur að endemum í úrvalsdeildum Englands, Spánar, Ítalíu og víðar sé nánast barnaleikur, samborið við fjárhæðirnar sem skipta um hendur daglega í þeirri rússnesku. Sem dæmi má nefna þau ummæli Alexei Smertin, fyrrum fyrirliða rússneska landsliðsins, að hann fái betur greitt hjá Lokomotiv Moskvu, félaginu sem hann fer til í sumar, heldur en í ensku úrvalsdeildinni, þar sem hann hefur leikið við góðan orðstír í mörg ár.

Einnig hefur Vitali Mutko, forseti rússneska knattspyrnusambandsins, látið hafa eftir sér að Arshavin, einum af stjörnum EM, verði tæplega að þeirri ósk sinni að spila á Spáni á næstu leiktíð, af þeirri einföldu ástæðu að Barcelona, eitt allra ríkasta og frægasta félagslið heims, sé ólíklegt til að hafa efni á honum.

Upprisa stórveldis?


Afrakstur þessara breytinga í innviði rússneskra knattspyrnumála hefur ekki farið framhjá evrópskum knattspyrnuaðdáendum upp á síðkastið. Upprisa rússneskrar knattspyrnu er altöluð um þessar mundir. Almennur líkindareikningur hlýtur að leiða að þeirri niðurstöðu að ein fjölmennasta þjóð heims, sem býr að ríkri knattspyrnuhefð, svo ekki sé minnst á gríðarlegt magn fjármagns sem sett er í knattspyrnumál, þurfi ekki að bíða lengi eftir því að endurheimta stöðu sína sem eitt af helstu knattspyrnustórveldum veraldar.

Sameiningarmáttur íþróttar

Á tímum Sovétríkjanna skiptu íþróttir miklu máli fyrir þjóðarímyndina. Lítið var á stóra íþróttasigra sem tákni um mikilvægleika stórveldisins, og í raun má segja

að íþróttum hafi verið beitt sem pólitísku vopni. Rússneskir valdhafar dagsins í dag gera enda miknið úr því að tíðir sigrar í hinum ýmsu keppnisgreinum upp á síðkastið séu lýsandi fyrir endurfæðingu stórveldisins Rússlands. Ummæli Viktors Zubkov, þáverandi forsætisráðherra, í aðdraganda hins mikilvæga leiks Rússa og Englendinga í undanriðli EM í október, bera þessu glögglega vitni: „Þeir hafa ellefu leikmenn, og líka við. Þeir hafa tvær hendur, tvo fætur og eitt höfuð hver, og hið sama gildir um okkur. En vitið það hvað skiptir mestu máli? Að við, Rússar, unnum síðari heimsstyrjöldina. Og við vorum fyrstir út í geiminn. Áfram Rússland!“

Rússneski rithöfundurinn Alla Demidova hefur skrifað um hinn mikla vilja Rússa til að standa sig vel í íþróttum. Hún metur stöðuna þannig að íþróttir séu valdhafandi stjórnmálamönnum nauðsynlegar til að skapa hugmynd um sameiginlega hagsmuni meðal fólksins. Þegar vel gengur í keppnisíþróttum eru yfirlýsingar eins og „þetta er bara byrjunin“, sem fá fólk til að trú á bjartari framtíð, algengar. Þegar Medvedev forseti var spurður um ástæður góðs gengis Rússa í íþróttum upp á síðkastið sagði hann ástæðuna vera sameiginlegt átak: „Rússland samstillti styrkleika sína og sótti á öllum vígstöðvum. Veikburða ríki vinnur sjaldan nokkuð, hvorki í íþróttum né öðru.“



MIKILVÆGT Pútín og Medvedev benda á nýlega runu af íþróttasigrum Rússlands sem eitt af greinilegustu táknum um upprisu stórveldisins.

BREYTTUR ÞANKAGANGUR RÚSSA

„Nýlegir íþróttasigar Rússlands eru nátengdir hinum mikla efnahagsvexti í landinu síðan 1998. Efnahagsvöxturinn er svo aftur tengdur breyttum þankagangi þjóðarinnar,“ segir Alexander Maslow, 31 árs gamall viðskiptafræðingur sem býr í Pétursborg. „Á tímum Sovétríkjanna var ávallt lítið á íþróttasigra sem afrek hins sterka ríkis. Einstaklingarnir voru einungis tannhjól í stórrí maskínu. Upp á síðkastið hefur einstaklingunum verið leyft að vera ábyrgir fyrir þeim sigrum sem nást hafa. Eftir um fimmtán ára tímabil



ALEXANDER MASLOW


þar sem nánast engir sigrar unnust er ekki skrytið að algjör sprenging verði í landinu þegar nokkrir sigrar nást á stuttum tíma.“

Alexander segir unga Rússa taka íþróttir mjög alvarlega. „Unga kynslóðin lítur á íþróttir sem vel borgaða atvinnu fremur en áhugamál. Fyrirtæki og einstaklingar hafa fjárfest grimmt í íþróttum og íþróttasigar geta sameinað fólk frá mismunandi þjóðum innan Rússlands í skamman tíma. Menningartengsl þurfa þó að vera sterk til að slíkt dugi til lengri tíma lítið.“

LANDSLIÐIÐ TENGIR SAMAN ÍBÚA ELLEFU TÍMABELTA

„Knattspyrnulandsliðið sneri aftur heim til Rússlands eftir tapið stóra gegn Spánverjum á EM, og var fagnað sem þjóðhetjum. Á HM 2002 voru óeirðir á götum úti í Moskvu þegar liðinu gekk ekki sem best. Þetta tel ég vera ákveðið þroskamerki,“ segir Karl Ferdinand Thorarensen, innkaupastjóri hjá Emmes ís. Karl bjó í Pétursborg um skeið, er giftur rússneskri konu og er hafsjór af fróðleik og áhuga á Rússlandi.

„Niðurlægningartímabil rússneskrar knattspyrnu hefur verið ansi langt. Það að fólk hafi verið stolt af þessu unga landsliði fyrir að komast þó þetta langt í



KARL FERDINAND THORARENSEN

sameiginlegt innbyrðis.“

Njóttu helgarinnar!



900g
**ÓTRÚLEGT
VERÐ!**



SAFARÍKAR
KJÚKLINGABRINGUR

869 kr/pk.



30%
afsláttur

HAMBORGARAR
2x175g

398 kr
~~568~~ kr



40%
afsláttur

GOÐA
UNGNAUTAHAKK

899 kr/kg
~~1.498~~ kr



40%
afsláttur

GOÐA
BBQ GRÍSARIF

862 kr/kg
~~1.436~~ kr/kg



30%
afsláttur

GOÐA
LAMBALÆRI - VILLIKRYDDAÐ

1.392 kr/kg
~~1.989~~ kr/kg



50%
afsláttur

SYKURPÚÐAR

99 kr/pk
~~198~~ kr/pk



DVD
fylgir með

6X2L KIPPA
PEPSI MAX

990 kr

TILBOÐIN GILDA 3. - 6. JÚLÍ

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Sparnaðarráð hinna hagsýnu

Verður humarhölum skipt út fyrir slátur þegar kreppan skellur á af fullri hörku? Hvað eiga eyðslusamir Íslendingar að gera í þessari ótið? Þórgunnur Oddsdóttir heyrði í nokkrum hagsýnum einstaklingum og forvitnaðist um hvernig lifa má kreppuna af og njóta hennar um leið.

BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

Smyglar sér frítt á völlinn

Fáir kunna jafn vel að spara og stúdentar. Það kemur því ekki á óvart að Björg Magnúsdóttir, formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands, lumi á ráðum sem vert er að nýta sér í krepputíð. „Ég fylgist alltaf vel með og veit hvar eru kokkteilboð og galleríopnanir. Oft lauma ég mér á slíka viðburði og þykist vera menningarleg en stend síðan og gúffa í mig veitingum. Ef maður er heppinn fær maður kannski kampavín eða hreindýrakjöt alveg ókeypis,“ segir Björg og bætir því við að leikurinn sé einnig spennandi þar sem maður veit sjaldnast fyrirfram hvaða veitingar eru í boði.

Þegar ódýr afþreying er annars vegar hefur Björg einnig ráð undir rífi hverju. „Það kostar yfirleitt eitthvað inn á fótboltaeiki en fátækar stúdnur, sem hafa áhuga á fótbolta geta auðveldlega smyglað sér frítt inn. Maður mætir bara á völlinn, nikkar manneskjuna í miðasölunni og segir að kærastinn sé að spila. Mér skilst að það séu flestir á lausu í Fjölnisliðinu svo þar eru mestar líkur á að manni takist að telja miðasöldómunni trú um að maður sé glæný kærasta eins liðsmannsins,“ segir Björg sem hefur hagsýnina einnig að leiðarljósi þegar hún fer í bæinn að skemmta sér um helgar.

„Oft þarf maður að pissa en nennir ekki að bíða í röð fyrir utan staði. Á Ingólfstorgi og við Vegamót eru vöðu huggulegir útikamrar en það kostar 100 krónur að komast þar inn. Þá er gott að vera búinn að undirbúa sig heima. Maður borar gat með raf-



HEIMAVINNAN Áður en Björg fer á djammíó útbýr hún mynt fyrir almenningssalernin

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

magnsborvél í myntina og þræðir girni í. Svo þegar maður þarf að pissa setur maður myntina í raufina, dýrnar opnast og þá kippir maður peningnum aftur til baka og getur notað hann aftur,“ segir Björg en viðurkennir að vissulega megi deila um lög-mæti slíkra aðgerða.

„Kannski verður kreppan til þess að við endurvekjum gömlu kvöldvökurnar. Í blokkum geta menn skiptst á að vera með húslesturinn í stað þess að borga áskrift að rándýrum sjónvarpstöðvum.“

MARGRÉT SIGFÚSDÓTTIR

Frystikistan er besta sparnaðartækið

Margrét Sigfúsdóttir, skólastýra Hússtjórnarskólans í Reykjavík, kann að reka heimili og veit hvernig hægt er að forðast óþarfa peningauflát. Hún segir ástandið núna góðan tíma fyrir unga fólk að læra það sem mæður þeirra og ömmur kunnu – að skipuleggja innkaup og nýta hlutina.

„Ég umgengst ungt fólk mikið og finnst alveg skelfilegt þegar það segist ekki borða afganga. Hvað er að því að borða afganga? Fólk hendir heilu haugunum af mat eins og eitthvað hrikalegt gerist ef það leggur sér matinn frá í gær til munn,“ segir Margrét sem sjálf hendir aldrei afgangum sem hægt er að nýta. „Það má borða afganginn næsta dag og ef maður hefur ekki tók á því má setja þá í frystibox, geyma í kistunni og skella því svo í örbylgjuna síðar,“ segir Margrét og bætir því við að auk þess að henda afgangunum séu margir of fljótir að henda grænmeti.

„Paprika sem farin er að linast hentar kannski ekki í salatið en það má frysta hana og draga hana fram næst þegar búinn er til ofn- eða pottréttur,“ útskýrir hún.

Margrét segir harðbannað að fara svangur í búð, sérstaklega nú þegar brýnt er að spara. „Það er líka mjög mikilvægt að skrifa innkaupalista. Ef fólk vill virkilega spara ætti það að búa til matseðil fyrir vikuna og skipuleggja innkaupin út frá honum,“ segir hún.

Ætti Margrét að nefna eitt tæki sem gott er að eiga í kreppunni þá er það frystikistan. „Þegar harðnar í ári er frystikistan tæki



SPARNAÐARTÆKI Margrét á alltaf eitt-hvað ódýrt í kistunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

til að spara. Fólk á að fylgjast með tilbodum matvöruverslananna og kaupa kjöt, fisk og kjúkling á afslætti og setja í frystikistuna,“ segir hún og minnir að lokum á að tilbúinn matur sé ekki hagstæður kostur í krepputíð. „Fólk segist ekki hafa tíma til að elda en keyrir kannski langar vegalengdir út á næsta skyndibitastað. Það tekur álfka langan tíma að sjóða fisk og kartöflur sem er bæði ódýrara og hollara.“

HELGI ÞÓRSSON

Fíflablöðkur í salatið og heimatilbúin skemmtun

„Þegar harðnar svona á dalnum verða menn náttúrulega að skoða málin með opnum huga og sjá að tækifærin leynast miklu víðar en okkar hefðbundni rammi segir til um. Til dæmis í matvælum. Það má bjarga sér á ýmsan annan hátt en að fara út í búð,“ segir Helgi Þórsson, bóndi og tónlistarmaður í Kristnesi við Eyjafjörð. „Það er náttúrulega þetta kjöt sem er allstaðar í krugum okkur, já og grænmetið. Í þéttbýlinu má oft ná í gæsir, endur og jafnvel egg og fyrir þá sem eru opnari þá eru hundar og kettir út um allt sem auðvelt er að krækja í. Svo er það meðlætið. Í jurtaríkinu má finna ýmislegt sem hentar vel í salat, til dæmis fíflablöðkur,“ segir Helgi og bætir því við að þótt aldrei sé æskilegt að stela frá nágrönnum sínum geti það verið nauðsynlegt ef í harðbakkann slær.

„Þegar haustar má læðast í matjurtagardana í hverfinu og næla sér í ferskt salat og gulrætur. Það er enginn að tala um að valta yfir allt hverfið, maður tekur bara lítið hjá hverjum og einum,“ segir Helgi og ráðleggur barnafólki að senda börnin sín oft í pössun og stóla á að þar verði þeim gefið að borða. Hann segir enga þörf á að örvænta yfir efnahagsástandinu strax. „Þetta er bara spurning um að breyta hugarfarinu og finna nýjar leiðir. Við sem búum í dreifbýlinu lifum auðvitað eins og blómi í eggi í kreppunni, tínum ber og lifum á landsins gæðum. Reykvikingar geta líka verið alveg rólegir meðan þeir hafa allt þetta fuglalíf við Tjörnina, þegar það er uppuríð má grípa til róttækari aðgerða,“ segir Helgi.

Í sparnaðarskyni mælir Helgi með því að fólk gangi á milli staða frekar en að keyra. „Þeir sem eru samilega staðir geta hjólað. Já, og ef mönnum leiðist að labba þá má valhoppa eða skokka,“ segir hann.

Þegar kemur að ódýrri dægurvöl stend-



LJUFFENGU Illgresið bragðast sem besta salat.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

ur Helgi ekki á gati. „Í stað þess að borga sig inn á rándýra tónleika má heimsækja gamlan frænda, hlusta á hann glamra á gítarinn og spila síðan sjálfur undir á Machintoshbark, öll fjölskyldan getur hist og spilað saman. Kannski verður kreppan til þess að við endurvekjum gömlu kvöldvökurnar. Í blokkum geta menn skiptst á að vera með húslesturinn í stað þess að borga áskrift að rándýrum sjónvarpstöðvum,“ segir Helgi sem hlakkar hreinlega til að takast á við kreppuna.

RAGNAR FREYR PÁLSSON

Vasapeningar ekki bara fyrir börn

„Ég hugsa að flestir, ef ekki allir, hafi tók á því að minnka eyðsluna svölítið,“ segir Ragnar Freyr Pálsson, graffískur hönnuður, sem er nýkominn heim úr námi í Bandaríkjunum og fékk svölítið áfall þegar hann sá hvað allt er orðið dýrt á Íslandi. Hann deyr þó ekki ráðalaus enda kann hann ýmislegt fyrir sér þegar sparnaður er annars vegar og hefur meðal annars haldið úti vefsíðunni Skotsilfur.com þar sem hann deilir ráðum sínum með öðrum.

„Fyrsta sparnaðarráðið sem ég get nefnt er að borga sjálfum sér vasapeninga. Vasapeningar eru ekki bara fyrir börn og það er skynsamlegt að taka ákveðna prósentu af launum og ráðstafa þeim sem vasapeningum sem má eyða í hvað sem er. Þegar þeir peningar eru búnir má ekki eyða meiru í nammi, föt, bíó, tónleika og þess háttar fyrr en í næsta mánuði,“ segir Ragnar sem sjálfur hefur skammtað sér vasapeninga með góðum árangri. „Þetta tryggir að maður eyðir ekki meiru í óþarfa en maður setur sér,“ segir Ragnar og bætir því við að það sé mikilvægt að vera svölítið strangur við sjálfan sig.

Í öðru lagi bendir Ragnar fólk á að skoða í hvaða óþarfa það eyðir á hverjum degi. Þótt oft sé um lágar upphæðir að ræða safnast það þegar saman kemur. „Það er mjög algengt að fólk kaupi sér til dæmis kaffi, tyggjópakka, sigarettur eða kók á hverjum degi. Leggðu þennan pening frekar inn á bók í lok vikunnar. Langtímaáhrifin eru gríðarleg. Til dæmis er 200 kall á viku í 14 ár ein milljón og 22 þúsund krónur,“ segir Ragnar.

Svo er það líkamsræktin sem er



BORGAR SÉR VASAPENINGA Ragnar fylgist með í hvað peningarnir fara.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að sögn Ragnars hálfgerð peningaplokk sem óþarfi er að eyða krónum í í krepputíð. „Fólk ætti að segja upp rándýrri líkamsræktaráskriftinni, leggja bílnum og ganga, hlaupa eða hjóla í staðinn. Þú sparar ekki bara heilmikið næstu mánuðina með þessu heldur þarftu að eyða minni peningum í læknskostnað í framtíðinni,“ segir Ragnar.

BMW X6

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

forstjóri



fyrirliði

Frumskýnum X6 nýja sportbílinn / lúxusjeppann frá BMW

BMW X6 sameinar fágun og aksturseiginleika sportbilsins við rými og fjölhæfni lúxusjeppans. Tilkoma BMW X6 hefur skapað þörf fyrir nýjan flokk bifreiða sem kallast Sports Activity Coupé (SAV). Sem fyrr er BMW leiðandi í hönnun og tækniþróun í bílaframleiðslu. Það er vissulega engin tilviljun að BMW náði fyrir nokkru að verða stærsti lúxusbílaframleiðandi í heimi.

Segja má að með X6 sé skyggst inn í framtíðina hjá BMW. Meðal annars má nefna tölvustýrðan drifbúnað sem kallast Dynamic Performance Control og vinnur með BMW xDrive fjórhjóladrifinu. DPC kerfið tryggir að senda má allt að 100% af afli vélarinnar til eins hjóls í einu. Aldrei hafa slíkir aksturseiginleikar verið í boði í svo stórum bíl. BMW X6 hefur fært markið lengra í burtu. Þetta er nýjasti leiðtogi á götunum og hvort sem þú ert forstjóri eða fyrirliði þá er þessi bíll sniðinn fyrir þig. **Líttu við í BMW umboðinu að Grjóthálsi 1. BMW X6 – fyrsti bíll sinnar tegundar.**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is



Með bílinn handa þér

Gegn guði og góðu siðferði

Aldarfjórðungur er síðan **Úlfar Þormóðsson**, útgefandi og ábyrgðarmaður Spegilsins, var dæmdur fyrir guðlast og klám. Einungis tveir Íslendingar voru dæmdir fyrir guðlast á síðustu öld. Úlfar sagði *Kolbeini Óttarssyni Proppé* frá málinu.

Það dugði ekkert minna til en mesta lögregluútkall lýðveldisins, þetta var svo hættulegt blað," segir Úlfar Þormóðsson. „Allir hreppstjórar, sýslumenn og lögreglustjórar í landinu voru kvaddir út til þess að koma blaðinu úr umferð. Það var farið í allar bókabúðir og allar sjóppur á landinu og Spegillinn hirtur. Þá voru umboðsmenn um allt land eltir uppi.“

Félag áhugamanna um alvarleg málefni gaf Spegilinn út. Starfsmenn blaðsins voru þeir Úlfar og Hjörleifur Sveinbjörnsson, en kona hans situr í dag í sæti utanríkisráðherra. „Þetta var mikið leynifelag, raunar svo mikið að það var aldrei stofnað; menn hittust bara. Útgáfa gamla Spegilsins lá niðri og okkur fannst vanta svona blað.“

Við vildum skemmta þjóðinni og sýna hvernig hún væri og við hvað hún væri að fást. Við héldum að meðaltal heimskunnar hefði lækkad hjá þjóðinni og hún gæti tekið við einhverju. Raunin var önnur. Oft er það svo með embættismenn sem byrja ungir hjá hinu opinbera þorna upp og geldast og fara að agnúast út í allt og alla. Heimskumeðaltalið er því alltaf hið sama. Það kemur smásig þegar nýir menn koma, en þeir eru fljótir að visna upp svo samtala heimskunnar er ætíð sú sama.

Félagið stóð fyrir ýmsu auk útgáfunnar. Á þessum tíma voru stjórnsmálaforingjar sífellt að skora hver annan á fundi og Jón Baldvin var gríðarlega brattur í því. Við skorudum hann á fund, en hann kom aldrei, helvítið á honum.

Á fundi sem hann hélt í gamla Sigtúni mættu síðan tveir úr félaginu. Þegar orðið var gefið laust fóru þeir hver á eftir öðrum í pontu og mærdðu Jón Baldvin af slíku offorsi að við lá að hinn síðari væri borinn úr pontu. Mogginn var mættur með blaðamann og ljósmyndara, en að afstöðnum fundi mátti sjá til Jóns Baldvins að hringja á skrifstofur blaðsins til að koma í veg fyrir að þetta birtist.“

Lögreglumál

Fyrsta tölublað Spegilsins birtist í apríl árið 1983. Tímasetningin var engin tilviljun. „Þetta var skemmtilegur tími, skammt til kosninga, og Spegillinn var náttúrlega stjórnarmálgagn," segir Úlfar, en í blaðhaus kemur fram að Spegillinn sé málgagn Félags áhugamanna um alvarleg málefni „og ríkisstjórnar hverju sinni. Þiggur gjarnan ríkisstyrki...“



DÆMDUR GUÐLASTARI Úlfar segist ekki hafa viljað missa af þeirri reynslu sem Spegilmálið færði honum. Það varð honum þó dýrkeypt því hann þurfti að selja hús sitt til að eiga fyrir skuldum og sektargreiðslum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úlfar segir nokkurn undirbúning hafa verið að útgáfunni. „Ég vildi stofna hlutafélag en kunnir ekki mikið á hlutafélagalög. Ég útbjó því sjálfur hlutabréf og gekk á milli nokkurra auðmanna sem glaðir keyptu bréf. Þeim fannst framtakið gott og þetta stóð nokkurn veginn undir fyrsta tölublaðinu.“

Annað tölublaðið kom út í maí. „Okkur fannst við ekki alveg nógu meinyrtir í fyrsta tölublaðinu og ekki nógu mikinn stuðning við ríkisstjórnina þar að finna, þannig að við hertum dálítið róðurinn.“

Sólarhring eftir að tölublaðið kom úr prentun fór hin umfangsmikla lögregluadgerð í gang. „Við sátum heima hjá mér á Grjótagötunni, ég Hjörleifur og einhverjir fleiri, og vorum að undirbúa næsta blað. Okkur grunaði ekki að yfirvöldin væru á eftir okkur.“

Við vissum ekki hvaðan á okkur stóð veðrið þegar allt í einu komu lögreglumenn inn til okkar og kröfðust þess að fá öll eintök af Speglinum sem þar væru.

Aðspurðir hver sökin væri sögðu þeir að í blaðinu væri að finna klám og ærumeiðingar. Síðar meir tókst þeim að bæta guðlastinu við.“

Úlfar segir að hið sama hafi verið upp á teningnum um allt land. Umboðsmenn hafi verið heimsóttir, auk sölustaða, og eintök gerð upptæk. „Þetta var vel skipulöð aðgerð hjá yfirvaldinu. Meira að segja fóru tveir, þrír fil-efldir lögreglumenn á heimili prentsmiðjueigandans um kvöldið og drógu hann út í náttfötunum til að hirða filmurnar uppi í Odda. Dreifarinn okkar var í ferð út á land og hafði einhvern pata af aðgerðunum. Hann kom sér strax í felur með fullan Moskvíts af Speglinum. Önnur eintök voru sett í steininn og komið fyrir í einum fangaklefanum. Þar rýrnaði upplagið nú talsvert og ég held að velviljaðir lögreglumenn hafi dreift því.“

Endurútgáfa

Útgefendur voru ekki af baki

dottirnir og þeir gáfu blaðið út aftur og höfðu bætt kápu utan um það og nýrri miðopnu. Þar mátti meðal annars finna myndir og frásagnir úr blöðum sem voru gefin út óáreitt á þessum tíma; Bósa, Bangsa og Tígulgösanum, en í þeim var að finna berorðar frásagnir af kynlífi fólks.

Blaðið, sem fékk nafnið Samvíska þjóðarinnar – en það hafði verið undirtitill Spegilsins – var selt á götum úti.

„Lögreglunni tókst ekki betur til en svo að þeir fjarlægðu bara litfilmurnar úr prentsmiðjunni, en ekki þær svarthvítu. Það voru því hæg heimatökin að prenta blaðið upp á nýtt. Nokkuð harðsnúinn hópur solumanna frá okkur fór af stað nokkrum dögum eftir að fyrsta upplag var gert upptækt. Fyrst vorum við í Austurstræti og ég fór með gjallarhorn upp á húsinn sem stóðu á horni Lækjargötu og Austurstrætis, en eru nú brunnin, og hvatti þjóðin til að kaupa samvísku sína. Við vorum náttúrlega teknir þar.“

Um kvöldið fór einn hópur í Öskjuhlíðina, en þar var eitthvað um að vera, og annar á Laugaraldsvöll, á landsleik í knattspyrnu. Lögreglan komst á snoðir um þetta og stöðvaði sölu, en eitthvað seldist þó.“

Leiðindi ekki saknæm

Úlfar var sem ábyrgðarmaður kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglunni. „Það var nú yfirleitt blíðindi í þessu máli. Yfirheyrslurnar voru nú hálfundarlegar og mér fannst á lögregluþjónunum að þeim myndi málið allt asnalegt. En ég var spurður hvar blöðin væru falin og af hverju ég væri í því að gefa þetta aftur út, þegar blaðið væri bannað.“


Ég fékk stuðning frá ýmsu fólki og til að mynda kom þekktur rit höfundur að máli við okkur og ritaði pistil á baksíðu endurútgáfunnar. Þá sagði Jón Steinar Gunnlaugsson í tengslum við málið eitthvað á þá leið að ekki væri víst að Spegillinn væri skemmtilegur, en ekkert væri í

→ EINHVER EFTIRSPURN

Bragi Kristjánsson fornbókasali kannaðist vel við eintakið þegar blaðamaður leitaði til hans. „Við fáum það alltaf af og til inn til okkar, það berst þá með bókasöfnum. Það er nú svo sem ekki rífandi eftirspurn eftir því – enda er nútímafólk fljótt að gleyma – en hún er þó einhver. Það fer alltaf fljótt út eftir að við fáum það," segir Bragi.

Tölublað af hinu bannaða eintaki fer á um 2.000 krónur í dag. Það kostaði 70 krónur á þávirði þegar það kom út í maí 1983.

Úlfar segist reglulega þurfa að fara með eintök af blaðinu í þjóðarþóklöðuna. „Þangað koma vist einhverjir menn sem hafa vit á góðum bókmenntum og ræna blaðinu," segir Úlfar um eintakið bannaða.




SELST FLJÓTT Bragi segir að þegar eintök af hinu bannaða Spegli komi í búðina hjá honum séu þau fljótt keypt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



júlí 2008
Sport
[SÉRBLAÐ FRÉTTAÐSINS UM ÍÞRÓTTIR]

**MEIRI METALL Í
KVENNABOLTANUM
ÍÞRÓTTAMÖMMURNAR
VONARSTJÖRNUR
KVENNABOLTANS
DÓMARAR FÁ ÞJÁLFA**



**HRAÐINN
HEILLAR**

**SVEINN ELÍAS ELÍASSON
ER FLJÓTASTI
HÚSVÖRÐUR LANDSINS**

KSÍ á ekki að vera með ritskoðunartilburði



FRÁ RITSTJÓRA
Henry Birgir Gunnarsson



Ef KSÍ ætlar sér að fara þá leið að banna fjölmiðlamönnum að tala við þjálfara löngu eftir að leik lýkur geta afleiðingarnar orðið talsverðar. Slíkir ritskoðunartilburðir eru ekki af hinu góða.

Síðustu ár hefur verið að dúkka upp athyglisverð umræða þar sem menn takast á um þau sjónarmið hvort það sé í lagi að leikmenn og þjálfarar fari í viðtöl beint eftir leiki. Sú umræða er komin á annað stig núna því KSÍ hefur stofnað sérstakan starfshóp sem fer yfir þessi mál meðal annars.

Þarna tel ég að menn verði að stíga ákaflega varlega til jarðar. Ef KSÍ ætlar sér að fara þá leið að banna fjölmiðlamönnum að tala við leikmenn eða þjálfara löngu eftir að leik lýkur geta afleiðingarnar orðið talsverðar. Slíkir ritskoðunartilburðir eru alls ekki af hinu góða að mínu mati.

Allt slíkt mun gera erfiða vinnu fjölmiðla enn erfiðari og það á versta tíma dagsins. Ákveðnir fjölmiðlar munu þess utan einfaldlega ekki eiga þess kost að taka viðtöl svo seint. Efnid sem viðkomandi fjölmiðlar geta í kjölfarið boðið upp á verður ekki eins innihaldsríkt og áhugavert. Það er klárlega ekki til framsýningar fyrir íþróttina og getur aukin heldur orðið þess valdandi að fjölmiðlar setji ekki sama þúður í umfjöllun og annars væri raunin.

KSÍ þarf að átta sig á því að samstarf og samspil við fjölmiðla hefur gríðarlega mikið að segja um hversu vinsælt efnid getur orðið. Það þarf að sjá til þess að fjölmiðlamenn geti matreitt sitt efni á sem besta mögulega hátt.

Áhorfendur vilja sjá viðtöl við leikmenn beint eftir leiki og í hálfleik. Það er líka oftast í þeim viðtölum sem „besta“ efnid verður til. Efnid sem selur íþróttina að mörgu leyti hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Auðvitað getur það haft sína ókosti ef menn fara langt yfir strikið í orðavali sínu og skaða íþróttina. Þessi viðtöl og umdeildir atburðir eru það sem áhugamennirnir tala um á kaffistofunum daginn eftir leiki. Svo er heldur engin trygging fyrir því að allir hagi sér eins og skátar þótt þeir komi einhverjum mínútum síðar í viðtöl.

Ef við tökum sem dæmi NBA-deildina þá hafa menn þar á bæ algjörlega áttað sig á því hvað samspilið við fjölmiðla skiptir miklu máli fyrir íþróttina. Forráðamenn NBA-deildarinnar eru fullkomlega meðvitaðir um að þeir þurfa að selja sína vöru og gera því það sem þarf til að gera íþróttina sem mest aðlaðandi fyrir þá sem mestu máli skipta. Það eru áhorfendurnir eða neytendurnir réttara sagt sem borga brúsann og eru undirstaða þess að sportið stendur undir sér. Ef engin er umfjöllunin er ekki líklegt að hallirnir eða vellirnir séu fullir af fólki.

Í stað þess að standa í ritskoðunartilburðum hefur NBA ákveðið að stíga skrefið enn lengra í þessu nauðsynlega samspili við fjölmiðla. Þeir til að mynda skikka þjálfara til þess að gefa viðtöl á milli leikhlaða. Einnig verða menn að koma í viðtöl beint eftir leiki og í hálfleik.

Ákveði KSÍ að fara hina leiðina og hreinlega hefta aðgengi fjölmiðla að leikmönnum mun það bitna á íþróttinni. Söluvörðunni góðu sem hefur heldur betur verið að skila KSÍ og félögum pening í baukinn. Því vara ég menn við því að fara þessa leið enda sannfærður um að það muni bitna á íþróttinni og verðgildi söluvörðunnar mun í kjölfarið lækka. Slíkt skref væri ekki framfaraskref fyrir knattspyrnuna.



Sport

Útgefandi: 365.


Ritstjóri: Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

Bláðamenn: Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is, Ómar Þorgeirsson
omar@frettabladid.is, Hjalti Þór Hreins-
son, hjalti@frettabladid.is

Útlitshönnun: Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is

Auglýsingar: Stefán P. Jones,
spj@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Valgarður
Gíslason af Sveini Eliasi Eliassyni.



Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



...alla daga

Medallestur á tölublað m.v. höfuðborgina, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.



Porkell Máni Pétursson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, klæðist ósjaldan þungarokksbolum á æfingum og hann spilar einnig þungarokk fyrir stelpurnar. Hann segir margar fótboldastelpur vera rokkhunda.

SPORT/VALLI

MEIRI METALL Í KVENNABOLTANUM

Útvarpsmaðurinn og rokkhundurinn Porkell Máni Pétursson hefur slegið í gegn á sínu fyrsta ári sem þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar í Landsbankadeildinni. Liðið er í þriðja sæti og á hraðri uppleið. Máni segist veita leikmönnum liðsins tónlistarlegt uppeldi og spilar þungarokk fyrir stelpurnar.

EFTIR HENRY BIRGI GUNNARSSON

Fótbolti er rokkíþrótt. Stelpur flla líka rokk. Meira segja fótboldastelpur,“ segir Porkell Máni Pétursson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, aðspurður hvað annálaður rokkhundur eins og hann sé að gera í kvennabolta.

Porkell Máni, eða bara Máni eins og hann er oftast kallaður, hefur hingað til verið best þekktur sem kjaftfor útvarpsmaður á rokkstöðinni X-inu 977 þar sem hann er tónlistarstjóri. Máni var einnig umboðsmaður Mínus til langs tíma. Það liggur því beint við að spyrja Mána næst að því hvort það sé metall að þjálfra kvennabolta?

„Öll lið sem ég þjálfá fá meðfram knattspyrnuþjálfuninni tónlistarlegt uppeldi. Það finnst mér bara sjálfsögð skylda mín þó þess sé ekki getið í ráðningarsamningnum mínum. Það hefur einmitt alltaf loðað við íþróttafólk að hafa hræðilegan tónlistarsmekk. Þetta hefur gefið sig vel ég þjálfaði sama hópinn hjá Haukum í þrjú ár. Helmingurinn af þeim er enn í boltanum, hinn helmingurinn er í rokkinu,“ segir Máni stoltur og bætir við: „Það er meiri metall í Landsbankadeild kvenna en karla. Það sést mest á vælinu karlamegin.“

Ef mið er tekið af töktum Mána í útvarpinu er auðvelt að sjá fyrir sér að hann sé mjög harður þjálfari.

„Ég er enginn ruddi en ég er kannski ekkert skemmtilegasti þjálfarinn í bænum. Þó ég vilji nú meina að ég hafi verið óvenju mjúkur og þægilegur þetta tíma-bil,“ sagði Máni en blótar hann eins mikið í boltanum og útvarpinu? „Það er best að svara þessu

þannig að ég myndi ekki hafa strákana mína hjá mér á bekknum.“

Eins og Máni segir veitir hann þeim stelpum er hann þjálfar einnig tónlistarlegt uppeldi. Það er því væntanlega spilað þungarokk fyrir stelpurnar.

„Klárlega. Margar stelpurnar er líka rokkarar og metalhausar. Aðalvandamálið eru þessar stelpur utan af landi og þá sérstaklega þessar frá Saudárkróki. Það virðist sem eini diskurinn sem til var í Kaupfélaginu á Króknum hafi verið með Bon Jovi. En ég er að berja þann viðbjóð úr þeim,“ sagði Máni ákveðinn. Máni er uppalinn Garðbæingur og harður Stjörnumaður sem hefur mikinn metnað fyrir hönd síns félags en hvar liggur metnaður hans í þjálfun?

„Mig langar til að verða betri þjálfari. Ég hef mikinn metnað fyrir því verkefni sem ég er í núna. Stjarnan er mitt uppeldisfélag, þar æfði ég, byrjaði að þjálfá og ætla að enda minn þjálfaraferill. Eg hef engan sérstakan áhuga að þjálfá meistaraflokk karla eða verða landsliðþjálfari. Það er ekkert fyrir mig. Ég mun klára minn samning við Stjörnuna og þegar honum lýkur tel ég allt eins líklegt að ég kaupi mér bara ársmiða á Stjörnuvöllinn og á Elland Road. Gerist bara „klikkaður fan“. Ég er annars fyrst og síðast stuðningsmaður Stjörnunnar,“ segir Máni.

Það segir sig sjálft að það er tvennt ólíkt að þjálfá stráka og stelpur. Hvað finnst Mána erfiðast við að þjálfá stelpur?

„Dramatíkin maður. Konur geta gert dramatík úr öllu,“ segir Máni léttur en hvernig útskýrir hann þann gríðarlega uppgang sem hefur orðið í kvennaboltanum síðustu ár?

„Deildin er að jafnast af mörgum ástæðum. Aðalástæðan að mínu mati er umgjörð liðanna. Einu sinni voru risarnir þrír með langbestu umgjörðina. Þá vildu leikmenn frekar vera á bekknum hjá þeim en að spila með liðunum fyrir neðan. Það er ekki svoleiðis lengur. Umgjörðin er orðin frábær hjá flestum liðum í deildinni og ef einhver er að fara í „stóru“ liðin er það fyrst og fremst vegna þess að hann fær betur borgað þar. Eða viðkomandi er það vitlaus að halda að það auki möguleika sína til að komast í landsliðið. Það var kannski svoleiðis einu sinni en það er liðin tíð. Sigurður Ragnar hefur sýnt að hann velur þá bestu og er slétt sama úr hvað liði þeir koma. Ungu leikmennirnir sem eru að koma upp eru tæknilega betri. Líkamlegt atgervi knattspyrnukvenna er líka miklu betra en það var og síðan hefur erlendum leikmönnum fjölgað mikið,“ sagði Máni.

Stjörnuliðið hefur farið vel af stað í sumar undir stjórn Mána og situr þegar þetta er ritað í þriðja sæti deildarinnar á eftir risunum, KR og Val. Hvað telur Máni sig geta komist langt með þetta Stjörnuliði? „Vonandi alla leið. Það er klárlega nauðsynlegt að það fari einhver annar að vinna í þessari deild en KR, Valur og Breiðablik. Það er bara orðið þreytt. Það breytist ekki af sjálfu sér. Ef það á að nást þurfa þau lið sem koma á eftir klárlega að setja meira í liðin og ég hef trú á að það verði gert. Mér sýnist vera mikill hugur í liðunum þarna í kring og vonandi verður þess ekki langt að bíða að við fáum að sjá nýtt nafn á titlinum. Mín von og trú er að það nafn verði Stjarnan,“ segir Máni

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

 Landsbankinn

10. umferð Landsbankadeild karla

| | | | | |
|--------------|--|-------|------------|---|
| sun. 6. júlí |  Próttur R. | 19:15 | KR |  |
| sun. 6. júlí |  Valur | 19:15 | Fram |  |
| sun. 6. júlí |  Keflavík | 20:00 | FH |  |
| mán. 7. júlí |  Fylkir | 19:15 | Breiðablik |  |
| mán. 7. júlí |  ÍA | 19:15 | Grindavík |  |
| mán. 7. júlí |  HK | 20:00 | Fjölur |  |

9. umferð Landsbankadeild kvenna

| | | | | |
|--------------|--|-------|-------------|---|
| þri. 8. júlí |  Keflavík | 19:15 | Þór/KA |  |
| þri. 8. júlí |  Stjarnan | 19:15 | Valur |  |
| þri. 8. júlí |  Fylkir | 19:15 | HK/Vikingur |  |
| þri. 8. júlí |  Breiðablik | 19:15 | Fjölur |  |
| þri. 8. júlí |  KR | 19:15 | Afturelding |  |

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.



VÍGALEGUR Í VINNUNNI Sveinn Elías vinnur alla virka daga frá kl. 8-16 sem húsvörður í Orkuveituhúsinu en fær að hlaupa frá á æfingar þegar honum hentar.



VALGARÐUR GÍSLASON

EITTHVAÐ VIÐ HRAÐANN SEM HEILLAR

SVEINN ELÍAS ELÍASSON, 18 ára tugþrautarkappi úr Fjölni, er meðal efnilegustu íþróttamanna landsins og er stöðugt að bæta sig. En hann hleypur ekki aðeins hratt heldur er hann líka mikill áhugamaður um bílasport og keppir í kvartmílu.

Eftir Ómar Þorgeirsson

Sveinn Elías Elíasson hefur þrátt fyrir ungan aldur náð eftirtekta-verðum árangri í íþrótt sinni og er alltaf að setja markið hærra og hærra. Sveinn Elías telur sig sjálfan eiga mikið inni og hefur þegar sett sér metnaðarfull markmið upp á framhaldið að gera og stefnir m.a. að því að komast á Ólympíuleikana í London árið 2012.

Sveinn Elías á að baki óteljandi drengja-, sveina- og piltamet og státar enn fremur af Íslandsmeti í karlaflokki í 400 metra hlaupi innanhúss. Nýjasta afrek Fjölnismannsins unga var að verða Norðurlandameistari í tugþraut í flokki 18-19 ára á móti sem haldið var í byrjun júní í Finnlandi en Sveinn Elías hefur lagt stund á tugþraut í þó nokkurn tíma.



Maður var með eintökin innan á sér og reyndi að koma þeim laumulega til kaupandans og hann að afhenda manni greiðsluna svo lítið bar á. Í sumum tilfellum er ég ekki frá því að kaupendum hafi þótt mikilvægt að ekki sæist að jafn löghlýðnir og virðulegir borgarar og þeir væru að kaupa þennan landsfræga ósöma með typpamyndum og allt hvaðeina.

Best man ég eftir virðulegri eldri konu sem opnaði veskið sitt svo lítið bar á, horfði í allt aðra átt en sagði út um munnvikið „láttu það bara hérna“.

Við höfðum stórgaman af þessu og ég vona að þetta hafi gagnast útgefandanum eitthvað,” segir Helgi að lokum.



EKKERT LISTRÆNT GILDI



FYRIR ...



... OG EFTIR.

TVEIR Á SIÐUSTU ÖLD

Þegar Úlfar var sakfelldur fyrir guðlast hafði einungis einn Íslendingur annar hlotið þau orlög á síðustu öld. Það var Brynjólfur Bjarnason sem dæmdur var árið 1925. Sá sem dæmdur var síðast á undan Brynjólfi fyrir þennan glæp var Gissur Brandsson sem dæmdist árið 1692 til húðláts fyrir guðlast.

Ummæli Brynjólfs sem dæmt var fyrir féllu í ritdómi um Bréf til Láru eftir Þórberg Þórðarson. Dómurinn birtist í Alþýðublaðinu og segir hann þar: „Íslendingar hafa löngum verið nokkuð treggáfaðir og einfaldir gagnvart kúgurum sínum; þeir eru orðnir þeim svo vanir, eins og hægt er að venja menn á frá blautu barnsbeini að elska og virða guð almáttugan, þó að allir eiginleikar hans séu útskýrðir ýtarlega og menn gangi þess ekki grufandi, að

Á baksíðu Spegilsins var að finna mynd sem var tilefni kæru. Á henni mátti sjá mann í hlýraból með derhúfu. Hann stóð með lim sinn liggjandi á eldhúsbörði, brá hníf á hann og horfði spyrjandi á konu sína. Hún stendur og telur peninga í baddu og segir: „Hvað vilja þeir nú aftur fyrir tomunnuna?“ Sonur þeirra situr við borðið og gramsar í tösku móðurinnar.

Undir myndinni stendur „Ragnar Arnalds með allt niður um sig. Íslensk leið eða hvað?“ Var þarna verið að gera grín að nýrri efnahagsstefnu sem Ragnar hafði kynnt í kosningabaráttunni, en hún gekk undir nafninu styttingarleiðin.

Í dómnum sagði að „tenging kynfæris og stórhættulegs vopns á myndinni á þann hátt, að maður sé þess albuinn að misþyrma sjálfum sér með grimmdarlegum hætti

[væri] til þess fall[ín] að hvetja til misþyrmingar á kynlífssviðinu. Mynd þessi höfðar því til óeðlilegs, sjúklegs hugarfars og er ekki með nokkru móti innlegg í neina jákvæða og eðlilega umræðu og gæti haft hættulegar afleiðingar úti í þjóðfélaginu.“

Úlfar var í sakadómi einnig sakfelldur fyrir að birta brot úr uppdikt-aðri dagbók Ragnhildar Helgadóttur menntamálaráðherra. Hún var talin lágkúruleg og illkvittin í dómnum og eingöngu sett fram í því skyni að svivirða Ragnhildi og Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómara, eiginmann hennar.

Hæstiréttur sýknaði Úlfar fyrir dagbókina og birting hennar var ekki talin saknæm. Úlfar segir að með dagbókinni hafi grín verið gert að dagbókum Hitlers sem hafi verið daglega í fréttum þessa dagana en verið fals eitt.

testamentinu, og er ljóst, að fyrstu kristnu söfnuðirnir hafa safnast saman og sameinast um þessa táknrænu athöfn og hafa leitað í henni samfélags við Krist með sérstökum hætti. Þeir hafa í sakramentinu minnst fórnar hans með þakkargjörð, leitað fyrirgefningar og tengst í kærleika innbyrðis. Kristnir menn sækja því umfram allt trúarlífi sínu næringu í heilaga kvöldmáltíð. Viðhorf kristinna manna til altaris sakramentisins er enn óbreytt frá því í árdaga. Táknin eru enn hin sömu, brotning brauðs og neysla brauðs og vins. [...]

Þar sem alkunna er, að altaris-sakramentið og þátttaka í því er kjarnaatriðið evangelísk-lúterskrar trúarkenningar og trúariðkunar, telur dómurinn, að birting ofangreinds les- og mynddefnis sem heild varði við lagagreininna, enda verður birting þessa efnis hvorki talið framlag til málefnalegar umræðu um trúmál né hún talin hafa listrænt gildi.“

Úlfar var því dæmdur sekur fyrir guðlast. Óvist er hvort dómstólar hafi fjallað um hvort viðhorf kristinna manna til annars en altaris-sakramentisins sé enn óbreytt frá því í árdaga.



GUÐLASTARI Á ÞING Þrátt fyrir dóm um guðlast settist Brynjólfur Bjarnason á þing. Þar ritaði hann eidskap sinn, í hverjum nokkuð er minnst á guð, líkt og aðrir þingmenn.

mér dýrt spaug. Íslenska íhaldið kann sér ekkert hóf í ofsóknum sínum; mál þetta hefir verið notað sem átylla til þess að bæjja mér frá kennslu í náttúrufræði við Menntaskólann.“

lögum sem bannaði það að menn væru leiðinlegir. Mér fannst þetta gott inn legg í umræðuna. Fleiri lýstu yfir stuðningi við okkur, þó hómörinn væri kannski ekki þeirra.

En svo voru aðrir sem glöddust yfir óförunum og fannst þetta í fínu lagi. Allir þeir sem náðu einhverju máli fannst þetta fyrir neðan allar hellur. En nokkrar nöðrur og önnur lægri dýr, sem hækka meðaltal heimskunnar, fannst þetta sjálfsagt mál. Svona ættu menn ekki að tala og því væri fínt að kæra okkur. En það var þá fínt að fá að vita hverjir þeir voru.“

Missti húsið

Úlfar varð fyrir töluverðum fjárútlátum vegna málsins. Ætlunin var að innheimta söluhagnað af fyrsta tölublaði um leið og öðru var dreift. „Þegar lögreglan stöðvaði dreifinguna og hóf rannsókn sína neituðu margir smásalar að greiða þessu helvítis glæpafyrir-

tæki nokkuð. Þegar við síðan dreifðum þriðja tölublaði höfðu fjölmargar sjóppur skipt um eiginendur og við fengum því ekkert frá þeim aðilum.“

Úlfar var í Hæstarétti dæmdur til að greiða sekt að upphæð 16.000 krónur eða sitja 20 daga í varðhaldi ella. Þá skyldi hann greiða allan sakarkostnað.

„Ég tók þá ákvörðun að selja frekar ofan af mér húsið og greiða sektina en að láta gera mig gjaldþrota, en það hefði líka verið hægt. Þannig slapp þetta og ég þurfti ekki að sitja inni. Ég ætlaðist aldrei til þess að aðrir væru með mér í uppgjörunu, en auðvitað er það dálítið að missa ofan af sér húsið. En það var nú líka dálítið gaman eftir á að hyggja.“

Brautin rudd

Ákveðnir þættir í blaðinu voru dæmdir ólöglegir en gefa mætti blaðið út að þeim fjarlægðum. Úlfar segir það hafa verið fráleitt. „Ég fór með lögmanni mínum til Alberts Guðmundssonar fjármálaráðherra og sýndi honum fram á að ekki væri hægt að fjarlægja þetta úr blaðinu án þess að eyðileggja það. Að auki hefði upplagið rýrnað í haldi lögreglunnar.

Albert var alveg sammála þessu og keypti allt upplagið sem eftir var. Það var náttúrulega mjög við hæfi, að ráðherra keypti einu blöðin sem seldust því auðvitað var þetta mál gagn ríkisstjórnarinnar.“

Úlfar segist efast um að mál af þessum toga gæti komið upp í dag. Hann telur málið hafa opnað umræðuna. „Vísitala heimskunnar hefur kannski ekki lækkað, en mönnum leyfist í það minnsta meira nú heldur en þá og tilkoma blaðsins og tilvera á náttúrulega þátt í því. Ég er viss um að Spaugstofan hefði ekki komist upp með sína svæsnustu þætti ef Spegillinn hefði ekki verið búinn að troða slóðina aðeins. Þetta hefur því haft áhrif og eftir á að hyggja hefði ég nú ekki viljað sleppa þessum kapitula.“

SÖLUMENN HANDTEKNIÐ Sigurður Hjartarson leiddur í lögreglubíl eftir að hann var handtekinn fyrir að selja Samvisku þjóðarinnar.

GEORGE W. BUSH BANDARÍKJAFORSETI
ER 62 ÁRA Í DAG

„Einræði væri fjáranum auðveld-
ara, það er engin spurning.“

George W. Bush tók við embætti for-
seta Bandaríkjanna árið 2001 og hóf
stríð gegn hryðjuverkum eftir árás-
irnar á Tviburturnana 11. september
2001. Margar ákvarðanir á stjórnun-
arferli hans hafa verið umdeildar.



PETTA GERÐIST: 6. JÚLÍ 1942

Anna Frank fer í felur

Anna Frank var ung gyð-
ingastúlka og þennan
dag árið 1942 fór hún
í felur með fjölskyldu
sinni undan sveitum
nasista. Hún fædd-
ist í Frankfurt árið 1929
en fjölskyldan flutti til
Hollands þegar Nas-
istaflokkur Hitlers náði
völdum. Árið 1940 her-
tóku Þjóðverjar Holland
og fjölskyldan komst
ekki úr landi. Anna
Frank var aðeins þrett-
án ára þegar fjölskyld-
an fór í felur í sérútbú-
num herbergjum á vinnustað föður hennar. Þar
höfðust þau við allt til ársins 1944 þegar ljóstr-



að var upp um felustað
þeirra. Anna Frank dó sjö
mánuðum síðar í Bergen-
Belsen-útrýmingarbúð-
unum, nokkrum dögum
á eftir systur sinni Mar-
got. Faðirinn lifði einn
fjölskyldumeðlima af
og flutti aftur til Amster-
dam eftir stríðið. Hann
fann dagbók dóttur sinn-
ar Önnu sem var gefin
út árið 1947. Í dagbók-
ina skrifaði Anna allt um
líf sitt frá því fjölskyld-
an fór í felur og fram til 1.
ágúst 1944. Bókin hefur
verið þýdd á mörg tungumál og hefur orðið upp-
spretta margra leikrita og kvikmynda.

MERKISATBURÐIR

- 1699 Sjóræninginn William Kidd tekinn höndum í Boston.
- 1946 Íslendingar fá Reykjavíkurflugvöll afhentan frá Bretum.
- 1950 Fyrsta Landsmót hestamanna sett á Þingvöllum.
- 1957 John Lennon og Paul McCartney hittast fyrst.
- 1958 Eyjólfur Jónsson syndir frá Reykjavík til Akraness.
- 1965 Rokkhljómsevntin Jefferson Airplane stofnuð.
- 1980 Frakkar sprengja kjarnorkusprengjur í tilraunaskyni.
- 1987 Rokkhljómsevntin Europe heldur tónleika hér á landi.
- 2005 Tilkynnt að London hýsi sumarólympíuleikana árið 2012.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

AFMÆLI



DALAI LAMA
er 73 ára í dag



ÁSDÍS HALLA
BRAGADÓTTIR
nemi er 40
ára í dag



ÆTLUM AÐ GERA PETTA AÐ ÁRVISSUM ATBURÐI Sigfús Baldursson og Skúli Ólafsson, prestar í Keflavíkurkirkju, skipuleggja hjólaferð milli kirkna.
MYND/INGIGERÐUR SÆMUNSDÓTTIR

EIRÍKSREIÐ MILLI KIRKNA: FER FRAM Í FYRSTA SKIPTI Í DAG

Hugsað út fyrir rammann

Í dag fer í fyrsta skipti fram svoköll-
uð Eiríksreið en það er hjólaferð
milli kirkna á Suðurnesjum. Eiríksreið
er kennd við séra Eirík Brynjólfsson
en hann þjónaði í Útskálum í Garði og
í Keflavíkurkirkju á fyrrihluta síðustu
aldar og ferðaðist milli sóknarbarna
sinna á reiðhjólum. Áætlað er að gera Eirí-
ksreið að árlegum viðburði. Skipu-
leggjendur ferðarinnar eru Skúli Ólaf-
sson og Sigfús Baldursson, prestar í
Keflavíkurkirkju.

„Forsagan er sú að við vildum gjarn-
an gera eitthvað fyrir þann breiða hóp
sem vill vera utandyra á sumrin og vill
ekki láta loka sig inni í kirkjum um há-
bjartan dag,“ útskýrir Skúli. „Það er
ákveðin vakning í að verða fyrir hug-
hrifum úti í náttúrunni en við fórum
af stað með útivistarþema í fyrra sem
hét því skáldlega nafni Döggin blikar,
grundin grær. Þar fórum við í göngu-

ferðir og náðum hálfgerðri pílagríms-
stemmingu í ferðunum, að okkur
fannst. Þarna úti höfðum við hugleið-
ingar um lífið og tilveruna í leiðinni
og þá kom upp sú hugmynd að hjóla á
milli kirkna.“

Lagt verður af stað frá Keflavíkur-
kirkju klukkan 10 í dag og hjólað í Út-
skála og áætlað að verða þar um klukk-
an 11. Kirkjan í Útskálum hefur nýlega
verið endurbætt en hún var byggð árið
1861. Í hverri kirkju verður farið yfir
sögu kirkjunnar og heimavanir flytja
fróðleik um staðinn og nánasta um-
hverfi. Klukkan 13 verður hópurinn í
Hvalneskirkju þar sem fjallað verður
um sálmaskáldið Hallgrím Péturs-
son sem þjónaði við kirkjuna. Áætlað
er að vera í Kirkjuvogskirkju um
klukkan 15. Þar verður helgistund og
tóm gefst til að snæða nesti. Klukkan
16:30 verður aftur komið í Keflavíkur-

kirkju og svo haldið áfram að Útskál-
um þar sem ferðinni lýkur um klukk-
an 17:30. Fólk getur hjólað alla leið eða
hitt hópinn á hverjum stað og slegist í
för. Einnig verður bíll með kerru sem
getur tekið þá upp í sem þreytast og
hjólin geta farið á kerruna.

Ferðin er í tengslum við annað sum-
arstarf Keflavíkurkirkju. „Við erum
með mjög lifandi dagskrá hérna yfir
sumarið þegar margar kirkjur, því
miður, draga saman seglin,“ segir
Skúli. „Ég held að við séum bara nokk-
uð hugmyndarík, en svo er þetta líka
tíðarandinn núna. Þeir sem ætla ein-
göngu að byggja á einberri hefð eiga
undir högg að sækja í kirkjunni eins og
í öðru. Því þarf að hugsa út fyrir ram-
mann til að ná augum og eyrum fólks og
þetta er liður í því. Okkur finnst þetta
sjálfum líka mjög gaman.“

heida@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu
okkur samúð og hlýhug við andlát og útför
elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður,
afa og langafa,

Páls Pálssonar
(Páls á Borg)

Hraunbæ 103, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Hjartadeildar
Landspítala 14 G og Líknardeildar Landakotsspítala
fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Inga Ásgrímsdóttir

Páll Pálsson

Ásgrímur Gunnar Pálsson

Arndís Pálsdóttir

Auðunn Pálsson

Björgvin Rúnar Pálsson

barnabörn og barnabarnabarn.

Hafdís Halldórsdóttir

Helga Tryggvadóttir

Rafn Árnason

Anna Baldvína Jóhannsdóttir

Fríður Reynisdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengda-
faðir, afa og langafi,

Jóhannes Halldór
Benjamínsson

frá Hallkelsstöðum, Melbraut 34,
Seltjarnarnesi,

lést á hjartadeild Landspítalans þriðjudaginn 1. júlí.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. júlí
kl. 15.

Ása Jóhanna Sanko

Elin Helga Jóhannsdóttir

Axel Hallkell Jóhannesson

Þórhildur Guðný Jóhannsdóttir

Halldóra Jóhannsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.

Hallbjörn Ágústsson

Sigrún Edda Björnsdóttir

Guðmundur Pétursson

Pétur Pétursson



Útför elskaðrar móður okkar og tengda-
móður,

Hönnu Andreu
Þórðardóttur

sem lést 30. júní sl., verður gerð frá Dómkirkjunni í
Reykjavík mánudaginn 7. júlí og hefst athöfnin kl. 13.
Þeim sem vildu minnst hennar er bent á líknarstofn-
anir.

Þórður G. Sigurjónsson

Berglind Oddgeirsdóttir

Rut Rebekka Sigurjónsdóttir

Hanna G. Sigurðardóttir

Guðlaugur R. Jóhannsson

Hörður Kristinsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vinarhug við andlát og útför elskaðrar
móður okkar, tengdamóður, ömmu og
langömmu,

Ingibjargar Einarsdóttur
Hagamel 23.

Einar Júlíusson

Sigríður Júlíusdóttir

Jón Júlíusson

Áslaug Júlíusdóttir

Björn Júlíusson

barnabörn og barnabarnabörn.

Valfríður Gísladóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Jónína Zophoníasdóttir

Rannveig Einarsdóttir



Okkar hjartans þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát
og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengda-
föður, afa og langafa,

Baldurs S. Kristensen
Lækjasmára 2, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar L-4 Landakots-
spítala.

Helga Kristinsdóttir

Kristinn Baldursson

Ingibjörg Baldursdóttir

afabörn og langafabörn.

Hulda Guðný Ásmundsdóttir

Finnur Magni Finnsson

NAFNIÐ MITT: HALLÞÓR JÖKULL HÁKONARSON

Oft kallaður Halldór

Hallþór Jökull er þrettán ára Vesturbæingur og sá eini á landinu sem heitir þessu nafni. Nafnið er upprunaleg mynd af nafninu Halldóri, en í fjölskyldunni hans Hallþórs eru þeir margir.

„Nafnið mitt tengist líka goðafræðinni, en pabbi hefur alltaf haft áhuga á henni og honum fannst nafnið svo flott,“ útskýrir Hallþór. Hann er þó ekki skírður í höfuðið á neinum og að sögn hans hefur enginn heitið þessu nafni í mjög langan tíma. Foreldrar hans þurftu að fá leyfi fyrir nafninu frá mannanafnanefnd.

„Fólk ruglast oft á nafninu mínu og heldur að ég heiti Hafþór eða Halldór, en annars hef ég ekki fengið mikla athygli út á nafnið mitt. Sumir hafa viljað kalla mig Halla, en ég leyfi það ekki. Mér finnst nafnið mitt fínt eins og það er og vil ekki láta stytta það,“ segir Hallþór.

Þegar Hallþór var yngri bjó hann lengi í Svíþjóð. Svíarnir áttu erfitt með að bera þ-íð í nafninu hans fram þannig að hann var kallaður Halldór í mörg ár utan heimilisins.



Lækningajurtir í Grasagarðinum

Íslenskar lækningajurtir verða kynntar í dag, sunnudaginn 6. júlí kl. 11.00, í Grasagarði Reykjavíkur. Garðyrkjufræðingurinn og hómópatinn Jóhanna Þormar mun fjalla um jurtirnar og notkun þeirra.

Gegnum aldirnar hafa jurtir verið notaðar til lækninga og margar íslenskar jurtir búa yfir lækningamætti. Enn í dag eru jurtir notaðar í lyfjaiðnaði og fyrr á tímum voru grasagarðar oft tengdir lækna-skólum og sjúkrahúsum. Grasagarðurinn í Reykjavík tileinkar lækningajurtum ákveðið svæði í garðinum.

Mæting er við Laugatungu en fræðslan er ókeypis og öllum opin. Eftir kynninguna verður boðið upp á jurtate.

- rat



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Helga Guðmunda Haraldsdóttir

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 25. júní sl., verður jarðsöngin 8. júlí kl. 13.00 frá Hafnarfjarðarkirkju

| | |
|--------------------------------|---------------------------|
| Lúther Þorgeirsson | Bryndís Svavarsdóttir |
| Ragnhildur Jóna Þorgeirsdóttir | |
| Ragnar Rúnar Þorgeirsson | Penkhae Phiubaikam |
| Haraldur Þorgeirsson | Helga Haraldsdóttir |
| Hafsteinn Þorgeirsson | Áslaug Jakobsdóttir |
| Sverrir Þorgeirsson | Birna Rut Þorbjörnsdóttir |
| Grétar Þorgeirsson | Diana Von Anken |

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hilmar Þór Björnsson

fv. útgerðarmaður, Arskógum 8, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, laugardaginn 28. júní. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 8. júlí kl. 15.00.

| | |
|-------------------------|----------------------------|
| Magnús Þór Hilmarsson | Birna Katrín Ragnarsdóttir |
| Björn Ingbór Hilmarsson | Þórunn Arinbjarnardóttir |
| Hilmar Þór Hilmarsson | |

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og stjúpfaðir,

Hilmar Jóhannesson

rafeindavirkjameistari, Brekkugötu 19, Ólafsfirði,

sem lést þriðjudaginn 24. júní síðastliðinn á Sjúkrahúsinu á Akureyri, verður jarðsöngin frá Ólafsfjarðarkirkju þriðjudaginn 8. júlí klukkan 14.00.

Hrafnhildur Grímsdóttir

Jóhann G. Hilmarsson Anne Irmeli Turunen
Haukur Hilmarsson

og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma,

Salla Sigmarsdóttir

Víðivangi 1, Hafnarfirði,

lést 17. júní 2008. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

| | |
|--------------------|------------------------|
| Sævar Þór Carlsson | Dagmar Jóhanna Heiðdal |
| Greta Carlsson | |
| Jóhanna Carlsson | Þórhallur Kristinsson |



Elskulegur eiginnmaður minn,

Guðmundur L. Þ. Guðmundsson

húsgagnasmíðameistari, Miðleiti 7, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítala þriðjudaginn 24. júní. Útför hans verður frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 9. júlí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnunar.

| | |
|------------------------------|------------------------|
| Guðrún Þórðardóttir | Ragnheiður Narfadóttir |
| Gunnar Helgi Guðmundsson | Margrét Héðinsdóttir |
| Björn Guðmundsson | |
| Guðmundur Þórður Guðmundsson | Fjöla Ó. Hermannsd. |

barnabörn og barnabarnabörn



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Ingibjargar Þ.

Guðbjörnsdóttir

Norðurburð 1, Reykjavík,

sem lést 12. júní sl. og var jarðsöngin 23. júní sl.

| | |
|-----------------------------|----------------------|
| Guðbjörn Sigvaldason | Jónína M. Árnadóttir |
| Kristján Jóhann Sigvaldason | |
| Silja Hlín Guðbjörnsdóttir | |
| Gísli Freyr Guðbjörnsson. | |



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Otta Sæmundssonar

Kleppsvægi 62.

| | |
|----------------------|-----------------|
| Guðrjúður Ottadóttir | Lúdvík Eiðsson |
| Anna Ottadóttir | Hilmar Smith |
| Auður Ottadóttir | Ágúst Bjarnason |
| Eyrún Ottadóttir | Erik Jonsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför eiginnmanns, föður okkar, tengdafaður og afa,

Jóns Ólafssonar

Fjallalind 59, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki gjörgæsludeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka umhyggju og hlýhug í veikindum hans. Einnig þökkum við golfklúbbum sem hafa heiðrað minningu hans.

| | |
|----------------------------|-------------------------|
| Ingigerður Eggertsdóttir | Guðmundur Ingi Skúlason |
| Lára Guðrún Jónsdóttir | |
| Ásta Sigríður Jónsdóttir | |
| Pétur Marínó Jónsson | |
| Helga María Guðmundsdóttir | |
| Jón Skúli Guðmundsson | |



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og kærleik við andlát og útför ástkærs eiginnmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Ólafur Bergssonar

Laugalæk 46, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heimahlýningar KÍ.

| | |
|-------------------------|---------------------|
| Þóra Stefánsdóttir | Haraldur Haraldsson |
| Þóra Andrea Ólafsdóttir | Ingunn Magnúsdóttir |
| Stefán Ólafsson | Magnús Sigurðsson |
| Kolbrún Ólafsdóttir | Fjalar Kristjánsson |
| Sigrún Ólafsdóttir | Gunnar Sigmundsson |
| Sólrun Ólafsdóttir | |

afabörn og langafabörn.



Kæru vinir, innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskaðs eiginnmanns míns, pabba okkar, afa, sonar og tengdasonar,

Tómasar Jónssonar

Prastarhólum 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir flytjum við starfsfólkinu á Grensásdeild R3 fyrir frábæra umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---------------------------|--------------------------|
| Guðrún Þórdís Axelsdóttir | Anna María Garðarsdóttir |
| Jón Axel Tómasson | Anna Lísa Jónsdóttir |
| Tómas Örn Tómasson | Hildur Sigfúsdóttir |
| Gunnar Þór Tómasson | |
| afabörn | |
| Guðrún Júlíusdóttir | |
| Guðrún E. Jónsdóttir | |

**LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

**Legsteinar
í miklu úrvali**



Steinsmiðja

• Víðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• Sími 566 7878
• Netfang: rein@rein.is



Stökktu til Mallorca

16. júlí í 2 vikur
frá kr. **44.990**



Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Mallorca 16. júlí í 2 vikur á einstökum kjörum. Mallorca státar af heillandi umhverfi, fjölbreyttri náttúrufegurð, fallegum ströndum og frábærri aðstöðu fyrir ferðamanninn. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. **44.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fulloröna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð 16. - 30. júlí.

Verð kr. **54.990**

Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð 16. - 30. júlí.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

NÝTT!
Lögin beint
inn í iTunes
og á iPod

Fyll'ann takka!



Vertu tilbúinn í sumarfríð!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af toptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Tónlist.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

STUÐ MILLI STRÍÐA Hvers vegna er eiginlega flugvöllur hérna?

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR FERÐAÐIST MEÐ FLUGRÚTUNNI Í BÆINN



Þar sem bensínverð fer hækkandi og Iceland Express ákvað að lenda í Keflavík einmitt á miðjum vinnudegi ákvað ég að taka flugrútna frá Keflavíkurflugvelli í vikunni. Það var greinilegt strax að það voru ekki margir Íslendingar á leiðinni til höfuðborgarinnar í þessari tilteknu rútu.

Fyrsta vísbendingin um það kom þegar út var komið. Ég ætlaði auðvitað að labba beint að farangursgeymslunni og skutla töskunni minni þangað inn, en komst ekki

af fyrir fólki. Það var ekki fyrr en ég leit í kringum mig að ég fattaði að ástæða þess var einföld: fólkið stóð í einfaldri röð og beið þess rólegt í hávaðarokinu að komast að geymslunni og setja töskurnar inn. Svo var önnur einföld röð til að komast upp í rútna. Ekki beint íslenska leiðin.

Þegar ég settist upp í rútna fann ég mér fínt gluggasæti og horfði út um gluggann, eins og ég hafði gert í annarri rútu á leiðinni á flugvöll í Þýskalandi nokkrum klukkutímum fyrr. Munurinn var bara sá að þar var blankalogn, 25 stiga hiti og sól, en í Keflavík var rok og rigning. Ég ákvað að það tæki því ekki að reyna að sofa, en horfði þess í stað bara út um

gluggann á landið mitt og hlustaði í leiðinni á túristana í sætumum í kringum mig.

Á leiðinni í bæinn bar margt merkilegt fyrir augu túristanna. Þeim þótti merkilegt að sjá bragga og landslagið var auðvitað umtalsefni. Álverið í Straumsvík, sem mögulega stingur ekki eins í augu í sólskini og blíðu var hrikalegt í rigningunni. En túristunum brá langmest þegar þeir voru rétt að komast á leiðarenda. „Bíddu nú við, hér er annar flugvöllur, en skrýtið,“ sagði einn og annars staðar í rútnunni heyrðist „hvers vegna í ósköpunum er eiginlega flugvöllur hér?“ Ég vildi að ég hefði getað svarað því, en ég skil bara ekkert í því sjálf.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 20**

Bine Katrine Bryndorf, prófessor í orgelleik við Konunglega konservat- oríuð í Kaupmannahöfn og organisti við Vatov-kirkju, kemur fram á tónleikum í Hallgrímskirkju í kvöld kl. 20. Þar mun hún leika verk eftir tónskáldin Johann Sebastian Bach, Oliver Messiaen og Carl Nielsen. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Norrænnar orgelhátíðar 2008.

menning

menning@frettabladid.is

Afleggjarinn kvikmyndaður

Framleiðslufyrirtækið WhiteRiver Product- ions, í eigu Elfars Aðalsteinssonar og Önnu Mariu Pitt, hefur keypt kvikmyndaðarrettinn að skáldsögunni Afleggjaranum eftir Auði A. Ólafsdóttur sem á dögunum fékk bæði Menningarverðlaun DV í bókmenntum 2008 og Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, fyrir bókina. Höfundurinn gerði einnig samning um að koma að handritsgerð kvikmyndaðarinnar og er sú vinna þegar hafin. Ráðgjert er að handrits- vinnu ljúki í haust. Verkefnið er víðamikil og munu bæði íslenskir og erlendir aðilar koma að gerð myndarinnar. Leikarahópurinn mun einnig verða alþjóðleg blanda, en höfuðpersóna bókarinnar er komungur faðir sem eignast „guðdómlegt“ stúlukubarn með vinkonu vinar- sins. Þegar barnið er nokkurra mánaða legg- ur hann upp í ævintýralega ferð til að rækta

rósir í fjarlægum klausturgarði. Á hinum framandi stað stendur söguhetjan andspæn- is áleitnum spurningum um tilvist mannsins, líkama og dauða. Aðrar helstu persónur bókarinnar eru kapólskur prestur sem talar 34 tungumál, stúlukubarnið guðdómlega sem á sér tvífara í gamalli altarisöflu í þorpinu og móðir barnsins sem er að læra mannfæð- fræði en langar að gera ýmislegt áður en hún tekst á við móðurhlutverkið. Áætlað er að tókur á Afleggjaranum muni hefjast í lok næsta árs og fara fram bæði á Íslandi og í Suður-Evrópu þar sem bókinn gerist að stórum hluta til í litlu þorpi á fjar- lægum stað.

- vp

AUÐUR ÓLAFSDÓTTIR Hefur hlotið mikið lof fyrir skáldsögu sína Afleggjarann.



Myndir úr fortíðinni

Vilhelm Anton Jónsson opnaði sýninguna Samfélag í svörtu bleki á Café Karólínu á Akureyri í gær. Á sýningunni má sjá teikningar sem eru hlaðnar svörtum húmor og fjalla um atburði og aðstæður sem snerta fólk misjafnlega. Lítil saga eða aðstöðulýsing er skrifuð inn á hverja mynd, áhorfendum til glöggvunar. Í myndunum lýsir Vilhelm gráum raunveruleikanum, en flestar myndanna sýna atburði sem gerast í kringum aldamótin 1800 þó að efnið nái í sjálfu sér yfir tíma og rúm og eigi ekki síður við í dag. Með því að tímasetja myndirnar í fortíðinni færir Vilhelm áhorfendur þeirra frá samtímanum og veitir þannig færi á að skoða hann úr fjarlægð, meta hann og gagnrýna samferðamenn okkar, gildi þeirra og okkar sjálfra.

Vilhelm er starfandi tónlistar- og myndlistarmaður og þetta er fimmta einkasýning hans. Vilhelm hefur gefið út fimm plötur í allt, bæði með hljómsveit sinni 200.000 naglbítum og einnig undir eigin nafni. Hann vinnur nú að stóru verkefni með 200.000 naglbítum og Lúðrasveit verkálðsins sem kemur út í haust. Hann er menntaður heimspekingur og sjálfmenntaður listamaður.

- vp



Þvern morgun þurfti Skarphéðinn að klofa yfir þurfaþinga á leið sinni til vinnu.

HVERSDAGSLEGAR AÐSTÆÐ- UR Teikning eftir Vilhelm Anton Jónsson.

NÝJAR BÆKUR

Hin margfræga og tímalausa saga Á vegum úti (On the Road) eftir frumkvöðulinn og bítskáldið Jack Kerouac er komin út í kilju. Ólafur Gunnarsson þýddi söguna árið 1988 og nú tíu árum síðar gefur Forlagið hana út á ný. Á vegum úti kom fyrst út í Bandaríkjunum árið 1957 og hefur engin bók þótt lýsa betur rótleysi kynslóð- arinnar sem ólst upp eftir seinna stríð. And- rúmsloftið í sögunni er forboði þess æsilega glundroða sem áratug síðar setti mark sitt á öll Vesturlönd. Nú er þessi einstaka saga talin meðal helstu verka amerískra nútímabókmennta og Jack Kerouac skipað á þekk með fremstu rithöfundum þjóðar sinnar enda er hún gefin út undir merkjum raðarinnar Erlend klassik sem Forlagið setti á stofn í vor.

Veröld hefur gefið út í kilju skáld- söguna Mýs og menn eftir nób- elsskáldið John Steinbeck í þýðingu Ólafs Jóhanns Sigurðssonar. Sögunni fylgir formáli eftir Einar Kárasón. Mýs og menn er ein- hver kunnasta skáldsaga 20. aldar og hefur hún fengið einróma lof um víða veröld. Hún hefur ekki áður komið út í kilju á íslensku. Mýs og menn fjallar um farandverkamennina Georg og Lenna og draum þeirra um að eignast jarðarskíka með svolitlu húsi. Lenni er risastór og einfaldur rumur; Georg

gætir Lenna eins og bróður síns og bjargar þeim iðulega úr vandræð- um. Þeir ráða sig á stóran búgarð og draumurinn virðist loksins ætla að rætast en þá breytist allt. Mýs og menn kom upphaflega út árið 1937 og sex árum síðar hafði Ólafur Jóhann Sigurðsson, þá aðeins 25 ára að aldri, snúið henni á íslensku. Hann endur- skoðaði þýðinguna fyrir aðra útgáfu árið 1984 og er sú gerð sögunnar gefin út nú. Mýs og menn hefur marg- sinnis verið kvikmyndað og sett á svið nokkrum sinnum hér á landi.

Út er komin hjá bókaforlaginu Bjarti ljóðabókin í fjarveru trjáa - vegaljóð eftir Ingunni Snædal. Bók hennar Guðlausir menn, hugleiðingar um jökulvatn og ást kom út hjá Bjarti árið 2006, hlaut bókmenntaverð- laun Tómasar Guðmundssonar, var tilnefnd til Íslensku bókmennta- verðlaunanna og heillaði bæði ljóðelska og þá sem ókunnari eru ljóðum. Hún hefur verið prentuð fimm

sinum. Í ljóðabókinni í fjarveru trjáa ferðast skáldið um landið vítt og breitt, segir frá nýjum Flóabardaga, toppptiu sólsetrum og bæjarnöfnum, hamingjublettum og vestfirskum ævintýrum. Ingunn Snædal er fædd á Egilsstöðum, uppalin á Jökuldal og hefur búið á Spáni, Írlandi, í Kostaríku, Danmörku, veturlangt á Aran-eyjum út af vesturströnd Írlands og til skamms tíma í Mexíkó. Ingunn leggur nú stund á meistaranám í íslensku við Háskóla Íslands. Ingunn hefur áður sent frá sér ljóðabækurnar Á heitu malbiki árið 1995 og Guðlausir menn - hugleiðingar um jökulvatn og ást, 2006.

Klarinet og píanó í Listasafni Sigurjóns

Sumartónleikaröð Lista- safns Sigurjóns er fyrir lögnu orðinn fastur liður í menningarlífi borgarinnar. Fyrstu tónleikar sumarsins fara fram á þriðjudagskvöld kl. 20.30, en þar stíga á svið þær Freyja Gunnlaugs- dóttir klarinettuleikari og Siiri Schütz píanóleikari og flytja viðstöddum ung- verska dansa og rómantíska tónlist.

Auk spennandi tónlistarflutnings verður boðið upp á myndbandsverk eftir Þorbjörgu Jónsdóttur sem fléttast listilega inn í flutning þeirra Freyju og Siiri. Á efnisskrá tónleikanna eru sön- ötur eftir Brahms og svo verk eftir tónskáldin Leó Weiner og Reszo Kókai. Freyja segir tónleikana



FREYJA GUNNLAUGSDÓTTIR Kemur fram í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á þriðjudagskvöld ásamt píanóleikaranum Siiri Schütz.

verða skemmtilega og fjöruga. „Við Siiri höfum flutt þessa efnisskrá áður og hefur henni verið afar vel tekið. Við stefnum svo að því að flytja hana í Sviss seinna í sumar og í New York í haust, þannig að það mætti segja að tónleikarnir á þriðjudag séu upphafið á litlu tón- leikaferðalagi.“

Þær Siiri og Freyja hafa leikið saman tónlist í eitt ár og stefna að því að fara í hljóðver og taka upp efnisskrána. „Okkur langaði lengi til þess að spila saman, en þurftum að finna réttu tónlistina,“ útskýrir Freyja. „Það hefur náttúrulega verið samið heilmikið af falletgri tónlist fyrir píanó og ýmis hljóðfæri, en það er því miður ekki til mikið af tónlist fyrir píanó og klarinet. En við erum ánægðar með þessa efnis- skrá og stefnum að því að taka hana upp nú í vetur.“

Freyja hefur talsvert starfað með myndlistarmönnum og skapað þannig brú á milli þessara list- greina. „Mér líst afar vel á það að spila í safninu; þar er vinalegt and- rúmsloft og gott að vera. Það verður gaman að spila meðfram mynd- bandsverkum Þorbjargar. Þau hafa á sér ævintýrabrag og tengjast þannig tónlistinni sem við flytjum, en hún er líka ævintýraleg á sinn hátt,“ segir Freyja.

vigd@frettabladid.is

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2008

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir ábendingu um bæjarlistamann Mosfellsbæjar 2008. Bæjarlistamanni er jafnframt veittur menningarstyrkur og verður útnefning tilkynnt í tengslum við bæjarhátíðina „Í túninu heima“ í ár.

Nefndin óskar hér með eftir tilnefningum eða ábendingum frá Mosfellingum um einstakling eða samtök listamanna í Mosfellsbæ, sem til greina koma að bera sámdarheitið „Bæjarlistamaður ársins 2008“.

Einungis einstaklingar, sem búsettir eru í Mosfellsbæ og hópar og samtök, sem starfa í bæjar- félaginu koma til greina. Þá setur Menningarmálanefnd það einnig sem skilyrði að tilnefndir einstaklingar eða hópar hafi verið virkir í listgrein sinni.

Eftirtaldir aðilar hafa hlotið sámdarheitið Bæjarlistamenn Mosfellsbæjar: Skólahljómsveit Mosfellsbæjar (1995), Leikfélag Mosfellsbæjar (1996), Inga Elín, myndlistarmaður (1997), Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngkona (1998), Sigurður Þórólfsson, silfursmiður (1999), Karlaórin Stefni (2000), hljómsveitin Sigur Rós (2001), Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari (2002), Steinunn Marteinsdóttir, myndlistarmaður (2003), Guðrún Tómasdóttir, söngkona og Frank Ponzi, bóka- og myndlistarmaður (2004), Símon H. Ívarsson, gítarleikari (2005), Jóhann Hjálmarsson, rithöfundur (2006). Núverandi bæjarlistamaður er Ólöf Oddgeirsdóttir, mynd- listarmaður.

Ábendingar þurfa að hafa borist Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar í síðasta lagi 24. júlí 2008 og skulu sendast á:

Menningarsvið
Bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar, Kjarna
Þverholti 2
270 Mosfellsbær
eða með tölvupósti á bth@mos.is

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar

The Sun vill Magnús Scheving

„Ég mun skrifa í blaðið sem íþrótaálfurinn og byrja á því í júlí,“ segir Magnús Scheving, stofnandi Latabæjar, um skrif sín í breska dagblaðið The Sun. Latabær nýtur gífullegra vinsælda á heimsvísu og nýverið sóttist breska dagblaðið eftir að fá Magnús til liðs við sig.

„Vegna anna á ég erfitt með að skrifa dálka reglulega í blaðið svo þetta verður gert með því móti að á þriggja vikna fresti verð ég sérfræðingur þeirra í einhverju tilteknu máli sem tengist heilsu og er í umræðunni í Bretlandi hverju sinni,“ útskýrir Magnús en The

Sun er eitt víðesnasta dagblað í heimi með tæplega átta milljónir lesenda daglega. Með skrifum Magnúsar munu því enn fleiri fá að njóta jákvæðs boðskapar Latabæjar úti um allan heim. - ag



SKRIFAR SEM ÍÞRÓTTAÁLFURINN Magnús Scheving mun verða sérfræðingur í málefnum tengdum heilsu fyrir breska dagblaðið The Sun og byrjar að skrifa í júlí.

Lindsay Lohan þögul sem gröfin um ástarmál sín

Lindsay Lohan harðneitar að staðfesta samband sitt og Samönthu Ronson. Hún vill fá frið frá slúðurbliðunum.

Góðvinkona okkar Lindsay Lohan var nýverið gestur í útvarpsþætti Ryan Seacrest, sem Íslendingar kannast líklega best við úr American Idol. Í þættinum spurði Seacrest Lohan hvers hún óskaði sér í afmælisgjöf þetta árið og svaraði Lohan að hún óskaði þess að slúðurbliðin létu hana í friði.

Í þættinum uppljóstraði Lohan einnig að það væri vissulega einhver sérstakur í lífi hennar núna en gaf ekki upp hver þessi einhver væri. Mörgum flýgur þó eflaust í hug plötusnúðurinn Samantha Ronson sem Lohan hefur sést mikið með undanfarna mánuði.

Fyrir stuttu sást til þeirra þar sem þær skoðuðu hringa í skartgripaverslun einni í Beverly Hills og vilja sumir halda því fram að þær hafi verið að skoða trúlofunarhringa. Þær stóllur hafa verið óaðskiljanlegar síðan þær kynntust og hefur einnig sést nokkrum sinnum til þeirra kyssast innilega.

Fyrir ekki svo löngu var haft eftir móður Lohan að hún styðji



SAMANTHA OG LINDSAY Mikið hefur verið skrifað um meint samband plötusnúðsins Samönthu Ronson, til vinstri, og leikkonunnar Lindsay Lohan. Lindsay harðneitar að staðfesta að þær séu þar.

dóttur sína í öllu og það skipti hana ekki máli hvort hún sé með karlmanni eða konu svo lengi sem hún sé hamingjusöm. En eitt er víst, Lohan hefur ekki sést

með karlmanni eftir að hún vingaðist við fyrrnefnda Samönthu og hún hefur hingað til heldur ekki farið jafn leynt með sambönd sín og nú.

HEIMSRUMSÝNING

WILL SMITH

HANCOCK

LÚXUS

NÝTT Í BÍÓ!

FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA!

Jack Black sannar að hann er einn af fyndustu grínleikurumum í heiminum í dag.

TOMMI - KVÍKMYNDIR.IS

KUNG FU PANDA

BIG STAN

PÁÐ ER KOMINN NÝR HROTTI Í FANGELIÐ... AF MINNI GERÐINNI!

HAPPENING

SV, MBL

HULK

Viggó, 2. Astundir

SEX AND THE CITY

INDIANA JONES

ZOHAN

HORTON

MEET BILL

KJÓTBORG

| SMÁRA BÍÓ | TILBOÐSVERÐ | REGNBÖGINN | 650 kr. |
|------------------------------|---------------------------|---------------------|--------------------|
| HANCOCK D. HJÓB & MYND | kl. 1-3:20-5:40-8-10:10 | SUMARTILBOÐ | |
| HANCOCK LÚXUS D. HJÓB & MYND | kl. 1-3:20-5:40-8-10:10 | | |
| KUNG FU PANDA D. HJÓB & MYND | kl. 1-3:20-5:40 ISL. TAL. | | |
| BIG STAN | kl. 1-3:20-5:40-8-10:20 | THE INCREDIBLE HULK | kl. 3-5:30-8-10:30 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 3-5:30-8-10:30 | HAPPENING | kl. 8-10:10 |
| ZOHAN | kl. 8-10:30 | MEET BILL | kl. 5:50-8 |
| HORTON ISL. TAL. | kl. 1 | SEX AND THE CITY | kl. 4-7-10 |
| | | ZOHAN | kl. 3-5:30 |
| | | INDIANA JONES 4 | kl. 3-10:20 |

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauði!

| BÍÓ | LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR |
|------------------------|-----------------------------|
| HANCOCK | kl. 2, 4, 6, 8(D) og 10(D) |
| KUNG FU PANDA | kl. 2(D), 4(D) og 6(D) |
| WANTED | kl. 8 og 10:10 |
| NARNIA: PRINCE CASPIAN | kl. 1, 4 og 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10 |

SAMBÍÓ SAMbio.is

FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA.

| ALFABAKKA | SELFLOSS | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|----------------------------|------------------------|---------------------------|-------------|
| KUNG FU PANDA m/isl. tali | kl. 2D - 4D - 6D | KUNG FU PANDA m/isl. tali | kl. 2-4-6-8 |
| KUNG FU PANDA m/isl. tali | kl. 2-4-6 | KUNG FU PANDA m/isl. tali | kl. 2-4-6-8 |
| KUNG FU PANDA m/ensk. tali | kl. 2-4-6-8-10:10 | WANTED | kl. 2-5 |
| HANCOCK | kl. 2-4-6-8D-10:10D | KUNG FU PANDA m/isl. tali | kl. 2-4-6 |
| HANCOCK | kl. 8-10:10 | WANTED | kl. 8-10 |
| WANTED | kl. 5:30-8-10:20-10:40 | NARNIA 2 | kl. 2-5-8-7 |
| NARNIA 2 | kl. 2-5-8 | THE BANK JOB | kl. 10:30 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2-8-10:20 | KUNG FU PANDA m/isl. tali | kl. 2-4-6-8 |
| WANTED DIGITAL | kl. 8:30D-10:50D | HANCOCK | kl. 8-10 |
| KUNG FU PANDA m/isl. tali | kl. 2:30D-4:30D-6:30D | NARNIA 2 | kl. 2-5 |
| NARNIA 2 DIGITAL | kl. 3D-6D | INCREDIBLE HULK | kl. 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6-9 | | |
| THE BANK JOB | kl. 9-11:10 | | |
| SPEED RACER | kl. 3 | | |

TILBOÐSVERÐ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGAR BÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 3.40 BORGAR BÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3.20 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 4 BORGAR BÍÓ KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ

SparBíó 550kr laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓ

KUNG FU PANDA kl. 2 í Álfabakka með íslensku og ensku tali kl. 2:30 í Kringlunni með íslensku tali kl. 2 á Selfossi, Akureyri og í Keflavík með íslensku tali

HANCOCK kl. 2 í Álfabakka

Indiana Jones 4 kl. 2 í Álfabakka

NARNIA 2 kl. 2 í Álf., á Self., og í Kefl., og á Akureyri kl. 3 í Kringl.

SPEED RACER kl. 3 í Kringlunni

Sími: 553 2075 - bara lúxus **Ódyrt í bíó**

HANCOCK ATR. STYND KL. 2

KUNG FU PANDA ATR. STYND KL. 2

NARNIA 2 ATR. STYND KL. 1

500kr. á fyrstu sýningar dagsins




skemmtilegri

VISA
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra í einum pakka
á aðeins 4.890 kr. á mánuði fyrir kreditkorthafa
VISA í boðgreislu m.v. þriggja mánaða skuldbindingu.

ÞAÐ ER ÓDYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

STELPU SUMMAR

Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ



**SÉRVALID EFNI
FYRIR STELPURNAR Í ALLT SUMAR**

So You Think You Can Dance
Cashmere Mafia
Ghost Whisperer
Beauty and the Geek
Flipping Out

Canterbury's Law
Women's Murder Club
Newlyweds, Nearly Dead
The Moment of Truth
The Riches

It's Always Sunny in Philadelphia
Las Vegas
The Devil Wears Prada
Oprah

> Rosalegir Reykjavíkurslagir

Nýliðar Þróttar frá Reykjavík fá það verðuga verkefni að stoppa KR-inga þegar liðin mætast á Valbjarnarvelli kl. 19.15 í kvöld. KR hefur verið á mikilli siglingu undanfarið og hefur unnið þrjá leiki í röð í Landsbankadeildinni og er komið í 8 liða úrslit í VISA-bikarnum. Framherjinn Björgólfur Takefusa hjá KR, fyrrum leikmaður Þróttar, hefur farið mikinn og skorað í sjö leikjum í röð í deild og bikar. Þá mætast Íslandsmeistarar Vals og Fram á Vodafone-vellinum og hefist sá leikur einnig kl. 19.15 en Valsarar geta með sigri komist upp fyrir Framara í fyrsta skiptið í sumar.

sport
sport@frettabladid.is



ÞJÁLFAVAR FH OG KEFLAVÍKUR Í LANDSBANKAÐEILD KARLA: EIGA VON Á HÖRKULEIK ÞEGAR LIÐIN MÆTAST Í KVÖLD

Kemur í ljós hvort bikarleikurinn hafi áhrif

Það verður allt lagt í sölnar þegar toppliðin tvö, Keflavík og FH, mætast á Sparisjóðsvellinum í Keflavík kl. 20 í kvöld. Liðin áttust sem kunnugt er við í 16 liða úrslitum VISA-bikarsins í Keflavík á fimmtudaginn og þá höfðu heimamenn betur, 3-1, í bráðskemmtilegum leik. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, vonast því til þess að hans menn komi tvíefldir í leikinn í kvöld.

„Við erum náttúrulega staðráðnir í að gera betur en á fimmtudaginn og það er einfaldlega í eðli íþróttamanna að ætla að bæta fyrir tap strax í næsta leik og við ætlum að sjálfsögðu að gera það,“ sagði Heimir sem telur að samstaða innan FH-liðsins sé lykillinn að ná settu marki.


„Ef við sýnum samstöðu og leikum sem ein liðsheild þá verðum við í góðum málum. Með sigri í leiknum

getum við komið okkur í mjög góða stöðu og það hlýtur að vera vilji manna að svo verði,“ sagði Heimir.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, er óviss hvort að sigur Keflavíkur á fimmtudag eigi eftir að hjálpa liðinu í leiknum í kvöld.

„Það verður bara að koma í ljós hvernig sá sigur fer í menn og það verður spennandi að sjá. Annars verðum við bara að halda áfram að útfæra okkar leik vel og fyrst og fremst sýna vilja til þess að vinna leikinn. Á fimmtudaginn voru allir leikmenn Keflavíkurlíðsins að toga vagninn í sömu átt og þannig næst árangur, svo einfalt er það,“ sagði Kristján sem á von á því fólk fjölmenni á völlum.

„Það var góð stemning á bikarleiknum en ég held að það verði enn þá fleira fólk á þessum leik,“ sagði Kristján að lokum.



ÍBV hélt sigurgöngu sinni áfram í 1. deild karla í gær: ÍBV illviðráðanlegt

FÓTBOLTI Toppliðin ÍBV og Selfoss styrktu stöðu sína með góðum sigrum þegar leikið var í 1. deild karla í gær.

ÍBV hélt uppteknum hætti með því að leggja KS/Leiftur að velli, 2-1, en það mátti þó varla tæpara standa því sigurmarkið kom á lokamínútum leiksins og þar var framherjinn knáti Atli Heimisson að verki.

Selfoss viðhélt pressunni á ÍBV með því að vinna Fjarðabyggð 4-1 á Selfossi og Selyssingar hafa enn ekki tapað leik í deildinni. Haukar gerðu góða ferð til Akureyrar og unnu Þórsara og skutust þar með upp í þriðja sæti deildar-

innar. Víkingar frá Reykjavík unnu svo Víkinga frá Ólafsvík 3-2 en Gunnar Kristjánsson skoraði sigurmarkið beint úr aukaspyrnu þegar skammt var eftir. - óþ



ÖFLUGUR Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, hefur gert frábæra hluti með Eyjamenn í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍRB bikarmeistari í sundi

Karla- og kvennasundsveitir ÍRB urðu í gær bikarmeistarar í sundi en mótið fór fram í Reykjanesbæ. Vegna þungra æfinga undanfarið voru sterkustu sundmenn talsvert frá sínu besta en sex aldursflokkamet féllu hins vegar á mótinu.

SUND Bikarmeistaramót Sundsambands Íslands lauk í gær með sigri ÍRB í bæði karla- og kvennaflokki.

Alls voru um 200 sundmenn sem tóku þátt í bikarmeistaramótinu að þessu sinni en mótið var haldið í sundlauginni Vatnaveröld í Reykjanesbæ.

ÍRB fór með sigur af hólmi í bæði karla- og kvennaflokki og leiddi stigakeppnina frá upphafi mótsins. Sundkonan frækna Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB var að vonum sáttt við gengi Suðurnesjalíðsins að keppni lokinni í gær.

„Þetta var góður sigur og við erum bara mjög sáttt við þetta. Það var fyrst og fremst rosalega góð liðsheild sem skóp þennan sigur hjá okkur og við ætlum bara að leggja upp með að vera jákvæð og taka eitt sund í einu og standa saman og það gekk eftir,“ sagði Erla Dögg sem var að sama skapi sáttt með persónulegan árangur sinn í mótinu.

„Ég er frekar sáttt og þá sérstaklega með 400 metra fjórsundi hjá mér þar sem ég synti rétt um einni



BIKARMEISTARAR KARLA OG KVENNA 2008 ÍRB sigraði í bæði karla- og kvennaflokki á Bikarmeistaramóti Sundsambands Íslands sem lauk í Reykjanesbæ í gær. VIKURFRÉTTIR/INGA

sekúndu frá Íslandsmetinu og átti alls ekki von á því að komast svo nærri,“ sagði Erla Dögg sem er eins og aðrir fremstu sundmenn landsins í þungum æfingum fyrir Ólympíuleikana í Peking.

„Það er erfitt að gíra sig upp í mót eins og þetta þegar maður er á kafi í æfingum og ólíklegt að einhver met muni falla en ég var nú eiginlega bara svekkt þegar ég kom að bakkanum í 400 metra fjórsundinu og sá hversu nálægt Íslandsmetinu ég var. Ég verð bara að taka það met seinna,“ sagði Erla Dögg á léttum nótum.

Sex aldursflokkamet féllu á mótinu. Stúlknasveit SH bætti metin í 100 metra skriðsundi og 4x100 metra fjórsundi og Kristinn Þórarinnsson, 12 ára sundmaður úr Fjölni, gerði sér lítið fyrir og sló fjögur sveinamet í tveimur greinum. Hann setti met í 100 metra og um leið 50 metra skriðsundi og 100 metra og um leið 50 metra baksundi, sannarlega glæsilegur árangur það. Þá náði Davíð Hildberg Aðalsteinsson úr ÍRB lágmarki fyrir Evrópumeistaramót unglunga í 100 metra baksundi.

omar@frettabladid.is



ÁNÆGD Erla Dögg Haraldsdóttir, ÍRB, var vitanlega sáttt við sigur liðs síns í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland vann Sviss 3-2 á Evrópumóti landsliða áhugamanna í golfi á Ítalíu í gær:

Við dönsuðum um á gríninu

GOLF Karlandsliðið Íslands í golfi bar sigrorð af Sviss á Evrópumóti landsliða áhugamanna á Ítalíu í gær og vann þar með alla þrjá leiki sína í mótinu.

Íslenska liðið í mótinu var skipað þeim Kristjáni Þór Einarssyni úr GKj, Ólafi Birni Loftssyni úr NK, Stefáni Má Stefánssyni úr GR, Sigmundi Einari Mássyni úr GKj og Hlyn Geir Hjartarsyni og Sigurbóri Jónssyni úr GK. Íslendingar kepptu í C-riðli og byrjuðu á því að vinna Eista og Pólverja örugglega 5-0 en fyrirfram var vitað að Svisslendrar yrðu talsvert erfiðari andstæðingar, eins og kom á daginn.

Ísland vann Sviss á dramafískan hátt, 3-2, þar sem Kristján Þór setti niður 15 metra putt á lokahollunni.

„Þetta var mjög spennandi og það var frábært að sjá boltann detta ofan í og við fögnuðum datt og dönsuðum um á gríninu að keppni lokinni,“ sagði Staffan Johannsson, landsliðsþjálfari Íslands, í samtali við Fréttablaðið í gær og var afar sátttur með framgöngu liðsins.

„Ég taldi fyrirfram okkur vera með sterkasta liðið í C-riðlinum

og vonaðist því eftir því að við myndum ná að vinna okkar andstæðinga þar og það gekk sem betur fer eftir. Sigur okkar í þessum riðli gerir það að verkum að við komumst beint inn á EM á næsta ári án þess að þurfa að taka þátt í forkeppni og það munar minna. Það gladdi mig að sjá Ólaf Björn taka mikið framfaraskref í mótinu, Hlynur Geir og Sigþór spiluðu einnig vel. Kristján Þór hefur þann eiginleika að tófra fram einhverja snilld allt í einu eins og hann gerði á lokahollunni og ég hef miklar mætur á Stefáni Má og Sigmundi Einari og set miklar kröfur og hefði viljað sjá þá gera aðeins betur. En það var frábær stemning í hópnum og þeir náðu vel saman og það er mikilvægt,“ sagði Staffan að lokum.



ÁNÆGDUR Staffan Johannsson, landsliðsþjálfari í golfi, var tiltölulega sátttur við frammi-stöðu íslenska landsliðsins á Evrópumóti áhugamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Mótormax
hefur úrvalið af bátum og mótorum

Yamaha utanborðsmótorar

Ending og traust er aðall Yamaha. Vandaðir móturar á góðu verði.
Verð frá 135.000

Steady harðplastbátar
Skemmtilegu norsku bátarnir með eiginleika slöngubáta og styrkinn úr harðplastinu.
Verð 114.000

Nýkomnir glæsilegir **Yamarin bátar**
Verð 3.150.000

MotorMax
- lifið er leikur

Mótormax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
Mótormax Egilsstöðum - Sími 470-5080 / 470-5070
Mótormax Akureyri - Sími 460-6060

www.motormax.is

Fáðu ferskar íþróttافرéttir á hverjum morgni



**Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum.
Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á
morgunverðarborðið hvern einasta morgun.***

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttáúrlit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið.

Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttافرéttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

Allt sem þú þarft – alla daga





STAKK AF Kári Steinn fékk ekki mikla samkeppni í 5.000 metra hlaupinu og hringaði alla keppnautu sína þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Kári Steinn Karlsson, B.blik: Tek bara mótsmetið næst

FRJÁLSÍPRÓTTIR Kári Steinn Karlsson, langhlaupari úr Breiðabliki, var sáttur við helgina þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann fór með sigur í bæði 1.500 metra hlaupi og 5000 metra hlaupi.

„Ég er bara mjög ánægður með mitt gengi í þessu móti og ég náði alveg að skila mínu. Ég átti ekkert endilega von á því að vinna 1.500 metra hlaupið þannig að ég get verið mjög sáttur,“ sagði Kári Steinn sem fékk ekki mikla samkeppni í 5.000 metra hlaupinu og hringaði alla keppnautu sína.

„Ef samkeppnin er ekki hörð þá finnur maður sér bara ný markmið eins og að hringa hina hlauparana eða eitthvað annað. Bara til að halda tempóinu gangandi. Síðan horfir maður auðvitað til mótsmetanna en það var einhver leti í mér í 5.000 metra hlaupinu og það verður bara að bíða betri tíma. Það kemur bara næst,“ sagði Kári Steinn kátur.

Sveinn Elías Elíasson, Fjölmi: Fín æfing fyrir HM U-19 ára

FRJÁLSÍPRÓTTIR Sveinn Elías Elíasson úr Fjölmi lét sig ekki vanta á Bikarmeistaramótið þrátt fyrir að vera á förum á Heimsmeistaramót U-19 ára sem fer fram í Póllandi á næstu dögum.

„Mér gekk bara ágætlega en gat auðvitað ekki gefið eins mikið í þetta og ég vildi. Ég vann 100 metra hlaupið á föstudaginn, varð í öðru sæti í stangarstökki, við unnum svo 4x100 metra boðhlaupið og það var fínt. Ég keppti líka í grindarhlaupi og það er ekki mín sterkasta keppnisgrein en mér gekk ágætlega þar,“ sagði Sveinn Elías sem telur sig vera í fínu formi fyrir Heimsmeistaramót U-19 ára.

„Þetta var annars bara fín æfing fyrir Heimsmeistaramótið í U-19 og miðað við hvernig mér hefur gengið í þessu móti er ég bara bjartsýnn á framhaldið,“ sagði Sveinn Elías.



TIL PÓLLANDS Sveinn Elías keppir á HM U-19 ára á næstu dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

FH bikarmeistari 15. árið í röð

FH varð Bikarmeistari í frjálsíþróttum í gærðag en mótið fór fram á Kópavogsvelli að þessu sinni. Hafnarfjarðarliðið hafði talsverða yfirburði á mótinu og var að vinna hvorki meira né minna en 15. árið í röð.

FRJÁLSÍPRÓTTIR FH-ingar sigruðu 43. Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands sem lauk á Kópavogsvelli í gærðag. Þetta var 15. árið í röð sem Hafnarfjarðarliðið fór með sigur úr bítum og fátt sem bendir til þess að einokunartímabil FH-liðsins sé að líða undir lok.

Björgvin Víkingsson og Silja Úlfarsdóttir, fyrirliðar FH í mótinu, voru eðlilega í skýjunum með árangurinn.

„Þetta var alveg hrikalega góð helgi þar sem bæði karlarnir og konurnar í FH voru að standa sig mjög vel. Við bjuggumst við því að vera sterkir í karlaflokknum en konurnar voru ekki síðri og stóðu sig hreint út sagt frábærlega,“ sagði Björgvin sem kvað framtíðina vera bjarta hjá FH.

„Þetta er ungt og gott lið hjá FH þótt það séu vissulega gamlir refir inn á milli en það eru líka alltaf að koma inn öflugri krakkar í gegnum unglíngastarfið og ég held að við verðum bara enn sterkari á næstu árum,“ sagði Björgvin og Silja tók í sama streng.

„Við erum með mjög fínt unglíngastarf og það eru alltaf að koma upp efnilegir krakkar og það á bara eftir að færast í aukana þegar við fáum nýju frjálsíþróttahöllina. Það má bara búast við meiru af okkur á næstu árum,“ sagði Silja sem var sátt með persónulegan árangur sinn en kvað hann skipta minna máli í móti sem þessu.

„Þetta snýst um að vera í fyrsta sæti og tímarnir skipta minna máli í þessu, aðalmálið er að taka



LOKASPRETTURINN Silja Úlfarsdóttir innsigldi sigur FH-inga í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



MEÐ SIGURLAUNIN FH-ingar unnu Bikarmeistaramót FRÍ 15. árið í röð á Kópavogsvelli í gær og höfðu því ríka ástæðu til þess að fagna. Fyrirliðarnir Björgvin Víkingsson og Silja Úlfarsdóttir halda hér á bikarum á milli sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sex stig í hverri keppnisgrein og það gekk bara ljómandi vel,“ sagði Silja sigurreif en það er nóg framundan hjá henni.

„Ég fer út í næstu viku til Hollands og ætla að taka þátt í móti þar og er enn með Ólympíulágmarkið bak við eyrað. Við sjáum til hvernig það gengur, það er ef til vill ekki búíð að ganga alveg eins og ég vildi en ég gefst ekkert upp og stefni á að ná lágmarkinu,“ sagði Silja að lokum.

Ólympíufararnir sáttir með sitt

Bergur Ingi Pétursson, sleggjukastari úr FH, stóð fyrir sínu í mótinu og var sáttur með sitt.

„Ég get ekki verið annað en sáttur. Lengsta kastið mitt var 70,80 metrar sem er bara mjög gott miðað við æfingaralagið sem búíð er að vera á mér. Ég er búinn að vera að kasta þungum sleggjum og er því frekar hægur núna,“ sagði Bergur Ingi sem vonast til þess að vera kominn í sitt besta form á Ólympíuleikunum.

„Það er mikilvægt að toppa á réttum tíma og ég þarf bara að æfa eins og vitleysingur á næstunni og verð svo að koma mér í keppnisformið. Svo er bara að

kasta eins langt og ég get, það þarf ekkert að vera að flækja það neitt,“ sagði Bergur Ingi á léttrum nótum.

Stangarstökkvarinn Þórey Edda Elísdóttir úr FH vann keppnisgrein sína örugglega eins og fyrir var spáð og náði enn fremur sínum besta árangri í ár þegar hún stökk 4,30 metra.

„Ég ætlaði að stökkva 4,40 metra, það var markmiðið, en svona er þetta. Ég náði þó að brjóta 4,20 metra múrinn og get verið mjög sátt með það. Þetta er allt að koma hjá mér og ég fílaði mig mjög vel í atrennunni og náði góðum tökum á stönginni,“ sagði Þórey Edda sem var ánægð með aðstæður á Kópavogsvelli.

„Það er mjög gott að stökkva á Kópavogsvelli, mun betra en á Laugardalsvelli í það minnsta. Það er mun betra skýli fyrir vind herna og það skiptir sköpum í stangarstökkunni,“ sagði Þórey Edda sem ætlar sér stóra hluti á Ólympíuleikunum í lok sumars.

„Ég stefni á að komast í úrslit í Peking og það yrði stór sigur fyrir mig ef það myndi takast,“ sagði Þórey Edda vongóð.

omar@frettabladid.is



GÓÐUR ÁRANGUR Þórey Edda náði sínum besta árangri í ár þegar hún stökk 4,30 metra í stangarstökkunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

U-16 ára landslið Íslands vann Svíþjóð 2-0 á Opna Norðurlandamótinu í fótbolta á ÍR-vellinum í gær:

Áttum sigurinn svo sannarlega skilið

FÓTBOLTI Kvennalandslið Íslands skipað leikmönnum 16 ára og yngri lauk keppni á Opna Norðurlandamótinu í gær en mótið fór fram hér á landi. Ísland sigraði Svíþjóð 2-0 í leik um sjöunda sætið.

Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Ásta Eir Arnadóttir skorðu mörk íslenska liðsins í gær og Krístrún Lilja Daðadóttir landsliðsþjálfari var ánægð með sigurinn og spilamennsku liðsins.

„Við réðum ferðinni frá upphafi til enda og hefðum bara kannski mátt skora fleiri mörk. Það var gott að enda mótið á sigri og mér fannst við eiga það svo sannarlega skilið. Ég hefði vilja vinna Danina í fyrsta leik og við náðum að standa vel í Þjóðverjunum sem unnu mótið örugglega. Seinni hálfleikurinn gegn Noregi fór hins vegar illa en ég held að stelpurnar hafi lært af því,“ sagði Krístrún Lilja sem telur að stelpurnar séu stöðugt að bæta sig.

„Mér fannst stelpurnar vera að

taka eitthvað frá hverjum einasta leik og mér fannst gaman að sjá hvað við erum að nálgast önnur lið hvað styrkleika og tækni varðar. Það vantar hins vegar upp á úthaldið og það er mikilvægt þegar verið er að spila í leikjum sem þessum sem eru með hraðara tempó en stelpurnar eru ef til vill vanar. Við þurfum því að vinna í því upp á framhaldið og svona mót eru náttúrliga nauðsynleg til þess að leikmennirnir geti tekið framförum og það mættu alveg vera fleiri verkefni sem þessi,“ sagði Krístrún Lilja sem telur jafnframt mikilvægt fyrir stelpurnar að hafa góðar fyrirmyndir í A-landsliði kvenna eins og raun ber vitni um.

„Það er frábært fyrir þessar stelpur hversu vel gengur hjá A-landsliðinu og hjálplegt fyrir þær að sjá að stelpur eins og Sara Björk Gunnarsdóttir eru að taka stökkið upp og standa sig vel. Þannig að þær geta sett sér markmið og haft eitthvað að stefna á,“ sagði Krístrún að lokum.

- óþ



MARKHEPPIN Berglind Björg Þorvaldsdóttir er gríðarlega efnilegur leikmaður og skorar jafnan grimmt. Hún skoraði glæsilegt mark gegn Svíþjóð í gærðag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



LÆRIFEBUR Egill Már Markússon, Gylfi Þór Orrason og Pjetur Sigurðsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjórir ungir fótboldómáramar: Í læri hjá reynd- um dómurum

SPORTBLAÐIÐ Fjórir ungir og upprennandi dómáramar á Íslandi eru komnir undir handleiðslu einna reyndustu dómara sögunnar.

Þeir Gylfi Þór Orrason, Eyjólfur Ólafsson og Egill Már Markússon komust allir í fremstu röð dómara hér á landi en hafa lagt flautuna á hilluna. Þeir hafa hins vegar tekið að sér að hjálpa þessum ungu dómurum að bæta sig. Egill Már er í dómaraefnd KSI sem setti verkefnið á laggirnar og þeir Gylfi og Eyjólfur eru með tvo dómara hvor.

Þá er Pjetur Sigurðsson með tvo aðstoðardómara undir sínum væng. Markmiðið með verkefninu er að hlúa að ungu dómurum og hjálpa þeim að takast á við fyrstu verkefni. Miðað er við að hver dómari verði í eitt til tvö ár undir handleiðslunni.

Viðtal við þá félaga má finna í Sportblaðinu sem er í miðju Fréttablaðsins í dag. Þar eru einnig viðtöl við fljótasta húsvörð landsins og fjórar íþróttakonur sem hafa nýverið eignast barn en haldið áfram að keppa. Svo má finna hvaða sex stelpur eru vonarstjörnurnar í Landsbankadeild kvenna sem og viðtal við þjálfara spútnikliðs Stjörnunnar.

- óþ



FÖGNUMUR Heikki Kovalainen gat leyft sér að fagna dætt í gær og verður fyrstur á ráspól í dag.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Tímatökur á Silverstone:

Kovalainen óvænt fyrstur

FORMÚLA 1 Finnski ökupórinn Heikki Kovalainen hjá McLaren kom mörgum á óvart þegar hann náði besta tíma í tímatökum á Silverstone-brautinni í gær en þetta er í fyrsta skiptið sem Kovalainen nær ráspól.

„Það var frábært að ná loksins að verða fyrstur á ráspól. Við erum búnir að ná góðum hraða í vikunni og ég er sannfærður um að þetta eigi eftir að ganga vel hjá okkur í framhaldinu. Aðstæðurnar voru frekar erfiðar og keppnin verður löng og ströng og allt getur gerst,“ sagði Kovalainen vongóður.

Mark Webber hjá Red Bull kom næstur en stórlaxarnir Kimi Raikkonen hjá Ferrari og Lewis Hamilton hjá McLaren komu þar á eftir. Fróðlegt verður að fylgjast með þeim Felipe Massa hjá Ferrari og Robert Kubica hjá BMW, sem eru eftir í stigakeppninni, þegar í keppnina er komið en þeir voru ekki meðal fremstu manna í tímatökunni í gær og eru með rásnum ný og tíu.

- óþ

Dómgæsla er stöðugt lærdómsferli

Mike Riley er flestum knattspyrnuunnendum að góðu kunnur. Hann er að hefja sitt tólfta ár sem dómari í ensku úrvalsdeildinni og hann settist niður með blaðamanni Fréttablaðsins til að ræða um fótþolta og dómgæslu.

FÓTBOLTI Mike Riley hætti að æfa mark og byrjaði að dæma eftir að hafa fengið á sig átján mörk í einum leik. Hann sá að hæfileikar sínir sem leikmaður væru afar takmarkaðir. „Ég byrjaði að dæma af því ég gat einfaldlega ekkert í fótþolta,“ sagði Riley og benti á að það eigi við um marga dómara. Dómaraferill hans spannar 30 ár og dæmir hann nú í ensku úrvalsdeildinni.

„Ég meiddist reyndar þegar ég var fjórtán ára og í staðinn fyrir að gera ekkert fótt fór ég að horfa á liðið mitt. Einn daginn var ég svo settur á línuna og ég komst ekkert aftur í liðið eftir það. Ég fór því bara að dæma,“ sagði Riley um aðdraganda þess að hann gerðist dómari. „Ég elska fótþolta,“ sagði hinn 43 ára gamli Riley og dæsti.

Dómáramar á Englandi eru atvinnumenn í sínu fagi. Ekki er langt síðan Riley vann sem endurskoðandi meðfram dómarastráfinu. „Það er stutt síðan við urðum atvinnumenn og það er líklega mesta breytingin á mínum ferli sem dómari,“ sagði Riley sem hefur dæmt í ensku úrvalsdeildinni frá árinu 1996. „Það er frábært að geta helgað líf sitt dómarastráfinu.“

Undirbúningstímabilið er langt og strangt, líkt og hjá leikmönnum. Það er ekki skrytið þar sem kröfurnar eru gríðarlegar. „Við fáum stutt frí. Stuttu eftir tímabilið fengum við bréf þar sem okkur er sagt hvað er æskilegt að við leggjum áherslu á í sumar. Við förum eftir því og svo hittast dómáramar reglulega, bæði dómáramar í öllum deildum og svo bara úrvalsdeildadómáramarnir tuttugu.“

Þar erum við að fara yfir ýmis mál í pallborðsumræðum. Ég hélt til að mynda fyrirlestur um staðsetningar, annan um úthald, einn um samskipti við leikmenn og svo framvegis.“ Dómáramar hittast svo á tveggja vikna fresti í tvo daga í senn meðan á tímabilinu stendur til að skerpa á áhersluatriðum.

Riley segir að samkeppnin um dómarastráður sé ótrúlega mikil. Enska knatt-

ERFITT Dómarastráfið getur verið erfið, en Riley segir erfiðast að vita til þess að maður hafi gert mistök.
NORDIC PHOTOS/AFP



REYNDUR Mike Riley hefur dæmt í ensku úrvalsdeildinni frá árinu 1996. Hann hefur enn fremur dæmt á vegum FIFA frá 1999 og gjörþekkir leikinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

spyrnusambandið hefur um 30 þúsund dómara á sínum snærum og er raunar að leita að fimm þúsund til viðbótar. „Þetta er gríðarlegur fjöldi af leikjum sem þarf að dæma, það eru ekki margir sem komast á toppinn. Samkeppnin er af hinu góða, hún hefur aukist með hverju árinu,“ sagði Riley.

Að hans mati hefur fótþoltinn breyst nokkuð á undanförunum árum, þá sér í lagi hvað varðar tækni og yfirferð leikmanna. Því fylgja líka meiri kröfur á dómáramana en Riley æfir sjálfur tvisvar á dag. „Boltinn er orðinn hraðari, tölfræðin sýnir að það er 20 prósent meira um hröð hlaup en fyrir fimm árum. Það þýðir fleiri sprettir og meiri yfirferð. Leikmenn eru orðnir leiknari og við þurfum að bregðast við því með því að taka harðar á

tæklingum aftan frá,“ sagði Riley.

Mikil virðing er borin fyrir þjálfarastéttinni á Englandi þrátt fyrir að þeir fái eðlilega stundum að heyra það frá fjölmiðlum. „Ég hlusta aldrei á gagnrýni í fjölmiðlum, það þýðir ekkert. Við skoðum sjálfir hvern einasta leik sem við dæmum, það er mun betra en að lesa blöðin. Dómáramar eru sínir bestu gagnrýnendur sjálfir,“ sagði Riley sem hefur gaman af því að heyra stjórana kvarta.

„Það er gaman að tala við þjálfara og knattspyrnustjóra sem þurfa stundum að dæma sjálfir æfingaleiki og spyrja mig síðan, hvernig ferðu að þessu í fullu starfi? Ég held að við séum mikils metnir,“ sagði Riley og brosir.

Dómarastráfið getur verið erfið, en hvað er erfiðast? „Að vita þegar þú hefur gert mistök,“ segir Riley án þess að hika. „Mistökinn gerast alltaf en við erum allir í leiknum af því við elskum fótþolta og við viljum ekki gera neitt til að skemma hann,“ sagði Mike Riley úrvalsdeildardómari að lokum.

hjalti@frettabladid.is



EKKI VELA Riley hefur dæmt margan stórleikinn, hér gefur hann Eiði Smára Guðjohnsen gult spjald árið 2005.
NORDIC PHOTOS/AFP

Íslenska kvennalandsliðið hefur ekki tapað með Haukakonuna Söru Björk Gunnarsdóttur í byrjunarliðinu:

Sara eins og stormsveipur inn í landsliðið

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir hefur slegið í gegn með kvennalandsliðinu í fótþolta í ár. Þessi sautján ára stelpa úr Hafnarfirði, sem á enn eftir að leika sinn fyrsta leik í Landsbankadeild kvenna, hefur skorað 3 mörk í fyrstu 10 landsleikjum sínum og er búin að vinna sér fast sæti í liðinu sem hefur sett stefnuna á það að komast fyrst A-landsliða á stórmót.

Sara Björk kom inn á sem varmaður fimm mínútum fyrir leiklok í sínum fyrsta landsleik sem tapaðist óvænt í Slóveníu. Síðan hún fékk alvöru tækifæri hefur saga hennar í landsliðinu verið ein sigurganga. Hún kom inn á í hálfleik í stöðunni 0-0 gegn Póllandi í fyrsta leik í Algarve-bikarnum og átti mikinn þátt í því að kveikja í íslenska liðinu sem vann seinni hálfleikinn 2-0.

Sara Björk nýtti síðan vel fyrsta tækifærið í byrjunarliðinu og skoraði eitt markanna í 4-1 sigri á Írlandi. Sara hefur nú byrjað átta leiki í röð, enginn þeirra hefur tapast og íslenska liðið hefur unnið sex þeirra, þar af alla þrjá í undankeppninni.



583 MÍNÚTUR Það er ansi langur tími síðan íslenska kvennalandsliðið fékk á sig mark með Söru Björk inni á vellinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sara Björk hefur alls leikið í 656 mínútum í íslenska A-landsliðsbúningnum og þær mínútur hafa þær unnið 27-1. Sara Björk er algjör lykilmáður í hápressu íslenska liðsins og hún hefur gengið vel

síðan stelpa fékk tækifærið hjá Sigurði Ragnari þjálfara.

Í raun eru Sara Björk og landsliðið búin að ná ótrúlegri tölfræði því það eru núna komnar 583 mínútur síðan skorað var á liðið þegar

SARA BJÖRK OG A-LIÐIÐ:

| Landsleikirnir hennar Söru Björk: | |
|-----------------------------------|-----|
| Leikir | 10 |
| Sigar | 7 |
| Jafntefli | 2 |
| Tapleikir | 1 |
| Sara Björk í byrjunarliðinu: | |
| Leikir | 8 |
| Sigar | 6 |
| Jafntefli | 2 |
| Tapleikir | 0 |
| Sara Björk inn á vellinum | |
| Mínútur spilaðar | 656 |
| Mörk hjá Söru Björk | 3 |
| Mörk hjá Íslandi | 27 |
| Mörk fengin á sig hjá Íslandi | 1 |

Sara Björk var inni á vellinum. Eina markið sem íslenska kvennalandsliðið hefur fengið á sig í síðustu sjö leikjum kom þegar Sigurður Ragnar þjálfari var búinn að taka hana útaf. Það var í vináttulandsleik gegn Fínum í maí þegar Söru Björk var skipt útaf á 82. mínútu í stöðunni 1-0 fyrir Ísland en finnsku stelpunum tókst að tryggja sér jafntefli með marki í uppbótartíma.

- óþ

> Morgan Freeman

„Ég reyni að komast hjá því að sjá myndirnar sem ég geri. Mér finnst leiðinlegt að horfa á sjálfan mig leika enda hef ég alla tíð þurft að búa með sjálfum mér.“ Freeman leikur í myndinni Lucky Number Slevin sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á MESSUR

Stirðar messur fastir liðir á sunnudögum

Því var spáð að þessa sólarhelgi færu væntanlega um 60 þúsund bílar um helstu leiðir austur og norður úr höfuðborginni. Mælingin telur bæði umferð að og frá borginni og má því helminga strauminn. Teljum við þrjá í bíl að meðaltali eru undir hundrað þúsund, þriðjungur þjóðarinnar, úti að aka. Að minnsta kosti.

Ekki er ótrúlegt að kirkjunnar þjónn sem í morgun var með andakt á Rás 1 hafi bedið fyrir ferðalöngum á þessari fyrstu stóru ferðahelgi sumarsins. Framundan eru þrjár helgar. Andaktin á morgnana er fastur liður hjá Rás 1. Rétt eins og sunnudagsmessan sem skrufað verður frá kl. 11. Hún er sjaldnast í beinni og dreifist um landið eftir einhverju kerfi sem þeir hjá þjóðkirkjunni skipuleggja. Eins og flestar athafnir þjóðkirkjunnar lútersku er hún



stirðleg í forminu og ekki vænleg til hlustunar, kórar misjafnir og sjaldnast hafa prestarnir nokkuð bitastætt fram að færa. Sætir undrun að þjóðkirkja skuli ekki fyrir löngu hafa misst þennan póst úr dagskránni fyrst svona er staðið að framleiðslunni. Vitaskuld ættu kirkjunnar menn að geta sett saman snotra þjónustu sem sérsníðin væri fyrir hljóðvarp. En íhaldssemi er kirkjunnar mönnum í blóð borin.

Ætli margir á ferð um landið smelli á messuna kl. 11 í dag? Vera má að einhverjir heitir trúmenn telji það skyldu sína að hlusta á þá guðsþjónustu sem þar verður í boði, en standa kirkjunnar þeim ekki opnar? Hverjir eru þá eftir til að hlusta? Gamlalmenni, bólfastir. Trúað gæti ég að þeirra þorsta væri betur svalað með því að glugga í helga bók - svona til tilbreytingar.

EKKI MISSA AF



▶ **19.45 Keflavík-FH beint**
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious**
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 Julie** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25 Monk** STÖÐ 2



▶ **21.30 The House Next Door**
SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstunden okkar Í nætur-garði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Nýi skólinn keisarans, og Sigildar teiknimyndir.

09.37 Finnir kostur (2:12)

09.59 Fræknir ferðalangar

10.23 Pabbi lögga (1:3)(e)

10.55 Landsmót hestamanna (5:7)(e)

11.05 Hlé

15.35 Jane Eyre Lokabáttur endursýndur.

16.30 Karþagó (Carthage)(1:2) (e)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Stúlka með trompet (e)

17.45 Skoppa og Skríttla út um hvippinn og hvappinn (4:12) (e)

18.00 Stundin okkar

18.30 Á flakki um Norðurlönd (1:8) (e)

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Út og suður Gísli Einarsson spjallar við Herbert Ólafsson, öðru nafni Kóka, í Hrafnsholti í Neðra Saxlandi í Þýskalandi.

▶ **20.10 Julie** (Julie) (1:2) Þýsk/frönsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Julie de Maupin er ungri bjargað frá því að verða fórn að við svarta messu. Er hún vex úr grasi verður hún forvitni um fortíð sína.

21.50 Landsmót hestamanna Samantektarþáttur frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflosum við Hellu.

22.05 Leyfið börnunum... (Lad de små børn) Dönsk verðlaunamynd frá 2004 um tilfinningarót ungra hjóna eftir að dóttir þeirra deyr.

23.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

08.00 Steel Magnolias

10.00 The Holiday

12.15 The Pink Panther

14.00 Snow Wonder

16.00 Steel Magnolias

18.00 The Holiday

20.15 The Pink Panther

22.00 Lucky Number Slevin Hörkuspennandi grínspennamynd með stórleikurunum Josh Harnett, Bruce Willis og Lucy Liu og Morgan Freeman.

00.00 Movern Callar

02.00 From Dusk Till Dawn 3

04.00 Lucky Number Slevin

06.00 The Perez Family

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Þorlákur.

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar klukk-an átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

09.30 Kalli og Lóa

09.40 Tommi og Jenni

10.05 Kalli litli kanína og vinir

10.25 Draugasögur Scooby-Doo (12:13)

10.50 Justice League Unlimited

11.15 Ginger segir frá

11.35 Bratz

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 America's Got Talent (10:12)

15.20 Primeval (5:6)

16.10 Monk (3:16)

16.55 60 minutes

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Veður

19.10 Derren Brown: Hugabrellur

19.35 Life Begins (2:6) Þriðja þáttaröðin um Mee-hjónin sem hafa tekið saman aftur og virðist sem allt sé fallið í ljúfa löð. Maggie er þó ekki sama kona og hún var og margt hefur breyst.

▶ **20.25 Monk** (12:16) Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn á sérkennilegum sakamálum sem flest hver eru æði kómisk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

21.10 Killer Wave Spennamynd í tveimur hlutum.

22.35 Wire (3:13) Fjórða syran í myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum þar sem eiturfyrferu mikið vandamál og glæpaliður vaða uppí.

23.35 Cashmere Mafia (3:7)

00.20 Bones (14:15)

01.05 The United States of Leland

02.50 Melinda and Melinda

04.25 Monk (12:16)

05.10 Derren Brown: Hugabrellur

05.35 Fréttir

SPORT

besta sætið

10.30 Gillette World Sport

11.00 Formula 3 Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum í Snetterton en þar eignum við Íslendingar tvo fulltrúa.

11.30 Formúla 1 2008 - Bretland Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum. Sem fram fer á Silverstone brautinni í Bretlandi.

14.15 Sumarmótin 2008 Fjallað verður um Shelli mótið í Vestmannaeyjum.

15.00 Kraftasport 2008 Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands.

15.35 Tiger in the Park Tiger Woods leyfir áhorfendum að fylgjast með sér við æfingar.

16.25 Inside the PGA

16.55 Formúla 1 2008 - Bretland

18.45 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrífir í umferðinni skoðuð.

▶ **19.45 Landsbankadeildin 2008** Keflavík - FH Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

22.00 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarrinnar og gestir í myndverri ræða málin.

01.00 Landsbankadeildin 2008 Keflavík - FH.

SPORT 2

17.25 PL Classic Matches Liverpool - Man. United, 93/94. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

17.55 Bestu leikirnir Birmingham - Wigan

19.35 PL Classic Matches Man City - Man United, 03/04. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

20.05 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar upp og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

20.35 Football Rivalries Þættir þar sem ríður helstu stórvelda Evrópu er skoðuð úr innan vallar sem utan. Í þessum þætti verður fjallað um ríð Arsenal og Tottenham ásamt því að kikt verður til Króatíu og Zagreb skoðuð.

21.30 10 Bestu - Ríkharður Jónsson Sjötti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspymumenn Íslands sögunnar.

22.20 Bestu leikirnir Everton - Fulham

SKJÁREINN

10.25 Vörutorg

11.25 MotoGP - Hápunktar Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

12.25 Dr. Phil (e)

16.10 The Biggest Loser (e)

17.00 The Real Housewives of Orange County (e)

17.50 Age of Love (e)

18.40 How to Look Good Naked (e)

19.10 The IT Crowd Bresk gamanseria um tölvunörða sem eru best geymdir í kjallaranum. (e)

19.40 Top Gear - Best of Vinsælasti bílabáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum okutækjum, skemmtilega dagskrárlíði og áhugaverðar umfjallanir.

20.40 Are You Smarter than a 5th Grader? Bráðskemmtilegur spurningabáttur fyrir alla fjölskylduna. Þetta er fyrirmyndin að íslensku þáttinum Ertu skarpri en skólakrakki? sem SkjáEinn sýndi sl. vetur. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólábarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum.

▶ **21.30 The House Next Door** Spennandi mynd frá 2006 með Lara Flynn Boyle, Colin Ferguson (Eureka) og Mark-Paul Gosselaar í aðalhlutverkum. Ung hjón búa í fríðsælu hverfi og eru himinlifandi þegar ungur arkitekt byggir nýtt og glæsilegt hús við hliðina á þeim. Þau fara þó fljótt að efast um að allt sé með felldu þegar undarlegir hlutir fara að gerast. Sagan er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Anne Rivers Siddons.

23.00 Anna's Dream Dramatísk sjónvarpsmynd frá árinu 2002 um unga fimleikastúlku sem lamast eftir slys og þarf að læra á lífið upp á nýtt. Aðalhlutverkin leika Lindsay Felton, Richard Thomas og Connie Selleca.

00.30 Secret Diary of a Call Girl (e)

01.00 Vörutorg

02.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á kfst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

18.45 Gönguleiðir Fyrsti þáttur í 12 þáttu seríu „Lönsórafri“ Endurtekið á kfst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

FASTEIGNABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

– mest lesna fasteignablað landsins
Fasteignablað Fréttablaðsins er með 70% meiri lestur en Fasteignablað Morgunblaðsins.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

26,3%

Fasteignablað Morgunbl.

Fasteignablað Fréttablaðsins

44,7%

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.10

Killer Wave - fyrri hluti

Spennumynd í tveimur hlutum sem fjallar um rísaöldu sem skellur yfir austurströnd Bandaríkjanna. Í fyrstu er talið að um sé að ræða sambærilegar náttúruhamfarir og skóku Austur-Asíu árið 2004 en við frekari grennslan kemur í ljós að hugsanlega séu þær af mannavöldum. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur annað kvöld.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Út og suður

Sjónvarpið kl. 19.40

Gísli Einarsson heimsækir Herbert Ólafsson í Hrafnsholti í Neðra-Saxlandi í Þýskalandi. Hann hefur búið þar síðustu tuttugu árin, þar sem hann rekur hestabúgarð og framleiðir reyjti í stórum stíl. Í þættinum ræðir hann m.a. um hestamennsku, tískubransann og hvernig það er fyrir þroskaðan mann að eiga unga og fallega konu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

| | |
|--------------------------------------|--|
| 06.30 Árla dags | 16.08 Veðurfregni |
| 06.40 Veðurfregni | 16.10 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva |
| 07.05 Morgunandakt | 18.00 Kvöldfréttir |
| 08.00 Morgunfréttir | 18.26 Saga til næsta bæjar |
| 08.05 Tónlistargrúsk | 18.52 Dánarfregni og auglýsingar |
| 09.03 Framtíð lýðræðis | 19.00 Óskastundin |
| 10.05 Veðurfregni | 19.40 Af minnisstæðu fólki |
| 10.15 Þættir úr sögu tvífarans | 20.00 Leynifélagið |
| 11.00 Guðspjónusta í Húsavíkirkirkju | 20.25 Tónleikur |
| 12.00 Hádegisútvarp | 21.10 Undur Andesfjalla |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.07 Veðurfregni |
| 12.45 Veðurfregni | 22.12 Orð kvöldsins |
| 13.00 Listin og landafræðin | 22.15 Umhverfis jörðina |
| 14.00 Loftbelgur | 23.10 Andrármur |
| 14.30 Lostafulli listræninginn | 00.07 Næturtonar |
| 15.00 Flækningur | |
| 16.00 Síðdegisfréttir | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.00 Hollyoaks

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

18.00 Seinfeld (17:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

18.30 Seinfeld (18:22)

19.00 Seinfeld (17:22)

19.30 Seinfeld (18:22)

▶ 20.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious (5:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls. Hún á að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsgöngu gullfallegum stúlkum. Fimmtán stúlkur keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss og án efa verður mikið um harða keppni, slúður og primadonnustæla.

20.45 American Dad (16:19) Teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.

21.10 Twenty Four 3 (6:24)

21.55 Entourage (13:20)

22.20 Seinfeld (17:22)

22.45 Seinfeld (18:22)

23.10 Seinfeld (17:22)

23.35 Seinfeld (18:22)

00.00 Sjáðu

00.25 Tónlistarmyndbönd frá Skifan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link

11.00 Ballykissangel

12.00 Ballykissangel

13.00 Animal Hospital - The Big Story

13.30 Animal Hospital - The Big Story

14.00 Animal Hospital - The Big Story

14.30 Animal Hospital - The Big Story

15.00 Wild Indonesia

16.00 Wild Indonesia

17.00 Wild Indonesia

18.00 Smart Sharks - Swimming With Roboshark

19.00 Dive To Shark Volcano

20.00 White Shark Red Triangle

21.00 Wild Indonesia

22.00 Wild Indonesia

23.00 Wild Indonesia

0.00 Smart Sharks - Swimming With Roboshark

DR 1

8.00 Naruto 8.20 That's So Raven 8.45 Hestepigen

9.00 Hammerslag 9.30 Hestebræðrene 10.00

Historier fra Danmark 10.10 Boxen 10.25 Fra

Regnomenes Liv 11.55 Det lille hus på prærien

12.40 Karate Kid 14.45 Landsbyhospitalet 15.30

Bamses Billedbog 16.00 Et dejligt hundeliv 16.30

TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Kl øvedal i

Kina 18.00 Rejseholdet 19.00 TV Avisen 19.15

Aftentour 2008 19.40 Beck - Drengen i glaskuglen

21.10 Den sidste dans 22.45 Jagten på en

morder

NRK1

8.00 H2O 8.25 Dyreklinikken 8.55 Vitenskap

jokeboks 10.05 Ekstremvær juiceboks 11.05 Maria

Callas - den siste operadiva 12.45 Wimbledon

direkte 16.00 Lillefot og vennene hans 16.25 Herr

Hikke 16.30 Tett på dyrene 17.00 Dagsrevyen

17.30 Sportsrevyen 17.50 Med lisens til å sende:

Barnas øyeblikk 18.20 Millionær i forkledning

19.10 Kavanagh 20.25 Lydverket presenterer:

Bruce Springsteen 21.00 Kveldsnytt 21.20 Autofil

21.50 Tilbake til Tibet 22.40 Uka med Jon Stewart

23.05 Norsk på norsk juiceboks

1 SVT 1

9.15 Sommartorpet 9.45 I trädgården med

Camilla Plum 12.05 Talarna i 24 Direkt 13.00

Hollywoodredaktionen 13.25 Crazy love 15.00

Anaconda 15.30 VeteranTV 16.00 Anki og

Pytte 16.30 Sagoberättaren 17.00 Hundkoll

17.50 Rapport 18.00 Häll tyst, världen! 18.30

Sportspejeln 19.00 Baronessan 19.25 Jolkjanta

19.30 Mia och Klara 20.00 Muslim i Europa 20.30

En svensk berättelse 21.00 Rapport 21.10 I sinnets

våld 22.10 På luffen i Norden

Væntanlegt

BYGGT Á EINUM VINSÆLASTA SÖNGLEIK ALLRA TÍMA

MERYL STREEP PIERCE BROSNAN

COLIN FIRTH STELLAN SKARSGÄRD JULIE WALTERS DOMINIC COOPER AMANDA SEYFRIED CHRISTINE BARANSKI

MAMMA MIA!
THE MOVIE

Landsbankinn

FRUMSÝND 9. JÚLÍ

A

LAUGARÁS BIÓ

SMÁRA BIÓ

HÁSKÓLA BIÓ

ALFARAKKI

SAMNÍON

BORGAR BIÓ

REKLAVÍK SELFÖSS

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Ég er náttúrulega rosalega stolt af þeim. Ég hef alltaf verið á hlíðarlínunni að fylgjast með þeim og gleðst mjög yfir því hvað gengur vel.“

Harpa S. Höskuldsdóttir um börnin sín Lilju Kristínu, Ragnar og Hall Jónsbörn úr hljómsveitinni Bloodgroup. Sveitin vakti athygli fyrir tónleika sína á Hróarskeldu í vikunni.

HIN HLIÐIN GUÐMUNDUR INGI PORVALDSSON LEIKARI

Horfir aldrei á sjónvarp

Hvað er að fréttu? Nú er ég búinn að vera á Landsmóti hestamanna að skemmta, annars er Atómstöðin að gefa út plötuna sína Exile Republic. Svo er ég að leggja lokahönd á útgáfu barnaplötunnar Sagan af Eyfa, bönnuð börnum og var að klára að leikstýra Dauða trúðsins í útvarpsleikhúsinu.

Augnlitur: Blágrár

Starf: Leikari, leikstjóri og tónlistarmaður.

Fjölskylduhagir: Barnlaus og á föstu með Heiðu Aðalsteindóttur

Hvaðan ertu? Úr Reykholtssdal í Borgarfirði.

Ertu hjátrúarfullur? Nei, ég er búinn að venja mig af því, en er trúður á minn hátt.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég horfi aldrei á sjónvarp og þá meina ég aldrei, það er helst að ég horfi á stóra fótboltaleiki.

Uppáhaldsmatur: Núna langar mig mest í hakkbollunna hennar mómmu.

Fallegasti staðurinn: Rjómbúíð í Geirsá í Borgarfirði.

iPod eða geislaspillari: iPod.

Hvað er skemmtilegast? Hestaferðir og að vinna í mínum eigin hugverkum.

Hvað er leiðinlegast? Bókhald og leiðinlegt fólk.

Helsti veikleiki: Fíkn.

Helsti kostur: Dugnaður.

Helsta afrek: Að hafa lífað af hingað til.

Mestu vonbrigðin: Þau eru ekki prenthæf.

Hver er draumurinn? Að vera alltaf hamingjusamur í núinu, alla ævi.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Afi Guðmundur.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Vanræksla á börnum, meðvirki og ríkt fólk sem lætur bera á auðæfum sínum.

Hvað er mikilvægast? Að vera hamingjusamur í núinu alla ævi og gera bara það sem er skemmtilegt.



Í FRÍ Á ÍSLANDI Fríðrik Weissshappel mætir með fjölskylduna til Íslands í næstu viku, unnustuna Tinu og dótturina Irmu. Tengdaforeldrar hafa sömu-leiðis ákveðið að slást með í för.

Býður tengdó til Íslands

„Þetta verður alveg yndislegt. Það er alltaf svo gott að komast heim og vera úti í náttúrunni,“ segir Fríðrik Weissshappel, athafnamaður í Kaupmannahöfn. Fríðrik rekur sem kunnugt er tvö kaffihús í nafni Laundromat Café í Kaupmannahöfn þar sem hann býr. Hann fær langþráð sumarfrí í næstu viku og ver því að sjálfsgöðu á Íslandi. „Við fljúgum beint til Akureyrar og hittum þessa minn. Við verðum hér í ellefu daga og ætlum að njóta náttúrunnar,“ segir Fríðrik.

Með í för verður unnusta Fríðriks, hin danska Tine Holmboe, en þau trúlofuðu sig fyrir skemmstu, og dóttirin Irma sem fæddist í janúar. Auk þess bauð Fríðrik tengdaforeldrum sínum að slást með í för.


Fríðrik hyggst nota ferðina til að bjóða nánustu ættingjum sínum á Íslandi í skírn dóttur sinnar. Dóttirin var skírd í Danmörku en Fríðrik hyggst endurtaka leikinn hér á landi. Og tímasetning skírnarinnar hefur líka sérstaka merkingu fyrir Fríðrik: „Hún verður daginn eftir að afi minn hefði orðið hundrað ára gamall.“

- hdm



KYRRÐAR-STUND FYRIR SVEFNINN Páll, dóttir hans Matthildur María og Haukur skógarpröstur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



KVÖLDMATUR Einhæft mataræði, en virkar.

PÁLL EINARSSON: SKÓGARPRÖSTURINN HAUKUR VINSÆLL HJÁ KRÖKKUNUM

Kelinn gælupröstur í Hlíðunum

Í Hlíðunum tók fjölskylda Páls Einarssonar, heimavinnandi uppfinningamanns og hönnuðar, skógarprastarunga í föstur fyrir rúmlega viku. „Konan og dóttirin fundu hann úti á bílastæði. Hann var lítill og umkomulaus og það heyrðist ekki múkk í honum,“ segir Páll sem dreif ungan inn í hús. „Nú er hann feitur og sískrækjandi. Ég fór á netið til að gá hvað svona ungar eiga að éta mikið, en fann ekki neitt. Við höfum bara giskað okkur fram úr þessu.“

Páll og börnin hafa haft mikla ánægju af unganum. „Ég tóni ánamaðka og skordýr og gef honum með flísatöng. Þegar ég hafði matað hann fyrsta daginn á möðukum voru einmitt núðlur í kvöldmat. Ég get nú ekki sagt að ég hafi borðað þær með áfergjum. Hann er líka hrifinn af Cheerios og vínberjum. Hann er ófleygur svo ég fer með hann út í garð í flugæfingar einu sinni á dag. Þetta er allt að koma hjá honum.“

Páll segir skógarpröstin mun skemmtilegra gæludýr en ýmsar tegundir nagdýra sem fyrir voru á heimilinu. „Ég efast samt um að skógarprestir verði vinsæl gæludýr. Það væri ómannúðlegt að hafa hann í búri og hann skítur mikið og út um allt. Konan er orðin dálítið þreytt á þessu. En hann er gæfur og kelinn, stingur hausnum undir hökuna á manni og sofnar ef maður leggur lófann yfir hann. Krakkarnir eru voða ánægðir með hann.“

Skógarprösturinn hefur gengið undir ýmsum nöfnum síðan hann kom í mannheima. „Hann var kallaður Kasper fyrst en svo bara Pröstur. Núna, þegar hann er orðinn meira töff, er hann kallaður Haukur. Pröstur er



HAUKUR LÆRIR AÐ FLJÚGA Einbeitingin skín úr svip flugkennarans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

náttúrulega bara hugarástand.“

En hvernig blasir framtíðin við Hauki skógarpresti í Hlíðunum? „Honum verður sleppt þegar hann er orðinn fleygur og ég sé að hann getur fundið sér fæðu sjálfur,“ segir fóstari hans og bætir við: „Elsti skógarpröstur

sem vitað er um varð víst tólf ára svo Haukur á lífið fyrir sér. Hann á eflaust eftir að fara margar ferðir til Skotlands og aftur til baka. Vonandi kemur hann aftur í garðinn til okkar. Ég mun allavega horfa öðruvísi á skógarpresti héðan í frá.“

gunnarh@frettabladid.is

OPNUNARTILBOÐ



Skeljar
199,000,-

Eigum
gríðalegt úrval af
rafmagnspottum!



Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík
Heitirpottar.is • sími 554 7755

Upptökur á ættarsetri Steingrímss

„Við höfum gert dálítið af því að fara þangað í gegnum tíðina,“ segir Guðmundur Steingrímsson, hljómborðsleikari Ske. Hann fór ásamt meðlimum Ske á ættarsetur fjölskyldu sinnar að Kletti í Borgarfirði þar sem upptökur fóru fram á nýrri plötu Ske. Afi Guðmundar, Hermann Jónasson heitinn, byggði sumarhúsið að Kletti í kringum 1950. „Við tókum alltaf nokkurra daga tarnir þar sem við förum út í náttúruna og búum til tónlist. Nú vorum við að taka upp.“

Guðmundur segir umhverfið á Kletti gott

til sköpunar. Það er þó ekki einungis kyrrðin og náttúran að Kletti sem spilar inn í upptökufarli Ske. Hefð hefur skapast fyrir því að hljómsveitarmeðlimir fái sér „seventís“ máltíð. „Það er lambahryggur með brúnni sósu, brúnaðar kartöflur, ora-grænmeti og rauðkál,“ segir Guðmundur en í forrétt er rækjukokkeill. „Með kokkteilsósu sem við búum auðvitað til sjálfir. Enda mikil sköpun í því að búa til góða kokkteilsósu. Tommi á Búllunni líkti einhvern tímann sinni sósu við sin-

STEINGRÍMUR HERMANNSSON Faðir hans, Hermann Jónasson, byggði sumarhúsið að Kletti í kringum 1950.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJUTR

fónú. Okkar er aðeins einfaldari enda við með einfaldari lagasmíðar,“ segir Guðmundur. Áætlað er að platan verði tilbúin í haust og geta þeir Ske-menn því tekið þátt í jólaplötuflóðinu.

- shs

GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON Fór með Ske á ættarsetrið til að taka upp næstu plötu.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA

MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Íslensk tónlist - erlend tónlist

TÓNLIST

klassík - jazz - DVD tónlist

VERD FRÁ
KR. 99

Takmarkað
magn



Púsundir
títla í boði

TÖLVULEIKIR

DVD MYNDIR

Leikir á allar leikjarvélur
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

VERD FRÁ
KR. 999



VERD FRÁ
KR. 999



Nóg af
bílástæðum

OPHD 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



BAKPANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Álvitar

Íslendingar skipa sér ekki í flokka eða fylkingar eftir afstöðu sinni til einstakra mála, eins og tíðkast hjá siðuðum þjóðum, heldur skipa þeir sér í skotgrafir í eitt skipti fyrir öll og taka þaðan afstöðu til alls mögulegs og ómögulegs. Og vei þeim sem er með manni í skotgröf en rýfur samstöðuna með því að hafa sjálfstæða skoðun á einhverju. Nú verða menn til dæmis annaðhvort að vera með áli og á móti túristum eða öfugt. Þriðji kosturinn er ekki í boði. Að vera á móti báðu kemur ekki til greina og að vera hlynntur skynsamlegri blöndu af hvoru tveggja er aðeins til þess fallið að hlegið sé að manni.

UM DAGINN var frétt í sjónvarpi þar sem tekjur af áli voru bornar saman við tekjur af túristum og var sá samanburður túristunum vægast sagt í óhag. Gott ef ekki þurfti einn og hálfan túrista til að dekkja eitt tonn af áli. Síðan var því bætt við, rétt eins og um væri að ræða stærðfræði sem ekki væri á valdi sex ára barna, að samkvæmt útreikningum fréttastofunnar þyrfti fjöldi túrista að margfaldast til að halda í horfinu ef tekjur okkar af áli margfölduðust. Fréttin var að á áli væri miklu meira að græða en túrisma.

AF EINHVERJUM ástæðum var álið ekki borið saman við sjávarafurðir, svona til að benda á að sjómenn ættu nú bara að leggja döllunum, loka loðnubræðslunni og skella sér í álbræðsluna. Ekki var heldur minnst á það hve margar lopapeysur þyrfti að selja útlendingum til að vege upp á móti álinu, til að íslenskar þrjónakerlingar sæju nú villu síns vegar, legðu þrjónana á hilluna og sæktu um hjá Alcoa. Nei, túrisminn einn var algjör óþarfi í efnahagslífinu.

Í LOK fréttarinnar var reyndar tekið fram að ekki væri miðað við eyðslu túrista hér á Íslandi. Það var m.o.ö. miðað við að hver einasti túristi kæmi með allan sinn mat með sér, færi allra sinna ferða fótgangandi og svæfi á víðavangi allar nætur. Hins vegar var ekki tekið fram hvort hvort álgróðinn sem rennur í vasa erlendra auðhringa væri inni í tölum fréttastofunnar eða hvort þær tækju aðeins til tekna þjóðarinnar af áli.

EKKI kom fram hvað átti að vera frétt næmt við þetta. Það sem vakti athygli mína var hins vegar að Íslendingum skyldi vera boðið upp á þvætting sem þennan undir yfirvarpi fréttamennsku.


GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 6. júlí, 189. dagur ársins.

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|-------------|--------|----------|
| Reykjavík | 3.17 | 13.32 |
| Akureyri | 2.20 | 13.17 |

Heimild: Almanak Háskólans



BÖRN FÁ
50%
AFSLÁTT*

Útíhátíð í Evrópu!

Eitthvað fyrir alla fjölskylduna!

London
Chessington
Royal Air Force Museum
British Museum
The London Eye

Kaupmannahöfn
Tívolí
Dyrehavsbakken

Billund
Legoland
Løveparken

Gautaborg
Liseberg

Stokkhólmur
Skansen

París
Disneyland Park

Basel
Dýragarðurinn

Friedrichshafen
Ravensburger Spielaland

Berlín
Dýragarðurinn

Alicante
Terra Mitica

Barcelona
Sólarstrendur
PortAventura

Frankfurt Hahn
Wild- und Freizeitpark Klotten
Phantasialand

Varsjá
Ostrogski-höllin
Fantasy-garðurinn

Eindhoven
De Efteling-skemmtigarðurinn
Dierenrijk-dýragarðurinn

Vertu með þeim sem þér þykir vænt um

Hvernig væri að fara með alla fjölskylduna í draumaferð til Evrópu í kringum verslunarmannahelgina? Iceland Express býður flug til 14 fjölskylduvænna áfangastaða vítt og breitt um Evrópu.

Bókaðu flugsæti á betra verði á www.icelandexpress.is!

» Verslunarmannahelgin í London með Express ferðum

Söfn, tónleikar, leikhús, sýningar og skoðunarferðir fyrir alla fjölskylduna. 31. júlí-4. ágúst

Verð á mann í tvíbýli

65.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100.

*Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af flugverði hjá Iceland Express fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express 
með ánægju

www.icelandexpress.is